ALLT ATVINNA
Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum
atvinna
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

ÓMAR RAGNARSSON
Myndar lónið við Kárahnjúka
Fylgist með frá upphafi til enda
FÓLK 38

16 blaðsíðna RE/MAX blað
Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum
RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
9. júlí 2006 — 182. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

Náttúruvernd og orkuverð

„Það er tómt mál að tala um að við getum búið í þessu landi án þess að nýta gæði náttúrunnar," segir Illugi Gunnarsson í Fréttablaðinu í dag.

Í DAG 12

Rakel Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Safnaráðs

Íslenski safnadagurinn er í dag og fræðslusetur og söfn víða um land opna dyr sínar upp á gátt. Fólk er hvatt til að kynna sér líflega dagskrá.

MENNING 27

Allt um úrslitaleikinn



Ítalía og Frakkland mætast í úrslitum HM í kvöld. Búist er við gríðarlega jöfnum og spennandi leik og munu augu flestra beinast að fyrirliða Frakka, Zinedine Zidane.

ÍÞRÓTTIR 32

Dansað og sungið yfir sætum sigrum

Í Frakklandi og á Ítalíu voru stignir trylltir dansar yfir sætum sigrum á HM. Íslenskar stúlkur fengu stemninguna beint í æð.

FÓLK 26

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT BJART SYÐRA- Í dag verður yfirleitt bjart veður um sunnanvert landið, skúrir norðaustan til, annars úrkomulítið og skýjað með köflum. Hiti 6-16 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðurlandi.

VEÐUR 4



Ástæðulaust að bíða með upptöku evru

Ráðgjafi um evrumál segir að evruaðild hér á landi myndi hjálpa til við að koma á stöðugleika og auka samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs. Ekki sé ástæða til að bíða með upptöku evrunnar á Íslandi af ótta við minni hagvöxt.

EFNAHAGSMÁL „Eftir því sem ég fæ best séð myndi evruaðild hjálpa til við að koma á stöðugleika á Íslandi, til lengri tíma litið myndi hún jafnframt auka samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og hjálpa til við að saxa á viðskiptahallann," segir Daniel Gros, forstöðumaður Evrópurannsókna- og ráðgjafarstofnunarinnar CEPS í Brussel.

„Að taka upp evruna myndi ekki leysa öll vandamál íslensks efnahagslífs, en það myndi að minnsta kosti skera á tengslin milli vandamála í bankakerfinu og gengis gjaldmiðilsins. Með því að nota gjaldmiðil stórs myntsvæðis, eins og evruna, einangrar það efnahagslífið frá sveiflum á fjármálamarkaðnum; með því að vera laus við gengi er ekki hægt að stunda spákaupmennsku með það."

Gros er sérfróður um Efnahags- og myntbandalag Evrópu og hefur meðal annars verið ríkisstjórnum í Mið- og Austur-Evrópu til ráðgjafar um evrumál. Hann var einnig ráðgjafi stjórnvalda í Svartfjallalandi er þau tóku evruna í notkun árið 2002.

DANIEL GROS, FORSTÖÐUMAÐUR CEPS Í BRUSSEL.

Hann segir enga ástæðu til að bíða með upptöku evrunnar á Íslandi. Jafnvel þótt snemmbúin aðild ríkja að evrusamstarfinu myndi þýða minni hagvöxt en ella fyrstu eitt til tvö árin, þá hafi ríkin „næstu tuttugu ár þar sem þau hagnast af því að hafa stöðugleikann, lága vexti evrusvæðisins og aðgang að fjármálamörkuðum ESB, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir lítil hagkerfi".

Gros segir að fyrir minni lönd, sem eru mjög háð utanríkisviðskiptum, gildi: „Hvers vegna ekki að hafa sama gjaldmiðil og aðal viðskiptalöndin og spara sér gengiskostnað og óþægindin af sveiflukenndum gjaldmiðli?"

- aa/sjá síðu 10

FRANSKA LANDSLIÐIÐ Á ÆFINGU Varnarmaðurinn Pascal Chimbonda sést hér faðma félaga sinn Zinedine Zidane á æfingu. Búist er við að um einn milljarður manna horfi á úrslitaleik Frakka og Ítala á HM í knattspyrnu sem fram fer í kvöld klukkan sex að íslenskum tíma. Þetta verður í síðasta sinn sem snillingurinn Zidane klæðist landsliðsbúningnum í leik, en hann ætlar að hætta knattspyrnuiðkun eftir þessa keppni. Lesa má um samskipti Ítala og Frakka í sögulegu samhengi á blaðsíðu 22. NORDICPHOTOS/AFP

Gæludýraeigendur eiga erfitt með að koma dýrum sínum fyrir á sumrin:

Svæfa dýrin vegna sumarfrís

GÆLUDÝR Nokkuð er um að eigendur gæludýra láti svæfa þau á sumrin, en oft getur verið erfitt að koma þeim fyrir þegar farið er í sumarfrí. Langmest er svæft af kettlingum, enda Kattholt oftar en ekki fullt og fátt um aðrar lausnir fyrir þá sem þurfa að koma ketti í tímabundna dvöl. Hundahótel eru fleiri og sjaldgæfara að hundar séu svæfðir þegar ekki er hægt að koma þeim fyrir.

„Það er nokkuð um að fólk geri þetta," segir Katrín Harðardóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal. „Við svæfum miklu fleiri kettlinga á sumrin. Það fær sér enginn kettlinga á sumrin af því allir eru að fara í sumarfrí, þannig að við lendum í því að svæfa kettlinga á sumrin sem gerist nánast aldrei allan ársins hring þar fyrir utan."

KÖTTUR Á HÓTELI Fá úrræði eru fyrir þá sem þurfa að koma ketti í pössun.

Hún segir fólk oft nota tækifærið til að kveðja gömul og veik dýr yfir sumarið þegar hægt er að jarða þau. „Þessi tilhneiging til að svæfa gæludýrin af því fólk er að fara í frí hefur minnkað milli ára, þetta var mjög mikið þegar ég byrjaði fyrir fimmtán árum," segir Katrín.

- sþs

Sögufræg gata í Liverpool:

Heitir áfram Penny Lane

LIVERPOOL, AP Miklar deilur um götunöfn eru sprotnar upp í Liverpool á Norður-Englandi. Ástæða deilnanna er sú að margar af helstu götum borgarinnar eru nefndar eftir frægum þrælahöldurum og þar á meðal gatan Penny Lane sem Bítlarnir gerðu ódauðlega í samnefndu lagi.

Penny Lane er nefnd eftir James Penny sem var eigandi gríðarstórs þrælaskips á 18. öld. Á þeim tíma var hafnarborgin mikilvægur hlekkur í þrælaverslun á milli Afríku og Ameríku.

Borgarfulltrúinn Barbara Mace segir þó að ekki komi til greina að endurskíra Penny Lane. - vör

Innflytjendur í Bandaríkjunum:

Clinton segist stoltur af Bush

LOS ANGELES, AP Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, sagðist í gær vera stoltur af arftaka sínum í embættinu, George W. Bush, vegna þess hvaða afstöðu hann hefur í málefnum innflytjenda í Bandaríkjunum.

BILL CLINTON

Bush hefur eindregið stutt lagabreytingar sem gera eiga ólöglegum innflytjendum kleift að öðlast ríkisborgararétt í Bandaríkjunum.

„Ég er stoltur af honum fyrir þetta og ég hef þakkað honum fyrir það," sagði Clinton á ráðstefnu sem samtök sem berjast fyrir réttindum innflytjenda efndu til í Los Angeles í gær. - gb

Danskir bloggarar varaðir við:

Bloggarar eftirlæti ræningja

DANMÖRK Danska lögreglan telur að innbrotsþjófar nýti sér í auknum mæli bloggsíður við skipulagningu innbrota. Enda innihaldi sumar síður greinargóðar upplýsingar um ferðatilhögun bloggara í fríinu ásamt upplýsingum um persónulega hagi. Það sé því hægðarleikur fyrir þjófana að finna heimili fólks og geti þeir óhræddir brotist þar inn.

Í frétt Politiken í gær hvetur talsmaður lögreglunnar fólk til að hafa síðurnar nafnlausar þannig að þjófarnir eigi erfiðara með að finna heimilisfang þess. - ks

SPURNING DAGSINS

Ólafur, er írafár á Akranesi?

„Nei, ég held að það sé ekkert meira en vanalega.“

Ólæti, ofbeldi og ölvun settu svip sinn á Írska daga á Akranesi í fyrrinótt. Ólafur Þór Hauksson er sýslumaður á Akranesi.

Lögreglan á Akranesi hefur þurft að hafa mikinn viðbúnað vegna óláta á Írskum dögum í bænum:

Líkamsárás, innbrot og ólæti unglinga

LÖGREGLA Lögreglan á Akranesi hafði nóg fyrir stafni aðfaranótt laugardags. Ein líkamsárás var kærð, brotist var inn á tveimur stöðum, eitt fíkniefnamál kom upp og mikið var um ölvun.

Mikið var um ölvaða unglinga á tjaldsvæði bæjarins í tengslum við hátíðina Írska daga sem þar stendur yfir. Ein alvarleg líkamsárás var tilkynnt til lögreglu en nokkrir menn höfðu ráðist á einn og sparkað í hann liggjandi með þeim afleiðingum að flytja þurfti hann með sjúkrabíl á spítala. Meiðsl hans voru þó minni en fyrst var talið. Árásarmennirnir hafa ekki verið handteknir.

Ölvaður maður var handtekinn um nóttina grunaður um tvö innbrot, annað í vélsmiðju og hitt í golfskála. Hann játaði brotin við yfirheyrslur í gær og hefur verið sleppt úr haldi. Þá kom upp eitt smávægilegt fíkniefnamál og þrír voru stöðvaðir fyrir ölvunarakstur.

Lögreglan hafði mikinn viðbúnað í gærkvöldi þar sem halda átti rúmlega þúsund manna ball og búist var við enn verra ástandi en nóttina áður. Allt tiltækt lið var í viðbragðsstöðu og lögreglan beindi þeim tilmælum til foreldra að leyfa unglingum ekki að fara eftirlitslausum út að skemmta sér. **- sh**

ÍRSKIR DAGAR Það var líf og fjör á Írskum dögum á Akranesi fyrir þremur árum. Svo virðist sem ólæti ungmenna í ár ætli að skyggja á gleðina í ár. MYNDIN ER ÚR SAFNI.

Átak í Kópavogi og Hafnarfirði:

13 fíkniefnamál í fyrrinótt

LÖGREGLA Þrettán fíkniefnamál komu upp í sameiginlegu átaki lögreglunnar í Kópavogi og Hafnarfirði aðfaranótt laugardags. Í einu málanna var lagt hald á töluvert magn af maríjúana, amfetamíni og kókaíni, sem grunur leikur á að hafi verið ætlað til sölu. Tveir voru handteknir vegna málsins en sleppt að loknum yfirheyrslum. Í hinum málunum var um neysluskammta af kannabisefnum að ræða.

Lögreglan í Kópavogi og Hafnarfirði hefur á þremur dögum haft afskipti af fjölda einstaklinga vegna samtals 25 fíkniefnamála. Langflest þeirra eru minniháttar neyslumál. **- sh**

HEYSKAPUR Bændur á Suðurlandi notuðu þurrkinn í gær til þess að snúa heyi á túnum sínum.

Mikil vætutíð truflandi:

Sláttur gengur víða mjög hægt

LANDBÚNAÐUR Að sögn Fanneyjar Ólafar Lárusdóttur, ráðunauts hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, hefur fyrsti sláttur gengið misvel hjá kúabændum á svæðinu, en er sums staðar lokið. Vætutíð hefur truflað heyskap en grasspretta hefur verið mikil og sömu sögu er að segja á Vesturlandi.

Þórarinn Lárusson, ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Austurlands, segir marga hafa vonast eftir betri sprettu miðað við tíðarfar. Á Héraði hafi minna verið um úrkomu en annars staðar, en allur gangur sé á því hvort bændur hafa lokið fyrri slætti. **-sgj**

Skotárás aldraðrar veiðiskyttu:

Skaut út í loftið með riffli

STOKKHÓLMUR, AP Lögreglan í Suður-Svíþjóð skaut á 76 ára gamlan mann á föstudagsnótt. Maðurinn hafði skotið handahófskennt út í loftið með riffli sínum en miðaði að lögreglu eftir að hún mætti á staðinn, þar til hann var skotinn í kviðinn nokkru síðar.

Maðurinn missti ekki meðvitund og lauk umsátri lögreglu ekki fyrr en fjórum tímum síðar þegar hún kastaði táragasi inn í hús mannsins og handtók manninn.

Maðurinn var kunnur veiðimaður og hafði ekki komist í kast við lögin áður. Lögreglan taldi ástæðu skotárásarinnar vera taugaáfall, en nágrannar sögðu manninn hafa verið æstan vegna byggingu nýs orkuvers í nágrenni við hús hans.

Maraþonfundur um varnarmál Íslands

Fundað var um varnarmál Íslendinga í Þjóðmenningarhúsinu í fyrradag. Forsætisráðherra segist ánægður með fundinn en gefur ekkert upp um efni hans. Vinstri grænir segja að umræður um viðskilnað hefðu átt að hefjast mun fyrr.

VARNARMÁL Þriðji fundur Íslendinga og Bandaríkjamanna um varnarsamstarf ríkjanna fór fram í Þjóðmenningarhúsinu í fyrradag. Meðal þess sem rætt var á fundinum var hvernig vörnum landsins verður háttað eftir að varnarliðið fer og hvernig farið verður með mannvirki Bandaríkjamanna og Atlantshafsbandalagsins á varnarsvæðinu.

Að sögn fundarmanna gengu viðræðurnar vel og þurfti ekki að kalla til fundar á ný í gær eins og jafnvel var búist við. Fyrir íslensku samninganefndinni fór Albert Jónsson, verðandi sendiherra í Washington, en fyrir hinni bandarísku fór Thomas Hall, einn aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sem sinnti áður störfum yfirmanns herstöðvarinnar í Keflavík.

Ekki náðist í Geir H. Haarde forsætisráðherra vegna málsins, en í samtali við fjölmiðla í gær sagðist hann ánægður með fundinn og að fullur vilji væri af beggja hálfu til að ná viðunandi niðurstöðu. Hann vildi ekki fara út í hvað hafi verið rætt á fundinum en sagði næsta fund vera áætlaðan í lok ágúst.

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður vinstri grænna segir að stjórnvöld hefðu betur farið að þeim tillögum sem vinstri grænir hafi sett fram fyrir nokkrum árum. „Við sögðum þá, og höfum árlega ítrekað, að hefja ætti viðræður um nákvæmlega þá þætti sem nú eru á borðinu og snúa að réttindum Íslendinga og viðskilnaði Bandaríkjamanna sem var fyrirsjáanlegur fyrir löngu,“ segir hann. „Nú er þetta allt óljóst og ófrágengið og það eina sem við fáum að heyra er nánast í véfréttastíl.“

Eitt þeirra mála sem væntanlega hafa verið rædd á fundinum eru örlög slökkviliðsbíla varnarliðsins, en þeir hafa oft verið notaðir til að slökkva elda utan stöðvarinnar. Mikill missir yrði að þeim ef ekki verður samið um að Bandaríkjamenn gefi eða selji þá Íslendingum þar sem þeir eru mikilvægur hluti af slökkvistarfi á Suðurnesjum.

„Svona bílar eru ekkert hristir fram úr erminni,“ segir Stefán Björnsson, aðstoðarslökkvistjóri á Keflavíkurflugvelli. „Það getur tekið um það bil ár eða meira að fá svona bíla, þetta er sérsmíðað eftir pöntunum. Frá mínum bæjardyrum séð er þessi flugvöllur ekki starfhæfur ef bílarnir hverfa héðan, það er ekki flóknara en það.“

salvar@frettabladid.is

FJÖLMENNT Á VARNARMÁLAFUNDI Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSI Geir H. Haarde forsætisráðherra segist ánægður með fundinn, en ekki hafi verið lagt upp með að ná neinum sérstökum niðurstöðum.

Tveir rallökumenn og aðstoðarmenn þeirra slösuðust við rallakstur í Skagafirði:

Tveir hryggbrotnuðu í rallslysi

SLYS Tveir ökumenn í Shellsport rallaksturskeppninni hryggbrotnuðu í gær á lokaðri sérleið í Mælifellsdal í Skagafirði. Aðstoðarökumenn beggja meiddust einnig.

Annar ökumaðurinn slasaðist þegar hann missti stjórn á bíl sínum og ók út af veginum um fjörutíu kílómetra frá aðalveginum. Að sögn vaktstjóra lögreglunnar á Sauðárkróki voru aðstæður ekki góðar, mikil bleyta og drulla var á brautinni sem sennilega varð þess valdandi að maðurinn missti stjórn á bílnum.

Hinn ökumaðurinn var í miðjum dalnum og slasaðist þegar bíll hans fór yfir eina hæðina á brautinni á of mikilli ferð, tók flugið yfir hana og lenti harkalega á framendanum.

Allir fjórir mennirnir voru fluttir á sjúkrahúsið á Sauðárkróki til skoðunar. Að sögn vakthafandi læknis kom í ljós við skoðunina að hryggir beggja höfðu brotnað og því var ákveðið að senda þá með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Aðstoðarökumennirnir tognuðu báðir á hálsi en sluppu án alvarlegra meiðsla.

Báðir mennirnir óku Mitsubishi Lancer bifreiðum sem skemmdust töluvert. **- sh**

Á FLUGI Annar ökumaðurinn slasaðist þegar hann fór of geyst yfir eina hæðina á brautinni þannig að bíllinn tókst á loft og skall harkalega til jarðar. Myndin er úr safni og tengist ekki slysinu.

KRANINN UM BORÐ Í HAPPY RIVER Kraninn verður staðsettur við Mjóeyrarhöfn og mun losa skip sem flytja súrál. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARÐARSSON

Hafnarkrani á Reyðarfirði:

650 tonn hífð í land í dag

ÁLVER Þyngsta eining sem komið hefur til landsins verður hífð á land við Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði í dag.

Um er að ræða hafnarkrana álversins á Reyðarfirði sem vegur 650 tonn og er 50 metrar á hæð.

Skipið Happy River lagði að bryggju á fimmtudagsmorgunn með kranann en tvo daga hefur tekið að losa festingar kranans að sögn Garðars Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Nesskipa sem er umboðsaðili skipafélagsins Big Lift. „Kraninn er uppi á dekki og það eru yfir 100 metrar af suðu sem þarf að brenna í burtu og fjarlægja stór og sver járnstykki áður en hægt er að færa hann.“ **- sdg**

Fórnarlömb umferðarslysa:

Ástand stúlkunnar stöðugt

SLYS Ástand annarrar stúlkunnar sem flutt var á sjúkrahús eftir bílslysið við Varmahlíð um síðustu helgi er stöðugt að sögn sérfræðings á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi og er henni enn haldið sofandi í öndunarvél. Ein stúlka lést í slysinu og önnur var útskrifuð af gjörgæsludeild á fimmtudag.

Ungi maðurinn sem missti stjórn á vélhjóli sínu á Kirkjubraut á Akranesi á mánudag er kominn úr öndunarvél en er enn á gjörgæsludeild. **- sh**

Víðast ágæt ferðahelgi:

Fjöldi fólks var á tjaldstæðum

FERÐALÖG Ágætt veður hefur verið á landinu um helgina og hefur annríki á ferðamannastöðum verið eftir því. Í Landmannalaugum var fullt í skálum og töluvert af gestum á tjaldstæðinu enda ágætisveður. Soffía Sigurðardóttir skálavörður segir að einnig hafi verið troðið í svefnpokaplássunum enda sé nú búið að opna leiðina yfir Sprengisand.

Í Básum voru um 250 gestir á tjaldsvæðinu og þar af margir í skipulögðum gönguhópum. Ágústa Ragnarsdóttir skálavörður segir að fjöldinn sé þó heldur minni en undanfarið enda sé svo mikið í boði fyrir ferðamenn á öðrum stöðum, auk þess sem gestir þurfi að keyra yfir árnar.

Þorsteinn Sigurðsson á Húsafelli segir að um þrjúhundruð manns hafi verið á svæðinu um helgina enda veðrið verið ágætt.

www.toyota.is

Athyglin er á Avensis



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30973 07/2006

Ökumenn athugið – Nýr Avensis

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst nýjum **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa glænýtt útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

Avensis verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu nýjum **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.590.000. kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 7.7 .2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	75,54	75,9
Sterlingspund	139,06	139,74
Evra	96,47	97,01
Dönsk króna	12,931	13,007
Norsk króna	12,128	12,2
Sænsk króna	10,533	10,595
Japanskt jen	0,6578	0,6616
SDR	111,91	112,57

Gengisvísitala krónunnar
133,1667

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Botninn dottinn úr kolmunnaveiðinni:

Mörg skip að hætta veiðum

SJÁVARÚTVEGUR Komin eru um 280 þúsund tonn af kolmunna á land af þeim 352 þúsund tonna kvóta sem gefinn var út fyrir þessa vertíð. Hvort þau tuttugu prósent sem eftir eru af kvótanum nást fer eftir því hvort veiðin á miðunum glæðist, en botninn er dottinn úr veiðinni að mestu.

Sturla Þórðarson, skipstjóri á Berki NK-122, segir að veiðin hafi farið vel af stað í apríl innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. „Við færðum okkur síðan inn í færeysku lögsöguna í ágætis veiði en svo var veiðin á tímabili við íslensku línuna. Það var ágætis veiði þangað til fyrir um hálfum mánuði að fór að draga úr þessu. Ég held að langflestir bátar séu komnir í land núna vegna aflaleysis og hættir."

Sturla segir að margir bátar sem verið hafi á kolmunnaveiðum séu að huga að því að fara á síld. Það sé þó háð því hvort eitthvað verði að frétta af aflabrögðum eftir helgi.

Aðal ástæðan fyrir því að skipin hafa verið að reyna við kolmunna þrátt fyrir litla veiði er að afurðaverð er helmingi hærra en það var á sama tíma í fyrra. Ástæðan er einföld, skortur er á mjöli og lýsi í heiminum. „Á sama tíma í fyrra voru bátarnir löngu hættir í sama fiskeríi því þá var ekkert verð á afurðum. Nú hanga menn á þessu út af verðinu," segir Sturla.

BÖRKUR NK-122 Hér er verið að landa úr Berki í heimahöfn á Neskaupstað. Kolmunnavertíðinni er senn lokið ef ekki glæðist á miðunum.

- shá

Lögreglan í Reykjavík:

Innbrotum fjölgaði í júní

LÖGREGLUMÁL Innbrotum í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík fjölgaði töluvert í júní. Bæði voru innbrot mun fleiri en mánuðina á undan og sömuleiðis fleiri miðað við júnímánuð í fyrra.

Óvenju mörg innbrot voru á heimili og í bifreiðar. Á vef lögreglunnar kemur fram að þjófar sækist meðal annars eftir fartölvum, myndavélum, símum og MP3 spilurum og er því beint til fólks að hafa slíka hluti ekki fyrir allra augum.

Jafnframt er ítrekað að fólk gangi tryggilega frá heimilum sínum þegar farið er í sumarleyfi.

- sdg

HRINGTORGIÐ VIÐ SALALAUG Vagnstjórar óttast umgang barna vegna erfiðs aksturs strætisvagnanna um bílaþvöguna sem myndast oft. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bílum ólöglega lagt:

Truflar umferð strætisvagna

UMFERÐ Algengt er að bílum sé lagt á hringtorg við Salalaug í Kópavogi, en það er ólöglegt og stíflar umferð strætisvagna. Þetta segir vagnstjórinn Ragnar Þorláksson. „Það er stoppistöð í hringtorginu, en stundum er torgið alveg fullt af bílum."

Þetta hefur valdið vagnstjórum miklum erfiðleikum. „Við á stærri bílunum getum varla keyrt þarna," segir Ragnar. „Þarna er sundlaug, skóli og íþróttahús og þar af leiðandi fullt af börnum. Einnig er mikið lagt í stæði fatlaðra við laugina."

„Við höfum talað við sundlaugina, lögregluna og stjórnstöð Strætó bs. en við sjáum engan árangur," bætir Ragnar við.

-sgj

Nýbökuð bresk móðir:

Elsta konan til að fæða barn

BRETLAND, AP 62 ára gömul kona varð á dögunum elsti Bretinn til að fæða barn. Hún eignaðist heilbrigðan son á miðvikudaginn síðasta sem tekinn var með keisaraskurði.

Konan, sem heitir Patricia Rashbrook, starfar sem barnasálfræðingur og á þrjú uppkomin börn úr fyrra hjónabandi. Þetta er hins vegar fyrsta barn Patriciu og sextíu ára eiginmanns hennar, Johns Farrant. Patricia hafði gengist undir tæknifrjóvgunaraðgerðir til að verða barnshafandi.

-mþþ

Tvíburar stjórna í Póllandi

Tvíburabræðurnir Jaroslaw og Lech Kaczynski eru valdamestu menn Póllands. Lech er forseti en Jaroslaw verður forsætisráðherra, nú þegar Kazimierz Marcinkiewicz hefur sagt af sér sem forsætisráðherra.

PÓLLAND, AP Líklega er það einstætt í heiminum að tvíburar gegni tveimur helstu valdastöðum í einu landi samtímis. Sú staða er þó að koma upp í Póllandi þegar Jaroslaw Kaczynski tekur við embætti forsætisráðherra af Kazimierz Marcinkiewicz, sem sagði af sér nú í vikunni.

Verðandi forsætisráðherra er nefnilega tvíburabróðir forseta landsins, sem heitir Lech Kaczynsky. Jaroslaw, sá sem verður forsætisráðherra, er einnig leiðtogi hins íhaldssama og umdeilda stjórnmálaflokks þeirra bræðra, Laga- og réttlætisflokksins, sem sigraði í þingkosningunum í Póllandi í september síðastliðnum og hefur síðan farið með stjórn landsins.

Marcinkiewicz, fráfarandi forsætisráðherra, hefur hins vegar sett stefnuna á borgarstjóraembættið í Varsjá. Hann verður borgarstjóraefni Laga- og réttlætisflokksins í borgarstjórnarkosningunum, sem haldnar verða innan tíðar.

Jaroslaw Kazcynski viðurkenndi á blaðamannafundi í gær að það gæti vissulega valdið ákveðnum vandræðum að tveir valdamestu ráðamenn landsins væru tvíburabræður og nauðalíkir, en sagðist þó sannfærður um að það myndi ekki verða þeim til trafala þegar á reynir.

TVÍBURARNIR Vinstra megin á myndinni er Lech Kaczynski, sem er forseti Póllands, en hægra megin er bróðir hans, Jaroslaw, sem brátt verður forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

MÓTMÆLENDUR Ungir Pólverjar lýsa andstöðu sinni við tvíburana umdeildu og flokk þeirra fyrir utan höfuðstöðvar Laga- og réttlætisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það fylgir því ákveðin áhætta að forsetinn og forsætisráðherrann séu bræður, það var megin hindrunin," sagði Kaczynski. „En af ýmsum ástæðum komumst við að þeirri niðurstöðu að í þetta skiptið væri það verri leið út úr vandanum að koma með annan frambjóðanda, þótt við höfum marga góða, heldur en að mæla með mér."

Í Póllandi hafa menn reyndar fyrir löngu vanist því að tvíburarnir séu áberandi í þjóðlífinu. Þeir urðu fyrst frægir í Póllandi sem barnastjörnur árið 1962, þegar þeir léku í vinsælli bíómynd sem heitir „Tveir sem stálu tunglinu." Þeir léku þar tvo óknyttastráka, tvíbura að sjálfsögðu, sem lögðu af stað í leiðangur til að stela tunglinu, fara með það heim og græða ósköpin öll á því að selja það.

Ekkert framhald varð á frama þeirra í skemmtanabransanum, en pólitískur ferill þeirra hófst á áttunda áratugnum þegar þeir gengu til liðs við stjórnarandstæðinga í kommúnistaríkinu Póllandi. Á níunda áratugnum voru þeir um skeið ráðgjafar hjá Lech Walesa meðan hann var forseti, en féllu síðar í ónáð hjá honum.

Pólski stjórnmálaskýrandinn Jacek Kucharczyk segir það vissulega getað ruglað útlendinga í ríminu hve bræðurnir eru líkir, en í Póllandi sé það ekki lengur til vandræða.

„Þetta var eins konar fagurfræðilegt vandamál í kosningunum, og sumum fannst það undarlegt," sagði Kucharczyk. „En aðalvandamálið er afrekaskrá þeirra í stjórnmálum. Allar götur síðan þeir sigruðu í kosningunum hafa þeir grafið undan stöðugleika í pólskum stjórnmálum. Ástandið núna er pólitísk kreppa."

Laga- og réttlætisflokkur þeirra bræðra sigraði í þingkosningunum í september, en náði þó ekki meirihluta á þingi þótt lítið hafi vantað upp á. Flokkurinn myndaði minnihlutastjórn í október, en núna í maí gengu til liðs við stjórnina tveir litlir flokkar sem báðir eru afar tortryggnir á Evrópusambandið.

gudsteinn@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

FÍNASTA FERÐAVEÐUR

Næstu daga verður prýðilegur hiti um allt land og sólríkt á sunnanverðu landinu. Vindur er hægur víða á landinu sem ásamt sólinni blessaðri býður upp á fínasta útileguveður. Úrkomulaust verður norðan heiða frá og með morgundeginum sem og á Austurlandi. Hiti virðist vera að lækka á Norðurlöndum í bili eftir mikla hitabylgju að undanförnu.

HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA

Hæg norðlæg átt. Skýjað með köflum. Hiti 11-14 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hæg breytileg átt.

» þriðjudagur



Vaxandi suðaustan átt 5-13 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C	skúrir	London	20°C	skúrir	Alicante	30°C heiðskírt
Billund	21°C	alskýjað	París	19°C	léttskýjað	Mallorca	26°C léttskýjað
Osló	16°C	skúrir	Frankfurt	27°C	skúrir	Algarve	30°C heiðskýrt
Stokkhólmur	22°C	heiðskýrt	Friedrichshafen	23°C	alskýjað	Krít	25°C heiðskírt
Gautaborg	19°C	skúrir	Berlín	23°C	léttskírt	Las Palmas	27°C heiðskírt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Bestir í kjöti!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár

Úr Fiskborði Nóatúns

Sparaðu 700 kr.

LAMBAFILLET
Í TOSCANAMARIN.
2.998 kr. kg

TÚNFISKSTEIK
Í TERYAKI
2.398 kr. kg.

Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 1000 kr. kg.

LAMBALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
2.798 kr. kg.

Úr Kjötborði Nóatúns

SMÁSPJÓT
BEINT Á GRILLIÐ!
298 kr. stk.

30% afsláttur

NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
1.599 kr. kg.

30% afsláttur

MARYLAND
KEX
89 kr. pk.

FANTA FUNKY
FANTA FREE
129 kr. 2 l.

Allt „Bakað á staðnum"
25% afslætti

...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

KJÖRKASSINN

Hvaða þjóð vinnur HM?

Frakkland	60%
Ítalía	40%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú farið á safn á þessu ári?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Lögreglan í Reykjavík handtók þrjá pilta fyrir skemmdarverk í fyrrinótt:

Brutu rúður í bílum og húsum

LÖGREGLA Lögreglan í Reykjavík hafði í nógu að snúast aðfaranótt laugardags. Þrír sautján ára piltar voru handteknir fyrir skemmdarverk á bílum og húsum auk þess sem mikið var um ölvun og smávægileg mál í bænum sem hafa þurfti afskipti af.

Piltarnir þrír voru handteknir undir morgun grunaðir um að hafa brotið rúður í átta bílum við Skólavörðustíg og auk þess rúður í Vörðuskóla. Síðar í gær kom í ljós að þeir höfðu einnig brotið rúður í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg og þremur öðrum bílum í miðborginni. Piltarnir voru allir ölvaðir og höfðu ekki áður komið við sögu hjá lögreglunni, sem segir skemmdarfýsn eina hafa ráðið för sökudólganna. Engu hafi verði stolið og eini tilgangur brotanna verið eyðileggingin. Piltarnir þrír voru látnir gista fangageymslur og voru yfirheyrðir í gær.

Guðbjörg Þorvarðardóttir dýralæknir sem býr við Skólavörðustíg, segist vera búin að fá sig fullsadda á skemmdarverkum í götunni. Bíll hennar hafi nú verði skemmdur í annað sinn á skömmum tíma. Hún líkir miðborginni um helgar við vígvöll og telur að eftirlitsmyndavélar gætu spornað við atvikum sem þessum.

Mikill erill var í miðbænum aðfaranótt laugardags og töluverð ölvun þó að mannfjöldi hafi ekki verið mikill að sögn lögreglu. Nokkur fíkniefnamál komu upp en í öllum tilvikum var um minniháttar neysluskammta að ræða. - sh

MIÐBÆRINN Þrír piltar voru handteknir fyrir skemmdarverk í fyrrinótt.

Fjögurra ára drengur:

Lifði af fall af elleftu hæð

BANDARÍKIN, AP Hasim Townsend, fjögurra ára drengur í Bandaríkjunum, lifði af fall af elleftu hæð íbúðablokkar í bænum Albani í New York-ríki á föstudaginn. Hann var þó mikið slasaður og lá á gjörgæsludeild í gær, höfuðkúpubrotinn og fótbrotinn með meiru.

Hann féll út um glugga í íbúð, þar sem hann hafði verið skilinn eftir einn. Hann kom fyrst niður á málmskyggni, sem er í um það bil fjögurra metra hæð frá jörðu, og féll þaðan niður á steinsteypt plan við húsið.

Hann reyndi þó strax að standa upp og gat talað við lækna sem tóku á móti honum á sjúkrahúsinu. - gb

JOSE RAMOS-HORTA Nýkominn af fundi með Xanana Gusmao forseta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nóbelsverðlaunahafi:

Tekur við á Austur-Tímor

AUSTUR-TÍMOR, AP Jose Ramos-Horta, sem hlotið hefur friðarverðlaun Nóbels, er nýr forsætisráðherra Austur-Tímor.

Margir binda vonir við að hann nái að lægja öldurnar sem myndast hafa vegna afsagnar Mari Alkatiri úr stól forsætisráðherra í kjölfar ásakana um að Alkatiri hafi látið myrða pólitíska andstæðinga sína.

Ramos-Horta sagði að fyrsta verkefni hans sem forsætisráðherra væri að koma þeim tugum þúsunda manna sem hafast að í flóttamannabúðum til síns heima. Ramos sagði einnig að hann myndi gera allt sem hann gæti til þess að koma á friði og stöðugleika í landinu á ný. - vör

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók út af ölvaður Lögreglan í Hafnarfirði þurfti aðfaranótt laugardags að hafa afskipti af ölvuðum bílstjóra sem hafði ekið út af. Ekki var um slys að ræða, maðurinn slapp án meiðsla og bíllinn var óskemmdur.

Krefjast lægri tolla á innflutta matvöru

Neytendasamtökin vilja lækka innflutningstolla á landbúnaðarvörum og ASÍ segir þá vera eina ástæðu hás matvælaverðs á Íslandi. BSRB segir matvælanefnd forsætisráðuneytis lítið ræða um tollalækkun sem leið til að laga verðlag.

LANDBÚNAÐUR Háværar raddir heyrast innan verkalýðsfélaga og annarra stofnana sem krefjast lækkunar á tollum á landbúnaðarvörum. Alþýðusamband Íslands sendi í vikunni frá sér tilkynningu þess efnis að landbúnaðaryfirvöld, bændur og neytendur ættu að taka höndum saman um lækkun tolla á kjöti, mjólkurvörum, ostum, smjöri, eggjum og útiræktuðu grænmeti. Viðræður stjórnvalda við Alþjóðaviðskiptastofnunina hafi siglt í strand og nú sé ekki eftir neinu að bíða en að ráðast í löngu tímabærar aðgerðir upp á eigin spýtur. Loks áréttar ASÍ að tollarnir séu ein helsta ástæðan fyrir háu matvöruverði á Íslandi.

Neytendasamtökin taka í sama streng og minna á að þau hafi barist fyrir lækkun tolla „síðan ákveðið var að leggja ofurtolla á innfluttar landbúnaðarvörur.“ Samtökin leggjast einnig gegn útboðum á tollkvótum og vilja gefa verslunina frjálsa, svo framarlega sem vörurnar uppfylli heilbrigðiskröfur. Þann lága toll sem eftir mun standa beri að nýta til að styrkja innlendan landbúnað í vaxandi samkeppni við innfluttar vörur.

HEYSKAPUR Á ÍSLANDI Neytendasamtökin nefna að einn besti stuðningur sem vel stæð lönd geta veitt þróunarlöndum sé að opna markaði sína fyrir innflutningi á lágum tollum.

HALLGRÍMUR SNORRASON

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Neytendasamtökin nefna jafnframt að einn besti stuðningur sem vel stæð lönd geta veitt þróunarlöndum sé að opna markaði sína fyrir innflutningi á lágum tollum. Markaðir margra iðnríkja hafi verið þróunarlöndunum lokaðir vegna tollmúra.

BSRB tekur að miklu leyti undir sjónarmið ASÍ og Neytendasamtakanna. Í yfirlýsingu frá Ögmundi Jónassyni formanni og Elínu Björgu Jónsdóttur, fulltrúa BSRB í matvælanefnd forsætisráðuneytisins, er það gagnrýnt að matvælanefnd hafi nær eingöngu horft til innlendrar framleiðslu, en litið er framhjá innfluttum matvælum sem leið til að lagfæra verðlag neysluvara á landinu. BSRB hvetur til þjóðarsáttar milli bænda, ríkis og neytenda og segir að stórfelldar breytingar á landbúnaðarkerfinu verði að gera í samráði við bændur.

Hallgrímur Snorrason, formaður matvælanefndar, segir staðhæfingu BSRB vera ranga. „Að sjálfsögðu hefur verið rætt um lækkun innflutningstolla í nefndinni,“ segir Hallgrímur. Að öðru leyti vildi hann ekkert tjá sig um starf nefndarinnar, nema að hún sé enn að störfum og niðurstöðu verði að vænta á næstunni.

steindor@frettabladid.is

Bændur um afnám tolla:

Stuðlar ekki að verðlækkun

LANDBÚNAÐUR Matvælaverð mun ekki snarlækka þó að tollar á innfluttum matvælum verði felldir niður eða lækkaðir segja Bændasamtök Íslands. Í tilkynningu frá samtökunum kemur fram að þetta sé einföldun á sannleikanum. Bent er á að einungis fimm til sex prósent útgjalda íslenskra heimila renni til kaupa á íslenskum landbúnaðarafurðum. Samtökin fagna jafnframt „málefnalegri og ígrundaðri“ yfirlýsingu BSRB um málið.

Bændasamtökin segja Neytendasamtökin gera of lítið úr öðrum þáttum sem stuðla að háu matvælaverði á Íslandi en verndarstefnu gagnvart innlendum landbúnaðarvörum. Fiskur sé til dæmis á sama hátt og búvara dýrari hér á landi en víðast hvar erlendis. - sgj

Írski lýðveldisherinn:

Myrt kona var víst njósnari

BELFAST, AP Írski lýðveldisherinn sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem því er haldið fram að ekkja, sem liðsmenn hersins rændu, drápu og gröfu með leynd árið 1972, hafi alveg áreiðanlega verið njósnari á vegum breska hersins. Þess vegna hafi hún verið réttmætt skotmark í baráttu írskra fullveldissinna.

Yfirlýsingin kom daginn eftir að lögreglan á Norður-Írlandi skýrði frá niðurstöðu rannsókna á málinu, þar sem ekkert kom í ljós sem benti til þess að Jean McConville hafi starfað sem njósnari. - gb

2 fyrir 1 til
Ítalíu / Króatíu
12. og 19. júlí
frá kr. 19.990

Verð kr. 19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð. Netverð á mann.

Aðeins örfá sæti

Nú bjóðum við frábært tilboð á síðustu sætunum til Bologna á Ítalíu 12. júlí eða 19. júlí í 1.
Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Ítalíu eða yfir til Króatíu á einstökum kjörum. Gisting í Porec í Króatíu í boði og hinum einstaklega fallega bæ Rovinj.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Meira en fimm þúsund lík hafa fundist í fjöldagröfum í fyrrum Júgóslavíu:

Kennsl borin á 505 fórnarlömb fjöldamorða Serba í Srebrenica

SERBÍA, AP Hundruð manna komu saman í Sarajevo í gær til að syrgja rúmlega fimm hundruð fórnarlömb fjöldamorðanna í Srebrenica. Bílar með líkkistum fórnarlambanna, sem nýlega hafa verið borin kennsl á, komu við í Sarajevo á leið sinni til Srebrenica þar sem líkin verða jörðuð næstkomandi þriðjudag. Þann dag verða ellefu ár liðin frá því að Bosníu-Serbar myrtu átta þúsund bosníska múslima í Srebrenica en fjöldamorðin eru þau hroðalegustu frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Fundist hafa meira en fimm þúsund lík fórnarlambanna í fjöldagröfum vítt um landið og hefur tekist að bera kennsl á hluta þeirra. Þar af eru rúmlega átján hundruð jarðsett í Srebrenica.

„Enginn fylgdist með atburðunum og nú þegar maður sér kisturnar fara hjá hugsar maður um hversu mikill óþarfi þetta hafi verið,“ sagði Diego Arria, fyrrverandi umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna, sem viðstaddur var minningarathöfnina í gær. Hann hefur gagnrýnt Sameinuðu þjóðirnar fyrir að hafa horft framhjá atburðunum í Srebrenica og ekkert aðhafst. Hann segir ennfremur erfitt að rannsaka atburðarásina þar sem öll mikilvæg skjöl séu falin fyrir almenningi. „Það er enginn vafi á því að þetta er stærsta yfirhylming í sögu Sameinuðu þjóðanna.“ - mþþ

FÓRNARLÖMBIN FLUTT Sextíu ára gömul bosnísk kona frá Srebrenica stendur fyrir framan vörubíl með líkkistum fórnarlambanna, en þar eru meðal annars líkamsleifar fimmtán ára gamals sonar hennar sem myrtur var í fjöldamorðunum árið 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LÍTUR VEL ÚT SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.

HYUNDAI Official Partner

NJÓTTU ATHYGLINNAR!
NÝR SANTA FE

HYUNDAI HEFUR GÆÐIN!

Hyundai var í 3. sæti, næst á eftir Porsche og Lexus, í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power & Associates. Í niðurstöðum könnunarinnar segir m.a. að þessi glæsilegi árangur sýni, að Hyundai sé orðinn fremsti framleiðandi bifreiða í almennum flokki (non-luxury class).

„Þetta eru afar ánægjulegar fréttir, sérstaklega með hliðsjón af því að þessar niðurstöður staðfesta fyrri árangur Hyundai í IQS gæðakönnuninni. Það hefur jafnframt verið áhugavert að fylgjast undanfarin ár með góðu gengi Hyundai í alþjóðlegum gæðakönnunum sem þessum. Ef eitthvað skiptir okkur hjá B&L máli, þá eru það gæði jafnt vörunnar okkar, sem þjónustu."

IQS gæðaönnunin er tvíþætt, þar sem hún snýr annars vegar að framleiðslugæðum og hins vegar að gæðum hönnunarinnar. Þarna er því ekki aðeins verið að mæla áreiðanleika bíla, heldur einnig hversu ánægðir eigendur þeirra eru með búnað þeirra, þægindastig o.fl.

www.jdpower.com

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er fyrirmyndin að Jack Sparrow, aðalsögupersónu myndanna um Pirates of the Caribbean?*

2 *Hvers konar skip var það sem Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra setti út á að norsk yfirvöld hefðu aðstoðað?*

3 *Hvað hlupu þrír Boot Camp-þjálfarar marga kílómetra til styrktar verkefninu Blátt áfram?*

Skemmdir á tækjabúnaði í Sundlaug Eskifjarðar eftir eituretnaslys:

Tjón skiptir tugum milljóna

TJÓN Mikið tjón hefur komið í ljós á tækjabúnaði í Sundlaug Eskifjarðar eftir klórgasslysið sem varð þar í lok seinasta mánaðar. Tjónið sem nú er komið í ljós er af völdum tæringar sem varð í kjölfar slyssins.

„Þetta er í rauninni allur rafmagnsbúnaður sem er í kjallara sundlaugarinnar. Þarna er um að ræða ýmiss konar stýri- og rafmagnsbúnað. Tjónið gæti jafnvel oltið á tugum milljóna," segir Guðgeir Freyr Sigurjónsson hjá Íslenskum aðalverktökum, sem sáu um byggingu sundlaugarinnar. Sundlaugin var tekin í notkun í maí í vor. Sveitarfélagið Fjarðarbyggð leigir sundlaugina af félaginu Fasteign.

Guðgeir segir að tjónið hafi byrjað að koma í ljós sama dag og slysið varð og hafi verið að ágerast síðan þá. „Fasteign er búin að krefja Olís um bætur á þessu tjóni og skoðunarmenn frá tryggingafélagi þeirra eru búnir að koma á staðinn til að taka út tjónið í sundlauginni"

Jóhanna Hallgrímsdóttir, æskulýðs- og íþróttafulltrúi í Fjarðarbyggð, segir að ekki sé búið að taka ákvörðun um framhaldið að svo stöddu. „Þetta er nýkomið upp og verður leyst á sem bestan hátt fyrir alla aðila."

TÆKJABÚNAÐUR Í SUNDLAUG ESKIFJARÐAR Tjón á tækjabúnaði kann að nema tugum milljóna.

Sundlaugin er opin og verður það áfram enn um sinn. - öhö

Vinstri grænir:

Senda Ísraelum mótmælabréf

ÍSRAEL Þingflokkur vinstri grænna hefur sent forseta ísraelska þingsins mótmælabréf þar sem fangelsun lýðræðislega kjörinna palestínskra þingmanna og ráðherra er mótmælt harðlega. Undir bréfið skrifar Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður vinstri grænna.

„Sú þögn sem ríkir í heiminum um ástand mála í Palestínu er vítaverð, einfaldlega vegna þess að heimurinn getur ekki staðið aðgerðalaus hjá. Það er grundvallaratriði að hreyft verði við mótmælum þegar við verðum vitni að öðrum eins mannréttindabrotum og nú er verið að fremja í Palestínu," segir Ögmundur. - sþs

RAGHAD Deiluefni Íraks og Jórdaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Elsta dóttir Saddams

Jórdanar vilja ekki framselja

JÓRDANÍA, AP Raghad, elsta dóttir Saddams Hussein, er eitt helsta bitbein stjórnvalda í Írak og Jórdaníu þessa dagana.

Hún er búsett í Jórdaníu sem gestur konungsfjölskyldunnar, en Írakar vilja ólmir fá hana framselda svo hægt verði að draga hana fyrir rétt.

Hún er á lista írakskra stjórnvalda yfir rúmlega fjörutíu manns sem þau vilja fá framselda frá öðrum löndum, en Jórdanar líta svo á að konungsfjölskyldan geti ekki framselt einhvern sem hún hefur tekið undir verndarvæng sinn. Það væri brot á djúpstæðri hefð í arabalöndum. - gb

HB-Grandi róar Skagamenn:

Ekki frekari samdráttur

VINNUMARKAÐUR Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, fór yfir samdrátt sem hefur átt sér stað hjá HB-Granda á Akranesi á fundi með forstjóra HB-Granda nýverið en sextíu störf hafa tapast síðustu árin.

VILHJÁLMUR BIRGISSON

Á fundinum kom fram að samdráttur í loðnuveiðum hefði gert það að verkum að fækka hefði þurft starfsfólki í síldarbræðslunni og loðnuskipinu Víkingi hefði verið lagt. Bæði Víkingur og síldarbræðslan verða keyrð á fullu ef kemur til góðrar loðnuvertíðar.

Frekari samdráttur er ekki fyrirhugaður. - ghs

Nýsköpunarsjóður:

Finnbogi framkvæmdastjóri

ATVINNULÍF Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins samþykkti á fundi sínum í fyrradag að ráða Finnboga Jónsson sem framkvæmdastjóra sjóðsins. Finnbogi er fæddur á Akureyri 18. janúar 1950 og er með háskólapróf í eðlisverkfræði og rekstrarhagfræði.

Hann hefur meðal annars starfað sem deildarstjóri og sérfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og framkvæmdastjóri SR-mjöls. Alls bárust fjörutíu umsóknir um starfið, og mun Finnbogi taka til starfa hjá Nýsköpunarsjóði 15. september 2006. - sþs

KAFFIHÚS UNDIR BERUM HIMNI „Við vorum bara að opna, við erum ekki einu sinni búin að skíra staðinn, ætli við leyfum þessu ekki bara að skíra sig sjálft," sagði Darri Freyr Helgason barþjónn á nýjum kaffibar á Lækjartorgi. Þar verður einungis opið á blíðviðrisdögum. Fréttablaðið/Hörður

Einungis opið ef veður leyfir

Eftir frekar blautar og skýjaðar helgar undanfarið skein sólin loksins í gær. Mikið líf var í miðbænum og voru kaffihús víða þéttsetin í blíðviðrinu. Nýtt kaffihús á Lækjartorgi opnaði í tilefni dagsins og mun það vera opið þegar að veður leyfir. Hjón frá Nýja Sjálandi höfðu verið á Íslandi í viku án þess að njóta sólar.

MIÐBÆR Sólin lét sjá sig hluta dagsins í miðborg Reykjavíkur í gær. Jafnvel þó að hitinn klukkan 15 hafi aðeins verið um 11 gráður þá var fjöldi fólks samankominn í miðbænum til þess að njóta sólarinnar þegar hún braust loksins í gegnum skýin. Ljósmyndari og blaðamaður Fréttablaðsins tóku púlsinn á miðborginni um miðjan dag og heyrðu hljóðið í vegfarendum og verslunarmönnum.

Hjónin Matt og Liz frá Nýja-Sjálandi voru stödd í verslun Máls og menningar á Laugaveginum þegar Fréttablaðið náði tali af þeim. Þau hjón hafa verið á landinu í viku og ferðast um Suðurland ásamt því að dvelja í Reykjavík. Laugardagurinn var fyrsti dagur ferðarinnar sem þau segjast hafa fengið sæmilegt veður og var það þeim mikill léttir. „Loksins fengum við sæmilegt veður hérna á Íslandi, þetta er reyndar síðasti dagurinn okkar en það skipti okkur miklu máli að fá einu sinni ágætt veður. Við vorum hrifin af landinu og myndum örugglega koma hingað aftur ef það væri ekki svona slæmt veður hérna," sögðu þau létt í bragði.

Dóra Ármannsdóttir starfsmaður í verslininni Vikivaka á Laugarveginum segir að miðbærin fyllist um helgar þegar sólin lætur sjá sig. „Eftir að sólin fór aðeins að skína þá hefur verið brjálað að gera, þetta eru náttúrulega mestmegnis útlendingar og á svona dögum liggur við að maður bjóði góðan daginn á ensku."

Verslunarmenn í 66 °Norður á Laugaveginum tóku í sama streng. „Það eru reyndar ekki miklar sveiflur hjá okkur, það er alltaf mjög svipað að gera og þetta eru auðvitað mest útlendingar. Á svona góðviðrisdögum er fólk mikið að koma inn af götunni og skoða, en þegar það er kalt í veðri þá er algengara að útlendingarnir stökkvi hingað inn til þess að kaupa vettlinga og húfur vegna þess að þeir gera sér ekki grein fyrir því hvað það er kalt í veðri hérna," sagði Katrín Kristjánsdóttir, starfsmaður verslunarinnar.

SLAPPAÐ AF Í GRASINU Þessir notuðu kaffipásuna sína til þess að slappa af á Austurvelli.

VIKIVAKI Verslunin Vikivaki fyllist á góðviðrisdögum

KLÆÐA AF SÉR KULDANN Þessi nýsjálensku hjón klæddu sig enþá í kuldaúlpu á meðan aðrir fækkuðu fötum í sólinni

Í gær var fyrsti dagurinn sem nýtt útikaffihús var opið á Lækjartorgi og verður það í framtíðinni opið á góðviðrisdögum, það var nokkuð þétt setið á kaffihúsinu þennan fyrsta dag. „Við vorum bara að opna, við erum ekki einu sinni búin að skýra staðinn, ætli við leyfum þessu ekki bara að skýra sig sjálft," sagði Darri Freyr Helgason barþjónn. „Við fengum leyfi í fyrrasumar en það var ekki fyrr en í ágúst, við ákváðum því að bíða með þetta. Við stefnum að því að hafa opið á góðviðrisdögum, jafnt um helgar og á virkum dögum. Við erum ekki nema rúman klukkutíma að setja þetta allt saman, þannig að það er mjög hentugt."

Þéttsetið var fyrir utan Café París við Austurvöll en frekar fáir létu sig hafa það að liggja í grasinu og sleikja sólina. Þeir Kristjan Cruse frá Svíþjóð og Mike Rodriguez frá Costa Rica notuðu þó kaffihlé sitt frá Café París til þess að hvíla lúin bein. „Við komum hingað mjög oft enda vinnum við hérna rétt hjá, svo lengi sem sólin skín þá er okkur sama um veðrið, það gæti alveg eins verið 6 stiga hiti, ef sólin skín þá erum við ánægðir," sögðu þeir. „Við vorum samt búnir að heyra það væri alltaf svo gott veður í Reykjavík á sumrin og við bjuggumst við betra veðri en hefur verið. Um leið og sólin fer að skína um helgar er brjálað að gera og geta tekjurnar á staðnum þrefaldast." valgeir@frettabladid.is

full búð af sumarvörum

sjáðu verðin!

Blómapottar tré 3 stk.

Robomop

HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Vikurfrétta

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir í dag 9.júlí

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Lítil og opin hagkerfi hagnast mest

Daniel Gros, forstöðumaður Evrópurannsókna- og ráðgjafarstofnunarinnar CEPS í Brussel, er sérfróður um Efnahags- og myntbandalag Evrópu og hefur meðal annars verið ríkisstjórnum í Mið- og Austur-Evrópu til ráðgjafar um evrumál. Auðunn Arnórsson ræddi við hann um evruna og Ísland.

SEÐLABANKI EVRÓPU Í FRANKFURT Gros segir álit stjórnar evrópska seðlabankans á hugsanlegri einhliða upptöku evrunnar í landi utan ESB ekki skipta öllu máli: grundvallar efnahagslegu forsendurnar skipti mestu. Hins vegar sé vandséð hvers vegna land sem uppfyllir aðildarskilyrðin skyldi freista þess að taka upp evruna án fullrar myntbandalagsaðildar og hafa þannig ekki evrópska seðlabankann sem bakhjarl peningamálastefnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gros var ráðgjafi stjórnvalda í Svartfjallalandi er þau tóku evruna í notkun árið 2002, en þá kom hún í staðinn fyrir þýska markið sem notað hafði verið sem opinber gjaldmiðill þar frá því gamli júgóslavneski dínarinn varð ónothæf mynt, en það var ein afleiðing borgarastríðsins á fyrri hluta tíunda áratugarins.

Með tilliti til þess að í umræðunni á Íslandi hefur verið vísað til Svartfjallalands og Kosovo sem fordæmis fyrir því að lönd eða sjálfsstjórnarsvæði sem standa utan Evrópusambandsins geti samt notað evruna sem opinberan gjaldmiðil var Gros fyrst beðinn um að bera Ísland og Svartfjallaland saman í þessu samhengi.

Gjörólíkar forsendur

„Rökin fyrir því að taka upp evruna á Íslandi eru eiginlega þveröfug við þau sem eiga við um Svartfjallaland," segir Gros; „í Svartfjallalandi eru ríkisfjármál í ólestri og nærri ekkert innlent fjármálakerfi fyrir hendi, á Íslandi eru ríkisfjármálin í góðu horfi og fjármálakerfið, í hlutfalli við landsframleiðslu, risastórt."

„Vandinn við að hafa stóran fjármálamarkað og innanlandsbankakerfi er að þá smitast vandamál í bankakerfinu í gengi gjaldmiðilsins – til góðs og ills – og truflar þannig þjóðhagslega jafnvægið," segir Gros og nefnir sem dæmi að ef íslenskur banki tekur stórt lán og festir það fé í verðbréfum eða öðru í Evrópu virki það eins og spákaupmennskusjóður. Fari illa fyrir þessari fjárfestingu fellur bankinn með henni, en sé viðkomandi banki ein af burðarstoðum fjármálakerfis lítils þjóðhagkerfis eins og Íslands skila öll slík vandamál bankans sér beint inn í efnahagslíf landsins og í gengi gjaldmiðilsins.

„Að taka upp evruna myndi ekki leysa öll vandamál íslensks efnahagslífs, en það myndi að minnsta kosti skera á tengslin milli vandamála í bankakerfinu og gengis gjaldmiðilsins. Með því að nota gjaldmiðil stórs myntsvæðis, eins og evruna, einangrar það frá sveiflum á fjármálamarkaðnum; með því að vera laus við gengi er ekki hægt að stunda spákaupmennsku með það."

DANIEL GROS Forstöðumaður CEPS í Brussel.

Gros vísar í þessu samhengi til reynslu hinna Norðurlandanna. Evruaðildin hefur reynst Finnum mjög vel, Danir noti evruna einnig í raun þar sem fastgengi sé í reynd í gildi milli dönsku krónunnar og Evrópumyntarinnar. Um öll Norðurlöndin gildi að þar ríki ábyrg fjármálastjórnun, stöðugar og skilvirkar stofnanir og önnur þau skilyrði sem skapa góðar forsendur fyrir aðild að myntbandalaginu. Ísland skeri sig úr vegna þeirra miklu sveiflna sem einkenna íslenskt efnahagslíf.

Stöðugleiki og samkeppnishæfni

„Eftir því sem ég fæ best séð myndi evruaðild hjálpa til við að koma á stöðugleika á Íslandi, til lengri tíma litið myndi hún jafnframt auka samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og hjálpa til við að saxa á viðskiptahallann," segir Gros. Hann tekur fram að sér sé ljóst að viðskiptahallinn sé mjög sveiflukenndur vegna stórframkvæmda á borð við þær sem nú eru í gangi á Austurlandi, en segir að með evrunni væru slíkar sveiflur ekki vandamál. Til samanburðar bendir hann á að ef slík tímabundin stórframkvæmd ætti sér stað í heimaborg sinni Wiesbaden, sem er að íbúatölu svipuð að stærð og Ísland, hefði enginn áhyggjur af þeim áhrifum sem slík framkvæmd myndi hafa á viðskiptajöfnuð borgarinnar.

Að mati Gros er það almennt svo, að lítil lönd hagnist meira en stór á myntbandalagsaðild. Þar skipti miklu máli að með aðildinni fá þau aðgang að miklu stærri fjármálamarkaði. En hún þvingi stjórnvöld í viðkomandi landi jafnframt til aga í fjármálastjórnuninni.

Spurður hvernig hann teldi að Seðlabanki Evrópu tæki því ef land eins og Ísland myndi ákveða að taka upp evruna án Evrópusambands- og myntbandalagsaðildar, segir Gros ljóst að bankinn myndi ekki taka því vel. Enda aðstæður allt aðrar á Íslandi en í Svartfjallalandi, eins og rakið er hér að framan. Hins vegar segir Gros að álit stjórnar Seðlabanka Evrópu sé ekki það sem öllu máli skipti í þessu samhengi, heldur fyrst og fremst efnahagslegu grundvallarforsendurnar. Uppfylli land, sem vill taka upp evruna, efnahagslegu skilyrðin fyrir aðild sé vandséð hver tilgangurinn væri í því að gera það án fullrar myntbandalagsaðildar og hafa þar með Seðlabanka Evrópu sem bakhjarl peningamálastefnunnar.

Engin ástæða til að bíða

Sumir hafa sagt að nýju ESB-aðildarríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu sé ekki ráðlegt að taka upp evruna of snemma þar sem það geti hamlað hagvaxtarþróuninni, þar sem þau þurfa þá að leggja alla áherslu á að uppfylla skilyrðin um lága verðbólgu, vexti og fjárlagahalla í stað þess að fylgja sem mest havaxtarhvetjandi stefnu. Spurður álits á þessu segir Gros að sumir segi reyndar að fari nýju aðildarríkin of snemma inn í myntbandalagið kalli þau of mikla þenslu yfir sig, vegna þess lága vaxtastigs sem ríkir á evrusvæðinu.

„Ég á bágt með að taka þessar röksemdir trúanlegar," segir hann; „í fyrsta lagi ef við lítum á Eystrasaltslöndin þrjú. Þau fylgja öll fastgengisstefnu nú þegar – Eistland og Lettland eru með gjaldeyrisráð (currency board) og Litháen með fljótandi gengi innan mjög þröngra vikmarka – þau gætu öll alveg eins tekið upp evruna strax. Þá myndu þau hagnast meðal annars á því að fá mun opnari aðgang en áður að fjármálamarkaði evrusvæðisins. Og ef litið er til Póllands, sem er lang stærst nýju aðildarríkjanna, þá vill reyndar svo til að þar er verðbólgan nú þegar lægri en að meðaltali í evrulöndunum!"

Gros bætir við að jafnvel þótt að snemmbúin evruaðild myndi þýða minni hagvöxt en ella fyrstu eitt til tvö árin, þá hafi þau „næstu tuttugu ár þar sem þau hagnast af því að hafa stöðugleikann, lága vexti evrusvæðisins og aðgang að fjármálamörkuðum ESB, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir lítil hagkerfi." Pólland sé reyndar það stórt að með góðum seðlabanka gæti það komist af án evrunnar, en fyrir minni löndin, sem eru mjög háð utanríkisviðskiptum, gildi: „Hvers vegna ekki að hafa sama gjaldmiðil og aðal viðskiptalöndin og spara sér gengiskostnað og óþægindin af sveiflukenndum gjaldmiðli?"

audunn@frettabladid.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

ÚTSALA
á húsgögnum

fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 90% afsláttur

Sófaborð	5.600 kr.	~~56.000 kr.~~	90%
Borðstofuborð	23.960 kr.	~~59.900 kr.~~	60%
Fataskápar Modena	5.997 kr.	~~19.900 kr.~~	70%
Kommóða með glertopp	9.995 kr.	~~19.990 kr.~~	50%
Kommóða með leðurtopp	14.995 kr.	~~29.990 kr.~~	50%
Náttborð	8.043 kr.	~~16.085 kr.~~	50%
Sjónvarpsborð	5.160 kr.	~~12.900 kr.~~	60%
Sófasett leður	98.762 kr.	~~259.900 kr.~~	62%
Sófasett tau	78.435 kr.	~~156.870 kr.~~	50%
Speglar	12.450 kr.	~~24.900 kr.~~	50%
Stakir stólar	5.196 kr.	~~12.990 kr.~~	60%
Stóll með snúningi	5.196 kr.	~~12.990 kr.~~	60%
Svefnsófi	12.495 kr.	~~24.990 kr.~~	50%

Öll rúm á 20% afslætti

Húsgögn fást einungis í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Oddi VO_B3826

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur staðið HM-vaktina frábærlega:

Veislunni að ljúka

Í kvöld lýkur fótboltaveislu sem hófst fyrir réttum mánuði með þátttöku 32 landsliða og hundruðum milljóna áhorfenda um allan heim. Þegar þetta er skrifað, 63 leikjum og 145 mörkum síðar, liggur fyrir að það verða annað hvort Frakkar eða Ítalir sem hefja til himins á Ólympíuleikvanginum í Berlín eftirsóttasta verðlaunagrip fótboltaheimsins; gullstyttuna eftir ítalska myndhöggvarann Silvio Gazazniga sem sýnir nokkra leikmenn halda jörðinni uppi.

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur séð um að matreiða veisluna inn á heimili landsmanna og hefur staðið sig hreint frábærlega í því hlutverki. Leikur Frakklands og Ítalíu í kvöld er 64. í röð beinna útsendinga stöðvarinnar og hafa þá allir leikir úrslitakeppni HM verið sýndir beint á Sýn eða Sýn Extra. Þetta er aðeins í annað sinn sem leikir heimsmeistarakeppni eru sýndir eins og þeir leggja sig í beinni útsendingu á Íslandi. Hitt skiptið var fyrir fjórum árum þegar Sýn og Stöð 2 léku sama leik.

„Sérstaklega er eftirminnileg koma stuðningsmanna landsliðs Tógó, þeirra Össurar Skarphéðinssonar og Þráins Bertelssonar, þar sem sá síðarnefndi skartaði hátíðabúningi að tógóskum hætti og var auk þess með vúdúheillagrip um hálsinn. Hvorugt dugði að vísu þeirra liði til sigurs.“

Fyrstu sautján daga keppninnar, þegar leikið var sem þéttast, var Sýn með óslitna HM-dagskrá frá 12.30 til 22 dag hvern. Dagskrárgerðarfólk stöðvarinnar hefur fengið meira en hundrað gesti í sjónvarpssal til að ræða leikina og ýmsa fleti á keppninni. Þar hafa jafnvel skapast augnablik sem eru ekki síður minnisstæð en atburðirnir á fótboltavöllunum í Þýskalandi. Sérstaklega er eftirminnileg koma stuðningsmanna landsliðs Tógó, þeirra Össurar Skarphéðinssonar og Þráins Bertelssonar, þar sem sá síðarnefndi skartaði hátíðarbúningi að tógóskum hætti og var auk þess með vúdúheillagrip um hálsinn. Hvorugt dugði að vísu þeirra liði til sigurs gegn sterku liði í Sviss, og þegar upp er staðið lifir heimsókn Össurar og Þráins lengur í minningunni en sjálfur leikurinn.

Þá hefur þáttur þeirra Þorsteins Joð og Heimis Karlssonar, 4-4-2, verið afbragðs skemmtun og umfjöllun þeirra náð almennri skírskotun. Sérstaklega er Þorsteini lagið að fjalla um fótbolta á þann hátt að jafnvel þeir sem hafa engan áhuga á íþróttinni geta hrifist með.

Sýningarréttur næstu heimsmeistarakeppni, sem fer fram í Suður-Afríku 2010, er í höndum Ríkissjónvarpsins og ljóst er að það verður ekki auðvelt hlutskipti að fara í fótboltaskó Sýnar. Ríkissjónvarpið er ekki í þeirri stöðu að geta lagt alla dagskrá sína undir einn viðburð eins og Sýn hefur gert, en að sama skapi eiga fótboltaáhugamenn kröfu um að sjónvarpið sinni verkefninu af ekki minni glæsibrag en sjónvarpsáhorfendur hafa orðið vitni að undanfarnar fjórar vikur. Fjögur ár eru til stefnu að leysa það mál. Þangað til segjum við takk fyrir okkur Sýn.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óskhyggjan
Össur Skarphéðinsson fjallar um varnarviðræður Íslands og Bandaríkjanna á heimasíðu sinni um helgina. „Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra er helsti sérfræðingur ríkisstjórnarinnar í varnar- og öryggismálum - og betur að sér um þau mál en samanlagður embættismannaherinn,“ skrifar Össur. „Það er athyglisvert, hvernig honum hefur verið haldið utan við þessar viðræður. Það bendir ekki til þess að nýi forsætisráðherrann sé sérlega sjálfsöruggur í þessu máli. Björn hefur hins vegar fellt sinn dóm um samningatækni ríkisstjórnarinnar. Í nýlegri grein í tímaritinu Þjóðmálum sagði hann að markmið hennar hefðu byggst á óskhyggju. Það eru orð að sönnu.“

Líttu þér nær
Ögmundur Jónasson skrifar eins og Össur reglulega á sína heimasíðu. Þar birtir hann líka lesendabréf. Í einu slíku segir Hjörtur Hjartarson: „Í sambandi við grein þína um starfslokagreiðslu fyrrum forstjóra Straums-Burðaráss, langar mig að benda á eftirfarandi: Hugsanlegt er að deyfð fólks gagnvart málinu megi meðal annars rekja til fulltrúa þess á Alþingi. Á Alþingi tóku forystumenn stjórnarandstöðunnar höndum saman við þá Halldór og Davíð og sviku út forréttindi sjálfum sér til handa. Eftirlaunaforréttindi með lítilli 50 prósenta launahækkun til formanna stjórnarandstöðunnar sem viðbit. Þótt litið sé fram hjá launahækkun til formanna stjórnarandstöðuflokkanna, hafa Samtök atvinnulífsins virt eftirlaunaforréttindin ein til 50 milljóna króna starfslokagreiðslu fyrir þingmenn og til 100 milljóna króna starfslokagreiðslu fyrir ráðherra.“

Réttlæti og óréttlæti
Á Vef-þjóðviljanum er fjallað um útboð á flugleiðum til fámennra staða sem ríkir niðurgreiðir. „Nú er að sumu leyti skiljanlegt að einhverjir íbúar landsins vilji láta aðra íbúa þess greiða fyrir sig hluta af ferðakostnaði sínum heim og að heiman. Það breytir því þó ekki að vandséð er hvernig hægt er að réttlæta það að taka fé af einum manni og afhenda öðrum til að hann geti ferðast með ódýrari eða þægilegri hætti en ella. En vandinn er ef til vill sá að þeir sem taka ákvarðanir um að taka fé af einum til að gefa öðrum eru sjaldnast beðnir um að réttlæta aðgerðir sínar.“

bjorgvin@frettabladid.is

Náttúruvernd og orkuverð

Í DAG
NÁTTÚRUVERND

ILLUGI GUNNARSSON

Það er tómt mál að tala um að við getum búið í þessu landi án þess að nýta gæði náttúrunnar. En það er því mjög nauðsynlegt að við komum okkur saman um aðferð til þess að ákveða hvenær rétt sé að leyfa byggingu stóriðju og raforkuvera.

Ég hef haft af því lúmskt gaman hversu margir vinstri sinnaðir kunningjar mínir tala þessa dagana um að þjóðin megi ekki vera hrædd. Og hvað skyldi það nú vera sem þjóðin má ekki vera hrædd við? Jú hún má ekki vera hrædd við að hætt verði við opinbera þátttöku í atvinnulífinu, þ.e. í uppbyggingu stóriðju. Þeir benda á að ef fólki er gefið svigrúm og tækifæri þá sé hugviti og framkvæmdagleði þess engin takmörk sett og því engin ástæða til að allt fari í hund og kött ef ríkinu tekst ekki að laða að stóriðjufyrirtæki til landsins. Ég er sammála þeim en get ekki varist því að hugsa til þess hvernig þessir sömu kunningjar mínir hafa árum saman hamast gegn einkavæðingu ríkisfyrirtækja, afnámi hvers kyns hafta og auknu viðskiptafrelsi. Þeim hefur alltaf fundist við hægri menn óábyrgir og skeytingalausir þegar við höfum haldið því fram að það sé engin ástæða fyrir þjóðina að vera hrædd þó ráðist væri í einkavæðingu símans, bankanna, skipafélagsins, prentsmiðjunnar, ferðaskrifstofunnar eða hvað það nú var sem vinstri menn hafa talið bráðnauðsynlegt að væru í eigu ríkisins. Reynslan sýnir að framkvæmdagleði og hugviti fólksins eru engin takmörk sett, þjónustan batnar og mannlífið verður blómlegra.

Flutningskerfið áfram í almannaeigu
Síðasta sunnudag reifaði ég þá skoðun mína að best sé að hið opinbera selji Landsvirkjun. Fyrir því færði ég aðallega tvenn rök. Annars vegar að viðskiptahagsmunir Landsvirkjunar krefjast þess að leynd hvíli yfir orkusamningum til stóriðju en á móti er sú krafa að þar sem fyrirtækið er í almannaeigu þurfi slíkir samningar að vera opinberir. Viðskiptahagsmunirnir fara því ekki saman við eignarhaldið. Hins vegar starfar Landsvirkjun nú á samkeppnismarkaði og má ætla að á næstu árum muni samkeppni í orkuframleiðslu fara vaxandi. Þegar þetta tvennt er vegið saman tel ég að rétt sé að hefja undirbúning að sölu Landsvirkjunar. En þessi rök eiga ekki við um flutning raforkunnar. Samkeppni verður til dæmis ekki komið við í flutning raforku svo vel sé. Því tel ég að ekki eigi að selja flutningskerfið með Landsvikjun, best er að ríkið eigi það áfram.

Náttúrvernd og stjórnmálamenn
Náttúruvernd og náttúrunýting verða ekki skilin í sundur. Það er tómt mál að tala um að við getum búið í þessu landi án þess að nýta gæði náttúrunnar. En það er því mjög nauðsynlegt að við komum okkur saman um aðferð til þess að ákveða hvenær rétt sé að leyfa byggingu stóriðju og raforkuvera. Þau átök sem hafa verið í þjóðfélaginu undanfarið hafa verið svo erfið meðal annars vegna þess að okkur skortir sameiginleg viðmið og grunn sem við getum byggt á. Ég tel að ef ríkið hættir að vera þátttakandi í stóriðjuframkvæmdum í gegnum Landsvirkjun megi þoka umræðunni um umhverfismálin í rétta átt. Stjórnmálamennirnir eiga í fyrsta lagi að einbeita sér að þeim skilyrðum sem við viljum setja náttúrunýtingunni. Vissulega hefur margt gott verið gert í því máli en þeirri vinnu er langt í frá lokið og reyndar má segja að henni ljúki aldrei. Í öðru lagi þarf að verðleggja nýtingarréttinn á náttúrunni, þ.e. réttinn til að virkja. Þetta síðarnefnda er lykilatriði.

Hvers virði er náttúran?
Leyndin sem er á orkuverði Landsvirkjunar gerir það að verkum að fjárhagslegar forsendur virkjunar eru ekki aðgengilegar almenningi. Orkuverðið endurspeglar annars vegar það sem Landsvirkjun þarf að fá til að hagnast og hins vegar hvernig við verðleggjum náttúruna sem fórnað er. Eins og málum er nú háttað getur almenningur ekki gert sér grein fyrir því mati, það fer fram fyrir luktum dyrum. Mér finnst það ekki skrýtið þegar málið er virt frá þessum sjónarhóli að umræðan um náttúruvernd og náttúrunýtingu verði stundum losaraleg og um leið heiftúðug - hvar eiga menn að mætast?

Sameiginleg viðmið - lykill að lausn
Ef ríkið selur Landsvirkjun mun fyrirtækið ákveða orkuverð sitt til stóriðju út frá venjulegum hagnaðarsjónarmiðum hafi slík framkvæmd staðist þær kröfur sem umhverfismat gerir. Áfram mun væntanlega hvíla leynd yfir því verði. En það sem breytist er að nú þarf fyrirtækið að greiða fyrir virkjunarréttinn. Sú upphæð endurspeglar hversu mikils við metum náttúruna sem við fórnum vegna virkjanaframkvæmda. Ákvörðun um þetta gjald þyrfti að taka á Alþingi og orkuverðið hækkar sem nemur gjaldinu. Þar með er sá þáttur sem skiptir okkur svo miklu, það er hvers virði náttúran er sem fórna á, orðinn opinber. Ef við ákveðum að gjaldið eigi að vera hátt þá erum við að senda þau skilaboð að náttúran sé okkur mikils virði. Þar með geta verkefni sem standast umhverfismat orðið óhagkvæm vegna þess að við teljum að ekki komi nægar fjárhagslegar bætur fyrir að fórna náttúrunni. Aðalmálið er að ákvörðunin verður gegnsæ, almenningur getur séð svart á hvítu hvaða forsendur stjórnvöld gefa sér þegar mikilvægar ákvarðanir í efnahags- og umhverfismálum eru teknar. Þessi lausn er auðvitað engin allra meina bót en án gegnsæis og sameiginlegra viðmiða verður aldrei von til þess að hægt sé að ná sæmilegri sátt.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Þreytt andlit og slitnar tuggur

UMRÆÐAN
HANNESI HÓLMSTEINI GISSURARSYNI SVARAÐ

INGA SIGRÚN ATLADÓTTIR
GUÐFRÆÐINGUR

Mikið gladdi það mig að sjá pistil Hannesar Hólmsteins í Fréttablaðinu í gær sem fjalla átti um þreytt andlit og slitnar tuggur. Í einfaldleika mínum bjóst ég við uppgjöri Hannesar við eigin greinaskrif því jafnskjótt og ég leit þreytt andlitið sem fylgdi greininni bjóst ég við að lesa slitnar tuggur. Það gekk allt eftir. En ólíkt hinum stórkostlega Davíð Oddssyni sem góðu heilli þekkti sinn vitjunartíma hefur Hannes Hólmsteinn ekki skynjað sín endimörk og þó allir hugsandi menn séu orðnir löngu leiðir á málæði Hannesar hamast hann sem aldrei fyrr. Greinilega farið að hitna undir kjötkötlunum á þeim bænum.

Í grein sinni setur Hannes fram sagnfræðiskýringar á skoðunarkönnun sem gerð var fyrir nokkru og samkvæmt náttúrueðli Hannesar er honum Samfylkingin hugleiknust. Sagnfræði Hannesar er að sjálfsögðu rökstudd með mikilfengleika Sjálfstæðismanna því í greinum hans endurspeglar sá flokkur jafnan heimsmyndina. Í upphafi röksemdafærslunnar birtist ein uppáhalds slitna tugga Hannesar um að vegna forystu Davíðs Oddsonar hafi þjóðinni vegnað vonum framar. Hannes veit ekki að uppgangur síðustu ára hefur fyrst og fremst verið vegna opnunar markaða í kjölfar EES-samnings Samfylkingarinnar enda hefur Sjálfstæðisflokkurinn sýnt það á síðustu árum að hann kann lítið með hagstjórn að fara.

Þrátt fyrir ungan aldur man ég glögglega inngöngu Davíðs Oddsonar í landsmálin og þau átök innan Sjálfstæðisflokksins

En sagan skrifar sig ekki alltaf eftir okkar skoðunum og í öll þessi ár hef ég þurft að hlusta á slitnu tuggur Hannesar Hólmsteins um Davíð Oddson, oftar en mér er hollt.

þegar Davíð Oddson vann formannssætið af þáverandi formanni flokksins, Þorsteini Pálssyni. Þeim sem á annað borð nenntu að rökræða við mig á þessum tíma um formannsskiptin lögðu mikla áherslu á hve skemmtilegur og fyndinn maður Davíð væri, hve hann væri orðheppinn og mikill listamaður. Hann þótti stjórna af mikilli röggsemi og í stjórn höfuðborgarinnar þótti hann hafa sýnt ótrúlega framkvæmdasemi, þó margir viðurkenndu að hann hefði kannski ekki alltaf leitað nægjanlegra sátta við alla hagsmunaaðila.

Því miður gat ég ekki samsamað mig þessari reynslu því ég hafði alveg misst af skemmtiþættinum Matthildi og í endursýningunum á leikritinu um Bubba kóng féllu leikhæfileikar formannsins í skuggann af þeirri skoðun minni að sjónvarpsefni sem ekki var í lit var hvorki áhugavert né gott sjónvarpsefni. Hinn nýi og ungi formaður sem margir fögnuðu sem talsmanni léttleikans, nýju tímanna og skörulegrar framgöngu verkaði á mig sem hrokafullur, sjálfsánægður og næmilaus togarasjómaður. Ef ég hefði haft aldur og leyfi til að kjósa í þessum slag hefði ég líkt og amma mín stutt Þorstein Pálsson sem var orðvar og bar með sér það traust sem talsmann hinna nýju og léttlyndari tíma skorti.

En sagan skrifar sig ekki alltaf eftir okkar skoðunum og í öll þessi ár hef ég þurft að hlusta á slitnu tuggur Hannesar Hólmsteins um Davíð Oddson, oftar en mér er hollt. Það er því einlæg von mín að Hannes komist sem fyrst niður í Seðlabankann til vinar síns þar sem þeir geta leikið sér saman með stýrivexti og verðbólguspár.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

VÍSIR ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

120 1886 2006

Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið opnuð ný þjónusta í Einkabankanum á landsbanki.is sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið milli tæplega fimmtíu góðgerðarfélaga og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 33383 07/2006

Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Engilberts Hannessonar
frá Bakka í Ölfusi.

Jóhanna Engilbertsdóttir, Páll Jóhannsson,
Valgerður Engilbertsdóttir, Garðar Guðmundsson,
Svava Engilbertsdóttir, Gunnlaugur Karlsson,
barnabörn og barnabarnabörn.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir og hjartadeild 14 E Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Elsku móðir, tengdamóðir og amma,

Sigrún Hjördís Eiríksdóttir,

andaðist föstudaginn 7. júlí á hjúkrunarheimilinu Víðinesi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Haraldur Gunnarsson **Lilja Hólm Ólafsdóttir**
Eiríkur Haraldsson
Ólafur Aron Haraldsson.

Ástkær móðir, fóstra, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn Guðmunda Eiríksdóttir
Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi,

verður jarðsungin mánudaginn 10. júlí kl. 15 í Grafarvogskirkju.

Smári Ragnarsson **Erla Kristín Svavarsdóttir**
Magnús S. Jónsson **Þórhildur M. Gunnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, mágs, afa og langafa,

Leifs Sigurðssonar
rennismíðameistara, Sogavegi 168, Reykjavík.

Guðmundur Ingi Leifsson **Elín Einarsdóttir**
Sigurður Leifsson **Margrét Árný Sigursteinsdóttir**
Elías Halldór Leifsson **Margrét Jónsdóttir**
Guðrún Kristófersdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

Ólafs Jóns Sigurjónssonar.

Börn, barnabörn og barnabarnabörn.

BARBARA CARTLAND RITHÖFUNDUR (1901-2000) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Mér hefur allt fundist konur torskildar. Ég skil þær ekki almennilega. Aðallega út af því hve fáar konur halda sig við sannleikann.“

Barbara Cartland var einn af vinsælustu ástarsagnahöfundum allra tíma. Hún var tíður gestur í fjölmiðlum í Bretlandi þar sem hún ræddi um hin ýmsu málefni, jafnan klædd í bleikt.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 9. JÚLÍ

Anne Frank fór í felur

Anne fæddist þann 12. júní árið 1929 í Frankfurt í Þýskalandi en foreldrar hennar voru gyðingar. Fljótlega eftir að nasistar komu til valda flutti fjölskylda Anne til Amsterdam í Hollandi. Þegar nasistar réðust inn í Holland árið 1941 fór Anna í skóla fyrir gyðinga og um sumarið árið 1942 fór fjölskyldan í felur í bakherbergi á skrifstofu Ottos föður hennar. Þar var hún í felum þangað til að Gestapo fann þau þann fjórða ágúst árið 1944.

Fjölskyldan var flutt í búðir til Westerbork í Hollandi og þaðan í Auschwitz fangabúðirnar í Póllandi í september sama ár. Anna og systir hennar voru fljótlega fluttar í aðrar fangabúðir, Bergen-Belsen í Þýskalandi og þar dóu þær úr flekkusótt í mars 1945. Móðir Önnu dó í byrjun janúar sama ár en faðir hennar slapp lifandi úr Auschwitz búðunum.

Á felustað fjölskyldunnar fannst dagbók Anne sem lýsir lífi fjölskyldunnar þau rúmu tvö ár sem hún var í felum. Dagbókin hefur verið gefin út á yfir fimmtíu tungumálum og er Anne eitt þekktasta fórnarlamb helfararinnar. Í dagbók sína skrifaði Anne meðal annars, „þrátt fyrir allt, þá trúi ég enn á að fólk sé raunverulega gott í hjarta sínu.“

KARL RÚNAR ÞÓRSSON Á BYGGÐASAFNI HAFNARFJARÐAR Ein af sýningunum sem boðið er upp á í Firðinum er „Jæja eru þeir þá komnir“ sem sýnir hernám Breta í seinni heimsstyrjöldinni, en í Hafnarfirði bjuggu hermennirnir í bröggum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

ÍSLENSKI SAFNADAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR UM ALLT LAND Í DAG

Frítt inn á hafnfirsku söfnin

Íslenski safnadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag en þá bjóða söfn landsins upp á ýmislegt skemmtilegt eins og nýjar sýningar eða ókeypis aðgang. Í Hafnarfirði er deginum fagnað með því að bjóða landsmönnum á Byggðasafnið og í Pakkhúsið þar sem verða þrjár sýningar.

„Við erum með hernámssýningu þar sem við gerum fyrst og fremst hernámi Breta á Íslandi skil og erum með bragga þar sem við sjáum bækistöðvar þeirra,“ segir Karl Rúnar Þórsson, sagnfræðingur á Byggðasafni Hafnarfjarðar. Karl segir að þegar hermennirnir hafi fyrst komið til Hafnarfjarðar hafi þeir búið í tjöldum en fljótlega var farið að reisa bragga í bænum. „Við erum með búnað breskra hermanna sem að við fengum frá Bretlandseyjum af því að við erum að vinna þessa sýningu í samstarfi við breskt sýningarfyrirtæki,“ segir Karl.

„Síðan erum við með fasta sýningu safnsins sem segir sögu Hafnarfjarðar í máli og myndum alveg frá landnámi og til okkar tíma. Við fjöllum meðal annars um sjávarútveginn en Hafnarfjörður byggðist upp á sjávarútvegi. Á þessari sýningu fjöllum við um bæði báta og útgerðina og svo færum við okkur yfir í þilskipin, vélbátana og skuttogarana. Náttúrulega var fyrsti togarinn sem var gerður út á Íslandi gerður út frá Hafnarfirði,“ segir Karl, en einnig verður fjallað um atvinnulífið og félagslífið svo eitthvað sé nefnt. „Svo er það leikfangasýningin, þar er eiginlega hugmyndin sú að það séu komin jól og það sé búið að taka utan af jólapökkunum og við sjáum þarna leikföng kannski svipuð og þau sem krakkarnir léku sér með í gamla daga.“

Þeir sem heimsækja Hafnarfjörðinn geta líka séð Sívertsenhúsið og Siggubæ en þar sést hvernig Hafnfirðingar bjuggu á árum áður. Sívertsenhúsið er heimili yfirstéttarfjölskyldu frá 19. öld en húsið byggði Bjarni Sívertsen kaupmaður í Hafnarfiði. Siggubær er hins vegar heimili alþýðufjölskyldu, húsið er frá árinu 1902 og er mjög lítið. Það var Sigríður Erlendsdóttir sem bjó þar lengst og er húsið nefnt eftir henni, en þar bjó þriggja manna fjölskylda til að byrja með og leigði út eitt herbergið til þess að eiga fyrir byggingarkostnaði.

Safnadagurinn hefur verið haldinn í nokkur ár en að honum standa Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt öllum öðrum söfnum landsins.

gudrun@frettabladid.is

Þökkum auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Valgerðar Jónsdóttir
Kórsölum 3, áður Rauðagerði 44.

Bestu þakkir til starfsfólks 11G og 11B Landspítala við Hringbraut fyrir yndislega hjálp í veikindum hennar. Einnig viljum við þakka Jóhönnu Birgisdóttur lækni og heimahlynningu krabbameinsfélagsins fyrir hlýhug og hjálp á undanförnum árum.

Guðný Eygló Valtýsdóttir
Hulda Berglind Valtýsdóttir **Haraldur Sigurðsson**
Erla Sólrún Valtýsdóttir **Tryggvi Þór Agnarsson**
Ágúst Ómar Valtýsson
Reynir Bergmann, Víðir Bergmann, Hlynur Bergmann, Þór, Valgerður, Sigurður Valtýr, Elísabet Lára, Katrín Guðrún, Guðbjartur Ægir, Ásgeir Örn og barnabarnabörn.

AFMÆLI

Þorgerður Guðný Guðmundsdóttir er áttræð

Bryndís Schram er 68 ára

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

BT ÚRÝMINGAR

Allt að 90% Afsláttur

SALA ÁRSINS

MEDION V6

50% afsláttur

6154IS
Medion V6 516
Intel Pentium 516
LGA775, 2 PCI,1 AGP,
2 SATA, 2 PATA, 10//100
7200 rpm á harðadisknum.
160 GB 5400 rpm
512 MB DDR-RAM
PC3200(400 MHz)
DVD Skrifari (Sony DW-G120AMD)
LAN 10/100
Medion Media Bay
Lyklaborð og mús

Takmarkað magn

- Pentium örgjörvi
- 160 GB harður diskur
- 512 MB vinnslu- minni
- DVD skrifari

39.999
79.999

TOSHIBA

PSPA3E-01F00LED
TOSHIBA SATELLITE P100-113
Intel® Core™ Duo T2400 2 x 1.83 GHz
Front Side Bus 667 MHz - 2MB flýtiminni
1GB DDR2 533MHz minni (Mest 2GB)
80 GB 5400RPM SATA diskur
17" TruBrite WXGA+ (1440 x 900 upplausn)
nVidia GeForce Go 7600 PCI Express
DVD±RW / DVD-RAM drif Dual Layer
VGA og DVI tengi, S-Video útgangur
MediaBay kortalesari
i.LINK® (IEEE 1394), 4x USB 2.0, hljóð inn/út
Harman Kardon og TruSurround XT hljóðkerfi
Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
Windows XP Home
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

ÞESSI! 17" FYRIR ÞIG

- Intel Core Duo örgjörvi
- 1024 MB DDR2 vinnsluminni
- DV Ready
- 80 GB S.M.A.R.T harður diskur
- nVidia GeForce Go 7600 skjákort

36.000 kr verðlækkun

179.988
215.988

6.498 Tölvu- og tækjalán 48 mán.
14.999 Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt
Frábært verð

Aðeins brot af úrvalinu

Fyrstur kemur fyrstur fær!

Playstation 2

50% afsláttur

2.999
5.999

50% afsláttur

Botn verð

Panasonic

SDRS100B
PANASONIC SD Tökuvél
3CCD tökuvél
10x Optical Zoom
3.1 Megapixel stafræn myndavél
2.8 inch LCD skjár
2GB SD kort fylgir

Takmarkað magn

40.000 kr verðlækkun

79.999
119.999

MEDION

MD41427
MEDION 27" LCD TV HD READY
27" LCD Sjónvarp HD
High Definition Ready
Contrast 900:1
Brightness 550cd/m2
Svartími 8ms
Upplausn 1280 x 720
Tveir Sjónvarpsmóttakarar
Mynd í Mynd

27"

Gott fyrir mús og menn

79.999
119.999

40.000 kr verðlækkun

hp invent

120-Q7290A
HP PSC 1410 fjölnotaprentari
Prentar - skannar - ljósritar

7.999
9.999

LCD Sjónvarpið

32"

Nei strákar er þetta ekki of langt gengið

Algjört RUGL verð

DENVER
DFT-3214
DENVER 32" LCD SJÓNVARP
Upplausn: 1366x768
Skerpa: 800:1
HDMI tengi
PIP (mynd í mynd)
Birta: 550 CD/M2

68.000 kr verðlækkun

99.999
149.999
167.999

Takmarkað magn

SONY

SONY GÆÐI

NW-A3000
20GB MP3 spilari frá Sony
-"super stylish, great sounding"

WHAT HI-FI?

38% afsláttur

24.999
39.999

33% afsláttur

NW-E407
Sony MP3 spilari 1GB

9.999
14.999

SONY

SONY GÆÐI

VÁÁ RUGL verð

25.000 kr verðlækkun

34.999
59.999
69.999

DAVDZ300
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ300
Fjölkerfa
S-Master Digital Magnari
800 Wött (5x133W +135W)
Útvarp FM/AM RDS
A/V Sync
Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW
VCD/S-VCD/MP3/JPEG/Divx
Dolby Digital, DTS og PLII

BT ALVÖRU ÚTSALA!

KENNETH LAY Forstjórinn fyrrverandi svaraði spurningum fréttamanna eftir að kviðdómur kvað upp úrskurð sinn í Houston í Texas í lok maí. MYND/AFP

Stofnandi Enron setti allt sitt á almættið

Kenneth Lay, stofnandi og fyrrum forstjóri bandaríska orkurisans Enron, lést af völdum hjartaáfalls í sumarhúsi sínu í Aspen í Bandaríkjunum á miðvikudag. Lay átti yfir höfði sér lífstíðardóm fyrir fjársvik og bókhaldsbrot og greiðslu gríðarlegra sekta. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson leit yfir æviferil fyrrum forstjóra orkurisans sem riðaði til falls.

Það er ofsögum sagt að Lay hafi verið með silfurskeið í munni frá fyrsta degi. Hann fæddist 15. apríl árið 1942 í Missouri-ríki í Bandaríkjunum og var fjölskylda hans með fátækara fólki. Faðir hans rak matvöruverslun en starfaði einnig sem predikari og blés börnum sínum þeirri trú í brjóst að sama hverju á gengi þá væru þau ávallt undir verndarvæng almættisins. Þetta ku hafa verið ágætt fararnesti úr föðurgarði sem Kenneth tók með sér í lífsbaráttuna og mótaði viðhorf hans til lífsins, reyndar með nokkrum fyrirvara.

Kenneth Lay átti sér um margt hefðbundna æsku. Meðfram námi bar hann út dagblöð og sló garða fólks en að loknu grunnskóla- og framhaldsnámi innritaðist hann í hagfræði við ríkisháskólann í Missouri og lýstu samnemendur hans honum sem vinnusömum og skarpgreindum manni. Lay útskrifaðist með MA gráðu í hagfræði frá Missouri háskóla á sjöunda áratug síðustu aldar.

Með gráðuna í vasanum hóf Lay störf hjá aldagömlu bandarísku olíufélagi, Humble Oil & Refining, árið 1965 en það var um sama leyti að breytast í olíurisann Exxon Mobil. Meðfram vinnu var hann í doktorsnámi í hagfræði við háskólann í Houston í Texas og útskrifaðist árið 1970.

KENNETH LAY Fallni forstjórinn er hann var handtekinn vegna Enron-málsins árið 2004. MYND/AP

Í vist hjá orkurisum

Samhliða störfum sínum hjá olíufélaginu gerðist hinn vinnusami Lay aðstoðarmaður í innanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og var um hríð aðstoðarkennari við George Washington háskólann í Washingtonborg þar sem hann kenndi háskólanemum hagfræði og opinbera stjórnsýslu.

Í fyrstu var Kenneth Lay aðalhagfræðingur hjá Exxon Mobil og reis hann fljótt til metorða. Eftir fimmtán ár sagði hann skilið við fyrirtækið til að taka við forstjórastöðu hjá gasfyrirtækinu Houston Natural Gas í Flórídaríki í Bandaríkjunum, við upphaf níunda áratugarins.

Þegar regluverk varðandi orkuiðnað í Bandaríkjunum var einfaldað í stjórnartíð Ronalds Reagan við upphaf níunda áratugarins, sá Lay sér leik á borði og sameinaði Houston Natural Gas og fyrirtækið Inter-North, sem sérhæfði sig í framleiðslu og lagningu á gasleiðslum árið 1985. Starfsemi fyrirtækjanna var við þetta sameinuð undir einu nafni, Enron.

Orkurisinn stígur fram

Með sameiningu fyrirtækjanna varð til gríðarstórt bákn með rúmlega tuttugu þúsund manna starfsliði og festi Enron sig tryggilega í sessi sem eitt stærsta orkufyrirtæki í heimi með jarðgas og einn umsvifamesti raforkusali í Bandaríkjunum. En auk þessa sinnti Enron einnig viðskiptum með kol, trjákvoðu, pappír, plast, málma og ljósleiðara.

Þrátt fyrir að stjórna einu af stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna er engu líkara en hinn vinnusami Lay hafi haft næga umframorku sjálfur því hann sat í stjórnum fjölda fyrirtækja og nefnda á vegum bandaríska ríkisins, svo sem hjá tölvurisanum Compaq, í bandaríska viðskiptaráðinu og í nefnd á vegum ríkisins sem fjallaði um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda svo eitthvað sé nefnt.

Tengdur Hvíta húsinu

Kenneth Lay hélt alla sína stjórnartíð góðum tengslum við Repúblíkanaflokkinn í Bandaríkjunum, ekki síst við George Bush yngri. Samband Lays við Bush yngri hófst þegar hann barðist fyrir kjöri til ríkisstjóra í Texas og þegar staðan var í höfn leitaði Lay oftsinnis til hans vegna mála sem tengdust rekstri orkufyrirtækisins. Ágætur vinskapur varð þeirra á milli og er Bush yngri sagður hafa kallað forstjóra Enron „Kenny boy“ eða stráklingurinn Kenny upp á íslensku.



BRÉF TIL BUSH Lay var dyggur stuðningsmaður og vinur George W. Bush, forseta Bandaríkjanna. Hér getur að líta eitt margra bréfa sem hann skrifaði Bush er hann gegndi embætti ríkisstjóra í Texas. MYND/AP

Þegar stjórnarskipti urðu í Hvíta húsinu með tilkomu Bills Clintons í embætti forseta Bandaríkjanna réð Enron þá James Baker, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna í ríkisstjórn George Bush eldri, og Robert Mosbacher, viðskiptaráðherra landsins á árunum 1989 til 1992, í sínar raðir.

Framsækið fyrirtæki

Gengi Enron-risans jókst gríðarlega og náði hámarki í ágúst á aldamótaárinu 2000, þegar gengi bréfa í fyrirtækinu fór á 90,56 dali á hlut.

Enron var á þessum tíma eitt af fimmtíu stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna og markaðsvirði þess nam tæpum sjötíu milljörðum dala, jafnvirði tæpra átta þúsund milljarða íslenskra króna á þáverandi gengi. Slíkur var uppgangurinn að heimsþekkt stórfyrirtæki á borð við bandarísku bílaframleiðendurna General Motors, Ford og Chevron voru langt á eftir Enron á lista yfir stærstu fyrirtæki landsins.

Stjarna Kenneths Lay skein skært. Varð hann launahæsti forstjóri landsins og fékk meðal annars jafnvirði rúmra fjögurra milljarða króna í kaupaukagreiðslur árið 1999. Þá var auður Lays slíkur að hann er sagður hafa gefið eiginkonu sinni lystisnekkju í afmælisgjöf eitt árið.

Fjölmiðlar fóru góðum höndum um fyrirtækið á þessum uppgangstímum líkt og gjarnan var um marga þá sem risu hátt á sviði viðskiptalífsins. Bandaríska viðskiptatímaritið Fortune tilnefndi Enron sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum Bandaríkjanna sex ár í röð og sagði það hafa náð að aðlagast breyttum markaðsaðstæðum með framúrskarandi hætti.

En annað átti eftir að koma í ljós.

Hallar undan fæti

Í nóvember árið 2001 bárust fregnir þess efnis að Enron rambaði á barmi gjaldþrots. Rannsókn á bókhaldi fyrirtækisins leiddi í ljós að æðstu stjórnendur þess, þar á meðal Kenneth Lay, hefðu falsað afkomutölur undanfarin fjögur ár og látið sem Enron hefði skilað hagnaði.

En reyndin var önnur. Fjölmargir fjárfestar losuðu sig við bréf í fyrirtækinu með þeim afleiðingum að gengi þess hrundi niður í um sextíu sent á hlut, eða um 85 prósent, og urðu nánast verðlaus.

Lay virðist hins vegar hafa haft grun um í hvað stefndi og losaði sig við bréf sín í fyrirtækinu tveimur mánuðum áður en fréttir um yfirvofandi gjaldþrot Enron fóru í loftið og hagnaðist um jafnvirði rúmra þrjátíu milljarða króna á þáverandi gengi. Á sama tíma hvatti hann starfsfólk Enron hins vegar til að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu.

Dómur fellur

Réttarhöld í Enron-málinu hófust í lok janúar á þessu ári og lauk þeim í lok maí í Houston í Texas í Bandaríkjunum með þeim úrskurði kviðdóms að þeir Lay og Jeff Skilling, fyrrum yfirframkvæmdastjóri fyrirtækisins, hefðu gerst sekir um aðild að samsæri um skjalafals, verðbréfasvik, fjársvik og ýmis bókhaldsbrot.

Þegar Kenneth Lay lést í sumarhúsi sínu á afslöppunarstað ríka og frægra fólksins í Aspen í Colorado í Bandaríkjunum á mánudag átti hann yfir höfði sér margra milljarða króna sektargreiðslur og lífstíðar fangelsisdóm.

Lay var 64 ára en hann lætur eftir sig eiginkonu, fimm börn og tólf barnabörn.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891

Finnur þú fyrir sekt?

Umferðarlagabrot	
*Of hraður akstur	kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi	kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl	kr. 20.000
samtals	kr. 170.000

* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.

Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.

UMFERÐARSTOFA RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN VEGAGERÐIN SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Tilbiðjum það sem snertir okkur mest

Grótta tekur stakkaskiptum 15. júlí en þá opnar þar samsýningin Eiland. Fimm listamenn taka þátt í sýningunni, þau Friðrik Örn Hjaltested, Hrafnkell Sigurðsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Haraldur Jónsson og Ragnar Kjartansson. Undirbúningurinn hefur staðið yfir lengi og öll verkin eiga það sameiginilegt að vera innblásin af Gróttu á einn eða annan hátt. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við fimmmenningana um fríríkið Eiland.

EILAND GROUP Frá vinstri: Friðrik Örn, Hrafnkell Sigurðsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson og Haraldur Jónsson. Myndin er tekin á Malarrifi á Snæfellsnesi þar sem upphaflega stóð til að halda sýninguna.

Vitar í myrkri

„Nei, þetta er ekki stafsetningarvilla," segir Friðrik Örn Hjaltested ljósmyndari og hlær þegar hann er spurður út í nafngiftina á sýningunni. „Hugmyndin um Eiland sprettur af því að Grótta er einskismannsland í þeim skilningi að þetta er friðland og þarna býr enginn. Þá er Grótta bæði eyja og partur af meginlandinu, allt eftir því hvort það er flóð eða fjara."

Friðrik hefur haft veg og vanda af skipulagningu sýningarinnar en tildrög hennar má rekja til þess að fyrir ári síðan var hann beðinn um að halda ljósmyndasýningu vestur á Snæfellsnesi. „Upphaflega hugmyndin var að halda sýningu í vitanum á Malarrifi, rétt við Snæfellsjökul. Þetta er sérstakur staður og úr alfaraleið og mér datt í hug að gera eitthvað meira úr þessu og fá fleiri til liðs við mig og hafði þess vegna samband við þau Ragnar, Hrafnkel og Ásdísi, sem ég þekkti öll. Þau slógu til og við ákváðum að halda samsýningu á Malarrifi, sem við höfum verið að undirbúa síðan."

Fyrir um það bil tveimur mánuðum síðan kom hins vegar í ljós að aðstæður leyfðu ekki að sýningin yrði haldin vestur á Malarrifi og þá voru góð ráð dýr. „Ég fór að velta því fyrir mér hvar við gætum fundið annan stað og þá datt mér í hug Grótta, sem er að mörgu leyti sambærilegur staður við Malarrif. Ég hafði því samband við Jónmund Guðmarsson, bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, og honum leist svona vel á. Seltjarnarnesbær hefur þannig stutt okkur mikið með því að lána okkur húsakostinn í Gróttu og leyfði okkur að vera þar útfrá á meðan á varptímanum stóð í maí og júní. Þá lánaði Siglingastofnun okkur vitann þannig að allur húsakostur Gróttu verður lagður undir listaverk, auk þess sem það eru nokkur útiverk. Þá verðum við með lítið kaffihús í Fræðslusetrinu á meðan á sýningunni stendur, þar sem fólk getur tyllt sér niður."

Friðrik segir að undirbúningur sýningarinnar hafi verið lengri en hann hafi átt að venjast, sem gerir sýninguna sterkari að hans mati. „Í flestum samsýningum er það bara einn sýningarstjóri sem ræður öllu og fær til liðs við sig listamenn úr hinum og þessum áttum. Í þessu tilfelli höfum við undirbúið sýninguna lengi og fínpússað hana saman, þannig að konseptið er fyrir vikið sterkara. Hugmyndin er sú að við erum að taka okkur bólfestu á þessum stað og tilbiðja þá hluti í umhverfinu sem snerta okkur mest."

RAUÐ SÍRENA Úr vídeóverki Ásdísar Sifjar, sem er að stórum hluta tekið í Gróttu.

Verk Friðriks á sýningunni eru ljósmyndir af vitum, en hann hefur ferðast út um allt land undanfarna þrjá vetur til að mynda þá. „Einhverra hluta vegna hef ég alltaf verið að mynda turna. Ég bjó í Bandaríkjunum í níu ár og tók myndir af vatnsturnum í hverjum einasta bæ sem ég kom í. Fyrir þremur árum gisti ég í vita að vetri til og í svartri vetrarnóttinni þá kræktu vitarnir í mig og hafa ekki sleppt síðan."

Myndir Friðriks Arnar eru allar teknar að nóttu til í myrkri þegar kveikt er á vitunum. „Það er dálítið merkilegt til þess að hugsa að flestar ljósmyndir af vitum eru teknar á daginn þegar það er slökkt á þeim. Mér fannst því vera tækifæri til að gera heilmarga hluti." Myndirnar á Eilandi eru reyndar aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal, því hann undirbýr útgáfu bókar með myndum af vitunum og stóra yfirlitssýningu.

Hæfilega órætt

Ásdís Sif Gunnarsdóttir býður upp á vídeóinnsetningu á Eilandi en hún er unnin upp úr upptökum sem gerðar voru á staðnum sem og í eyðimörkinni í Kaliforníu. Inn í það fléttar hún ljósmyndum og skúlptúrum sem tengjast vídeóverkinu. „Við unnum mikið út frá staðnum sjálfum, það er að segja Gróttu og nánasta umhverfi þar. Ætli sjórinn hafi ekki haft mest áhrif á mig og ég ákvað að tína upp nokkra hluti sem hafa rekið á fjörur okkar, hugsanlega úr framtíðinni." Skúlptúrunum verður dreift hér og þar um Eilandið en sýningargestir geta litið á kort sem auðveldar þeim að finna þá. „Þetta eru neon skúlptúrar úr plasti og álpappír," segir Ásdís. „Ég nota mikið af skærum litum og form sem skera sig úr náttúrunni eins og í framtíðarbíómynd. Myndirnar fjalla hins vegar um íslensku sumarnóttina þar sem birtan er blá eins og maður búi á tunglinu, og þær kallast á við birtuna í myndunum sem voru teknar í eyðimörkinni í Kaliforníu. Annars held ég að það sé best að segja ekki of mikið, reyna að hafa þetta hæfilega órætt," segir hún og hlær.

Ásdís tekur undir með Friðriki að samhljómurinn í sýningunni sé mikill og þakkar það löngum undirbúningi og mikilli samvinnu. „Ég held að við höfum öll haft talsverð áhrif á hvert annað og öll fundum við fyrir nýjum áhrifum frá náttúrunni, sem auðveldaði okkur að búa til nýja nálgun."

Stjórnlaus náttúrubörn og skilyrtar borgarverur

Haraldur Jónsson er með þrjú verk á sýningunni sem heita Herbergi, Útburður og Ofnæmi. „Þetta eru allt nátengd verk, innblásin af staðháttum: hinni svokölluðu ósnortnu náttúru og gömlu góðu tvíhyggjunni sem hún myndar með siðmenningunni. Mitt á milli er svo garðurinn, hin tamda náttúra mannsins." segir Haraldur.

„Við urðum fyrir miklum áhrifum af þessari einangrun í Gróttu og um leið þessu erkitýpíska hlutskipti að vera Íslendingur, að þurfa að takast á við þessa einangrun og frumstæðu aðstæður, eins og áar okkar gerðu. Núna erum við hins vegar flest komin í þéttbýli og búin að missa sakleysið og ég vildi vinna með þessa undarlegu blöndu sem felst í að við erum bæði stjórnlaus náttúrubörn og skilyrtar borgarverur."

Herbergi og Útburður eru hvort tveggja hljóðverk, hið fyrra er leikið inni í vitanum en hitt úti á berangri, en í þeim báðum er reynt að efnisgera skynjun og tilfinningar. „Ég held við höfum öll reynt að vinna mikið með menningar og þjóðararfinn. Sjálfur held ég að það sé einhver frumgerð í þjóðarkarakternum og mig langaði að fanga í honum hljóðið, sem ég held að einkennist að vissu leyti af innbyggðum kvíða, þetta er hálfgert útburðarvæl. Ég skal ekki segja hvernig til hefur tekist en mér er sagt að þetta hafi ákveðinn lækningamátt fyrir suma."

Í kjallara Gróttuvita hefur

ÚR ÁHÖFN Hrafnkell Sigurðsson tekur nærmyndir af sjóstökkum skipverja á togara í myndaseríu sinni.

Haraldur komið upp rannsóknarstofu, hlaðinni af teikningum sem hann kallar Ofnæmi. „Mér finnst þetta skemmtilega tvírætt orð, annars vegar hefur það sína hefðbundnu merkingu en getur líka þýtt „ofurnæmi.“ Ofnæmisteikningarnar eru uppdráttur eða birtingarmyndir af ákveðnum fyrirbærum og fjalla um hvernig við samsömum okkur við umhverfið eða hvernig það verður fráhrindandi. Þetta er tilraun til að sjá það fallega í því hryllilega og kallast um leið á við þessa margradda og þversagnakenndu hljómkviðu sem lífið er.“

Fortíð og nútíð mætast í Gróttu

„Ég býð upp á ljósmyndasýningu sem heitir Áhöfn,“ segir Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður. „Þetta eru aðallega portrettmyndir af skipverjum á togara og nærmyndir af búkum verkamanna í áberandi skærum vinnugöllum með endurskinsmerkjum. Ég fékk þessa hugmynd þegar við fórum að skoða okkur um þarna á Gróttu. Sjórinn er náttúrlega þarna allt um kring og ég fór að hugleiða sögu staðarins, útgerðina, verbúðirnar og fleira og ímynda mér hvernig það hefði verið og ákvað að gera verk út frá því.“

Myndum Hrafnkells verður stillt upp í risi gamla vitavarðarhússins, en alls eru þrjár hæðir í húsinu og sex hæðir í vitanum sem allar eru nýttar fyrir sýninguna. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Hrafnkell gerir Gróttu að viðfangsefni. Hann kenndi við Listaháskóla Íslands í vor og setti nemendum meðal annars fyrir það verkefni að hanna byggð á staðnum.

Rómantíkin í hafinu

Hafið er Ragnari Kjartanssyni hugleikið í Eilandi en verk hans samanstendur af fjölmörgum teikningum og málverkum af hafinu. „Ég hef áður unnið með

GRÓTTUVITI Friðrik Örn hefur myndað vita um allt land að næturlagi.

svona teiknimyndasyrpur, eins og í Nýlendunni sem sýnt var í Kling og Bang. Mér finnst heillandi einhver ósköp af sama þemanu. Fjöldaframleiðsla.“

Ragnar segir að verkið um sjóinn minni sig á afa sinn og alnafna sem hafi málað margar vatnslitamyndir af hafinu og gert fjölmarga skúlptúra um land allt í minningu um drukknaða sjómenn. Hann fór líka oft með mig út í Gróttu þegar ég var pjakkur og málaði margar myndir af húsunum og hafinu í kring.

Það er eitthvað ótrúlega rómantískt við hafið, dauði, myrkur, kuldi, eilífð og mystík. Mér finnst eins og ég hafi verið að gera teikningar af teikningum þegar ég gerði þessar myndir. Þetta er ekki beint eins og samtímalist heldur eins konar fölsun á öðrum tíma. Það er heillandi.

Sýningin Eiland í Gróttu stendur frá 15. júlí fram yfir Menningarnótt 20. ágúst. Opnunartímar verða samkvæmt flóðatöflu. Flóð og fjara breytast dag frá degi en í megindráttum verður sýningin seinni hluta dags aðra hvora viku og fyrri hluta dags aðra hvora viku og opin sex tíma í senn. Nánari upplýsingar um Eiland má finna á heimasíðu sýningarinnar, www.eiland.is.

FRÁ GRÓTTU Nafnið Eiland er dregið af því að bæði er Grótta einskismannsland og auk þess bæði eyja og tengd meginlandinu.



Mennirnir á bakvið rokkarana

EINAR BÁRÐARSON, SINNIR STÚLKAHLJÓMSVEITINNI NYLON „Starfið er bæði tímafrekt og krefjandi."

PÁLL EYJÓLFSSON, ER BÆÐI Í HLJÓMSVEIT OG SINNIR UMBOÐSSTÖRFUM Umboðsmaður rokkkóngsins Bubba. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hlutskipti umboðsmanna í poppbransanum er oft ekki öfundsvert enda berast stundum sögur af duttlungum frægðarfólks sem krefst eingöngu blárra handklæða eða guls M&M. En starfið hefur fleiri fleti og marga skemmtilega. Bryndís Bjarnadótttir hitti nokkra umboðsmenn að máli og spurði út í starfið og stjörnustælana.

Gráða í þroskaþjálfun nauðsynleg

Grímur Atlason er hefur unnið sem umboðsmaður hljómsveita í nokkur ár. Hann hóf sjálfur að spila á bassa þegar hann stundaði nám við Menntaskólann við Hamrahlíð, en varð að eigin sögn aldrei nógu góður til að slá í gegn. „Í stað þess að spila sjálfur fór ég fljótlega að halda utan um þá tónleika sem fram fóru í skólanum. Ég þótti sýna ágæta takta og því hef ég haldið mig við þennan vettvang síðan".

Grímur er umboðsmaður hljómsveitanna Mezzoforte og Hjálma, Ellenar Kristjánsdóttur og nýrrar sveitar með Sigríði Eyþórsdóttur og Þorsteini Einarssyni, innanborðs. „Ég held líka hina og þessa tónleika með ýmsum meisturum sem eru ekki endilega fastir á minni könnu. Þá átti ég frómt skeið með hljómsveitinni Bless en hljómleikaferð sveitarinnar til Bandaríkjanna er með öllu ritskoðuð," segir Grímur dulur á svip.

Grímur leggur sérstaka áherslu á mikilvægi menntunar í starfi umboðsmanna. „Það tók nokkur ár áður en ég fór eingöngu að sinna þessu starfi, en ég nældi mér í gráðu í þroskaþjálfun þegar ég var að byrja í bransanum. Ég held að fleiri kollegar mínir mættu skella sér í Kennaraháskólann og læra það sama og ég. Það ætti hreinlega ekki að hleypa fólki í umboðsstarf án þeirrar menntunar," segir Grímur og hlær.

Starfið er gífurlega spennandi að sögn Gríms, enda segist hann hafa ótæmandi áhuga á tónlist og tónleikum og öllu umstanginu í kringum starfsgreinina. „Ég er hins vegar ekki til í að fórna öllu fyrir þetta starf. Ég er til að mynda ekki spilafíkill, þannig að veðmál með íbúðina mína fyrir sveitta rokkstráka, hvort sem það snýr að plötu eða hljómleikaferðalagi, er ekki til í dæminu. Það er hins vegar skemmtilegt og spennandi að byggja eitthvað frá grunni og sjá það springa út í Fríkirkjunni, Laugardagshöll eða Búdapest. Nú að ógleymdum hljómplötunum."

Þegar hann er inntur eftir sérvisku viðskiptavina sinna, segir hann allan gang vera á því, bæði að magni og inntaki. „Það er auðvitað misjafn sauður í mörgu fé, hér sem annars staðar. Sumir eru nammifíklar, aðrir alkóhólistar og enn aðrir kynlífsfíklar. Ég sinni þó eingöngu nammiþörfinni, öðrum þörfum sinni ég ekki nema á stundum fær ónefndur trommari grænt te hjá mér. Alltaf rekst maður á einhverja þvælu í ræderum, eins og sykur- og saltlaust ökólógískt hnetusmjör, sem án undantekningar verður að vera komið baksviðs klukkan 9 að morgni tónleikadags. Yfirleitt eru þessar sérþarfir síðan ekki snertar þegar á hólminn er komið," segir Grímur og hlær dátt.

Unnið með öllum og ömmum þeirra líka

Einar Bárðarson hefur verið viðriðinn bransann í fjölda ára. Hann hefur sinnt og sinnir enn mörgum þekktum íslenskum hljómsveitum, til dæmis Todmobile og Skítamóral. Síðustu árin hefur hann einkum haldið utan um stúlknabandið Nylon sem er á tónleikaferðlagi um Bretland.

Eins og svo margir umboðsmenn var Einar sjálfur í hljómsveit á sínum tíma. „Ég byrjaði að gutla í bandi eins menn gera í framhaldsskóla og hafði gaman af en naut þess ekkert sérstaklega vel að vera á sviði." Fyrsta hljómsveitin sem hann aðstoðaði var Skítamórall en Addi Fannar, bróðir Einars, stofnaði hana einmitt. „Ég aðstoðaði hljómsveitina tölurvert eða þar til ég fékk boð frá Helga Björnssyni og tók að mér SSSól. Ég tók hrikalega flottan túr með Holy B [Helga Björnssyni] og það var ekki aftur snúið eftir það. Síðan hef ég hreinlega unnið með öllum og ömmum þeirra líka, þannig að það er enginn sem ég þekki ekki í þessum bransa nema kannski Leoncie," bætir Einar við og skellir upp úr. Umboðsstarfið er gríðarlega krefjandi og tímafrekt að mati Einars. „Maður þarf að vita allt fyrstur, geta allt betur og vinna frá 7 á morgnana til 12 á miðnættis og vanda sig allan tímann".

Um duttlunga viðskiptavina sinna segir Einar enga stúlknanna í Nylon sýna stjörnustæla og að þær séu mjög þægilegar í samstarfi. „Auðvitað eru samt margir sem reyna alls konar bull en við hlustum yfirleitt ekki á neitt svoleiðis. Við vitum reyndar að þegar beðið er um hluti, eins og ekkert fiður í koddum á hótelherbergjum, þá er verið að verjast ofnæmi. Þegar beðið er um grænmetisfæði þá skilur maður það. En ef það er algert skilyrði hjá einhverjum að fá Evian-vatn eða bara gult M&M þá segist maður bara hafa gleymt því. Það nennir engin að standa í svoleiðis bulli nema þeir sem eru að gera þetta í fyrsta sinn."

Hvað eigin sérvisku varðar segir Einar sig afar hjátrúfullan. „Daginn sem ég stofnaði plötufyrirtækið mitt í London þá flaug ég í hendingskasti frá Bandaríkjunum til London og skipaði öllum að fljúga til London að kvöldi 12. janúar og heimtaði að stofnfundurinn yrði um kvöldið því ég tók ekki í mál að stofna félagið, föstudaginn 13. janúar. Það gerist ekkert í heiminum út á tilviljanir," undirstrikar Einar af ákefð..

Mínus heimtaði bleikan klósettpappír

Þorkell Máni Pétursson, vinnur alla jafna á útvarpsstöðinni X-inu, en hann starfar jafnhliða því sem umboðsmaður. „Ég ætla ekkert að gefa upp hvaða hljómsveitir það eru sem ég er í umboðsmennsku fyrir. Það eru mörg bönd," segir Þorkell Máni, en hann var eitt sinn umboðsmaður Mínuss svo dæmi sé nefnt. „Þetta er að mörgu leyti ömurlegt starf enda felst það í því að gera það ónauðsynlega fyir hina vanþakklátu," Hann leggur þó áherslu á að starfið geti þó stundum verið spennandi, sérstaklega þegar afraksturinn af einhverju sem búið sé að vinna að lengi er góður. „Að sjá síðan menn klúðra öllu því sem vel er gert og gera svo herfilega upp á bak að annað eins hefur ekki sést", bætir hann við hlæjandi. „Menn eru helst í þessu fyrir peningana sem þó eru litlir. Til að mynda þarf ein stærsta popphljómsveit landsins síðustu 20 ára, að fá lánaða tugi milljóna króna frá Baugi og kallar það menningarlegan styrk."

Sjálfur kunni Þorkell Máni ekki á hljóðfæri en ákvað þess vegna að gerast umboðsmaður í

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

ÞORKELL MÁNI PÉTURSSON „Starfið felst í því að gera hið ónauðsynlega fyrir hina vanþakklátu." FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tæknifræðingar – Verkfræðingar

TRAUST KNOW HOW Ltd.

Traust Þekking ehf. er verkfræði- framleiðslu- og verslunarfyrirtæki sem hannar, framleiðir og afhendir einstakar vélar og sérsniðnar lausnir, vélar og heilar verksmiðjur í matvælageiranum. Nánari upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins eru á heimasíðu fyrirtækisins www.traust.is

Við leitum að starfskrafti til að aðstoða við rekstur fyrirtækisins. Sjálfstætt og krefjandi starf þar sem reynir á frumkvæði og fagleg vinnubrögð.

Starfssvið:
- Tilboðsgerð og sölumennska á tækjabúnaði
- Eftirlit með framleiðslu, innkaupum og birgðahaldi
- Tæknileg gerð vinnslulína og ráðgjöf
- Erlend og innlend samskipti við birga

Hæfnis- og menntunarkröfur:
- Tækni- eða verkfræðimenntun er skilyrði.
- Þekking á fiskiðnaði og matvælavinnslu er æskileg.
- Góð enskukunnátta og mikil samskiptahæfni er nauðsynleg.

Umsóknir óskast fyrir 25. júlí nk. og sendist á e-mail til traust@traust.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað.

Íbúðir óskast til leigu á Álftanesi

Sveitarfélagið Álftanes óskar að taka á leigu tvær til þrjár íbúðir á Álftanesi fyrir einstaklinga og fjölskyldur.
Tilboð sendist Sveitarfélaginu Álftanes, Bjarnastöðum 225 Álftanes.
Eða með tölvupósti á **soffia@alftanes.is**
Nánari upplýsingar veitir Soffía Ólafsdóttir, félagsráðgjafi í síma 550 2300.

Sigurður Magnússon, bæjarstjóri.

Gott fólk!

IMG Mannafl Liðsauki sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar og hafið samband þegar ráða þarf nýja starfsmenn.

Starfsmenn IMG Mannafls Liðsauka starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Gólflausnir Malland ehf. óskar eftir starfsmönnum í gólflagningarstörf.

Um er að ræða framtíðarstörf. Boðið er upp á góða tekjumöguleika.

Leitað er eftir hraustum einstaklingum eldri en 18 ára og hafa áhuga á mikilli vinnu.

Umsækjendur skili inn umsóknum á **kristinn@malland.is**

GÓLFVERK MALLAND

Ef þú hefur reynslu af að reka heimili, þá er þetta starf sem hentar þér!

Subway auglýsir eftir verslunarstjóra, um er að ræða dagvinnu og býður starfið uppá sveiganleika í vinnutíma og vinnuhlutfalli.
Umsækjendur verða að vera skipulagðir, jákvæðir og lífsglaðir.
Eiga gott með að vinna með ungu fólki og búa yfir stjórnunarhæfileikum.
Æskilegur aldur 25-50 ára. Góð laun í boði.

Subway er lifandi og skemmtilegur vinnustaður með jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki.

SUBWAY™

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar í síma 696 7008. Umsóknum skal skilað fyrir 21. júlí n.k. á netinu www.subway.is, gunnar@subway.is eða á Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.

Industria™

Skrifstofustarf

Industria ehf. óskar eftir starfsmanni í fullt starf á skrifstofu.

Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og hafa reynslu af skrifstofustörfum. Þekking á bókhaldi er kostur, en ekki nauðsyn. Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst .
Nánari upplýsingar veitir Esther Jóhannsdóttir í síma 559-2000 eða tölvupósti: esther@industria.com.

Húsnæði óskast.

Húsnæði í Miðbænum

Industria ehf. óskar eftir að taka á leigu húsnæði í miðbæ Reykjavíkur.
Ákjósanleg stærð er 4ra - 6 herbergja íbúð/hús.
Leiga á húsnæði með húsgögnum er æskileg en alls ekki skilyrði.
Leigutími er samkomulag.
Nánari upplýsingar veitir Esther Jóhannsdóttir í síma 559-2000 eða tölvupósti: esther@industria.com.

Stýrimaður

Stýrimaður óskast á beitingavélaskipið Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík. Áætlað er að hefja veiðar 10. ágúst að loknu sumarleyfi.
Góður kvóti og góðir tekjumöguleikar.

Uppl. Í síma 520-7306 & 893-5458 og á heimasíðu fyrirtækisins.

FISKKAUP HF.

Geirsgötu 11-101 Reykjavík • www.fiskkaup.is

Stýrimaður

Stýrimaður óskast á beitingavélaskipið Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík. Áætlað er að hefja veiðar 10. ágúst að loknu sumarleyfi.
Góður kvóti og góðir tekjumöguleikar.

Uppl. Í síma 520-7306 & 893-5458 og á heimasíðu fyrirtækisins.

FISKKAUP HF.

Geirsgötu 11-101 Reykjavík • www.fiskkaup.is

AÐSTOÐARMAÐUR RÆÐISMANNS

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu aðstoðarmanns ræðismanns lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til 14. júlí 2006.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http//iceland.usembassy.gov.

Áhugaverð framtíðarstörf
Verslun Skútuvogi

Deildarstjóri málningardeildar
Við leitum að áhugasömum, metnaðarfullum og þjónustulunduðum einstaklingi í krefjandi starf.

Ábyrgðarsvið:
Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
Pantanir, ráðgjöf, tilboðsgerð og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:
Iðnlærður málari eða reynsla úr sambærilegu starfi
Góð þekking á málningarefnum
Tölvukunnátta nauðsynleg
Góð framkoma og færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæði og frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sölu og afgreiðslumaður í festingadeild
Við leitum að áhugasömum, metnaðarfullum og þjónustulunduðum einstaklingi.

Ábyrgðarsvið:
Sala, afgreiðsla, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
Pantanir og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:
Iðnmenntun væri kostur en ekki skilyrði
Góð þekking á byggingarefnum
Tölvukunnátta kostur
Góð framkoma og færni í mannlegum samskiptum.
Sjálfstæði og frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fyrir 1. september n.k.

Starfsmaður á lager
Reynsla af lagerstörfum og tölvukunnátta æskileg.
Lyftarapróf væri kostur.

Afgreiðslufólk á kassa
Leitum að duglegu starfsfólki til afgreiðslu og þjónustustarfa á kassa
Reynsla úr sambærilegu starfi væri kostur.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fyrir 1. september n.k.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, **gudrunk@husa.is**. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunar **www.husa.is**

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

› Húsasmiðjuskólinn:
Í skólanum okkar eru haldin um 100 námskeið á ári fyrir starfsmenn og námsvísir er gefinn út á vor- og haustönn.

› Starfsmannafélag:
Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

› Heilsuefling:
Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt fastráðinna starfsmanna.

› Viðskiptakjör:
Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

› Fyrir alla:
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Sjúkraliðar

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð óskar eftir sjúkraliðum til starfa. Um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall eftir samkomulagi.

Starfsfólk til umönnunarstarfa
Einnig óskum við eftir fólki til umönnunarstarfa.
Vaktavinna, starfshlutfall eftir samkomulagi.

Unnið eftir Time Care vaktastjórnunarkerfi.

Upplýsingar veitir:
Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
Sími 5604163 eða 5604100
Netfang: dagmar@sunnuhlid.is
Sjá líka: www.sunnuhlid.is

Laus störf við grunnskóla Borgarbyggðar

Laus eru til umsóknar eftirtalin störf við grunnskóla Borgarbyggðar. Borgarbyggð er nýtt sveitarfélag sem varð til við sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps.

Skólastjóri grunnskólans á Varmalandi
Um er að ræða starf skólastjóra grunnskólans á Varmalandi. Í skólanum eru um 160 nemendur og kennarar og aðrir starfsmenn eru um 35. Skólastjóri stjórnar grunnskólanum, veitir honum faglega forystu og ber ábyrgð á skólastarfinu skv. grunnskólalögum. Nemendur koma í skólann að morgni með skólabifreiðum og fara aftur til síns heima síðdegis. Mötuneyti er við skólann. Umsækjendur skulu hafa kennaramenntun og reynslu af skólastarfi.

Kennarastöður við grunnskóla
Enn eru lausar nokkrar stöður kennara við grunnskóla sveitarfélagsins sem staðsettir eru í Borgarnesi, á Varmalandi, Kleppjárnsreykjum og Hvanneyri.

Umsóknarfrestur er til 21. júlí og skal umsóknum skilað á skrifstofu Borgarbyggðar að Borgarbraut 14, 310 Borgarnes.
Nánari upplýsingar veitir undirritaður á skrifstofu Borgarbyggðar í síma 433-7100 eða á netfang: eirikur@borgarbyggd.is og skólastjórar skólanna hvað varðar kennarastöður.

Skrifstofustjóri Borgarbyggðar

allt hús
Alla mánudaga

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Tæknimaður

Íslensk erfðagreining óskar eftir að ráða tæknimann til starfa. Starfið felst í viðhaldi og viðgerðum á tækjum á rannsóknarstofum fyrirtækisins.

Helstu verkefni eru:

- Uppsetning á tæknibúnaði.
- Fyrirbyggjandi viðhald á rannsóknartækjum.
- Viðgerðir á rannsóknartækum, hugbúnaði, vélbúnaði og rafeindabúnaði.
- Forritun rannsóknartækja
- Gildingar og kvarðanir mælitækja.
- Rekstur tæknikerfa tengdum rannsóknarstofum.
- Samskipti við innlenda og erlenda þjónustuaðila.

Leitað er að einstaklingi sem hefur:

- Sveinspróf í rafeindavirkjun, tæknifræði eða iðnfræði.
- Mikla reynslu af viðgerðum á rafeinda- og vélbúnaði.
- Framhaldsmenntun í rafmagns-, iðn- eða tæknifræði (ekki skilyrði).
- Reynslu af gæðastjórnun eða áhuga á að afla sér þekkingar á því sviði.

Aðrir eiginleikar sem leitað er að eru m.a. skipuleg og öguð vinnubrögð, þjónustulund, góð enskukunnátta og góð tölvukunnátta.

Umsækjendur eru beðnir um að skila umsóknum á umsóknavef á heimasíðu Íslenskrar erfðagreiningar (www.decode.is). Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni, og hjá starfsmannaþjónustu ÍE (careers@decode.is).

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining er líftæknifyrirtæki sem notar niðurstöður erfðarannsókna til að þróa ný lyf við mörgum af alvarlegustu sjúkdómum samtímans. Hjá fyrirtækinu starfa nú yfir 300 manns í fullu starfi á Íslandi.

Framkvæmdastjóri

VEGAGERÐIN

Staða framkvæmdastjóra framkvæmdasviðs Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Framkvæmdasvið sér um gerð staðla, reglna og leiðbeininga, brúa- og veghönnun, samræmingu og fræðslu vegna framkvæmda og þjónustu og samræmingu eftirlits og eftirfylgni um að fylgt sé stöðlum og verklýsingum. Undir framkvæmdasviði heyra fimm deildir þ.e. árangurs- og eftirlitsdeild, brúardeild, framkvæmdadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild. Á framkvæmdasviði starfa um 70 manns.

Starfssvið:
- Veitir framkvæmdasviði forstöðu og hefur umsjón með þeim deildum sem undir það heyra
- Situr í yfir- og framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar
- Tekur þátt í erlendu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur:
- M.Sc. próf í verkfræði eða sambærileg menntun og reynsla af stjórnunarstörfum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Vélfræðingar • Iðnfræðingar • Tæknifræðingar

Vaktstjóri á rafgreiningarsviði

Norðurál óskar eftir að ráða vaktstjóra á rafgreiningarsvið fyrirtækisins. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á margþættum og krefjandi verkefnum. Vaktstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra framleiðslusviðs. Um framtíðarstarf er að ræða.

Í hverju felst starfið?
- Stjórnun og umsjón með daglegum rekstri vaktarinnar
- Starfsmannahald
- Umsjón og eftirlit með tækjabúnaði
- Þátttaka í stefnumótun
- Þátttaka í sameiginlegum verkefnum innan fyrirtækisins

Hvaða kröfur gerum við?
- Menntun á tæknisviði, vélfræðimenntun eða sambærileg menntun
- Góð hæfni í samskiptum og geta til að örva samstarfsfólk til dáða
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi kemur sér vel

Hvað veitum við?
- Góður aðbúnaður hjá metnaðarfullu fyrirtæki í stöðugri sókn
- Kraftmikill og góður hópur samstarfsfólks
- Starfsþjálfun og símenntun
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd

Umsókn
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 1. ágúst n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsókn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merkta: Atvinna.

Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita:
Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs,
og Willy Kristensen, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs,
í síma 430 1000.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Norðurál
Um þessar mundir er unnið að stækkun Norðuráls sem felur í sér að framleiðslugeta álversins verður aukin í 260.000 tonn á næsta ári. Starfsmenn fyrirtækisins eru nú um 350 talsins. Áhersla er lögð á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

STRAX more
PROVIDING GLOBAL MOBILE SOLUTIONS | Mobile Accessories

Afburða einstaklingur/ Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra

Óskum eftir að ráða öflugan einstakling til að aðstoða við uppbyggingu Strax more á Íslandi.

- Einhvern sem hefur mikla trú á sjálfum sér og sinni getu.
- Hefur viðskiptamenntun og góða þekkingu í Navision, Outlook, Excel og öðrum grunnforritum.
- Bókhaldsþekking, enska og þýska mikill bónus
- Er frambærilegur og góður í mannlegum samskiptum, gæti haldið námskeið og fyrirlestra og er tilbúinn í ferðalög.
- Hefur áhuga á farsímabransanum og þekkingu á heildsölu, fyrirtækjasölu og er frjór í markaðsmálum

STRAX more er íslenskt félag sem sérhæfir sig í dreifingu og framleiðslu á aukahlutum fyrir farsíma og er með skrifstofur í 11 löndum í þremur heimsálfum, þar af 9 í Evrópu, Hong Kong og Miami. Strax more er að opna á Íslandi eftir að hafa verið í víking síðan félagið var stofnað af Íslendingum 1996. Strax more dreifir vörum fyrir alla helstu farsímaframleiðendur s.s. SonyEricsson, Nokia, Motorola, Samsung, Siemens og fleiri ásamt helstu farsímum á hverjum tíma. Auk þess framleiðir fyrirtækið og dreifir vörum undir eigin vörumerkjum og annarra t.d. fyrir Vodafone og O2.
Með opnun okkar á Íslandi er ætlunin að bjóða fyrirtækjum hér á landi uppá þjónustu eins og hún þekkist best á stærstu mörkuðu heimsins á sem hagstæðustu kjörum. Ef þú telur þig vera tilbúin(n) og hafa getu í mikla vinnu og fjölbreytta, hefur reynslu af rekstri, lagerstjórn, sölu og markaðsmálum og ert til í krefjandi verkefni í litlu teymi á Íslandi hjá alþjóðlegu fyrirtæki þá endilega sendu ferilskrá og meðmæli til Strax more, Miðhrauni 14, 210 Garðabæ fyrir 18. júlí.

Lausar stöður í leikskólanum Stekkjarási

- Deildarstjórastaða
- Stöður leikskólakennara á deild.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu skólans http://www.leikskolinn.is/stekkjaras/ og einnig hjá Öldu Agnesi í síma 846 8222.

Stekkjarás er tveggja ára gamall leikskóli og í starfinu er horft er til hugmyndafræði Reggio Emilia. Leikskólinn er átta deilda og starfræktur í glæsilegu húsnæði. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og starfið er í mikilli þróun.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

KERFISFRÆÐINGUR

Laus er staða kerfisfræðings á upplýsingatækniþjónustu Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Menntasvið þjónustar leik- og grunnskóla Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 115 starfsstaði með um 20.000 notendum.

Starfið felur m.a annars í sér:

- Þjónustu og rekstur tölvubúnaðar í leik- og grunnskólum
- Rekstur á 115 nærnetum í skólum
- Rekstur á IP símkerfi
- Almenna notendaþjónustu í upplýsingatæknimálum

Hæfniskröfur:
- Kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af rekstri nærneta
- Reynsla af almennum rekstri útstöðva
- Microsoft vottun eða sambærilegt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 31. júlí n.k. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefur Sigþór Örn Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu sigthor.orn.gudmundsson@reykjavik.is í síma 411-7010.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Íþróttamiðstöðin Versalir
- **Helgarvinna v/ baðvörslu kvenna**
- **Afgr./baðvarsla kvenna**

Félagsþjónusta Kópavogs:
- **Forstöðumaður/hjúkrunarfræðingur í Roðasölum**
- **Aðstoð við heimilisstörf**

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:
- **Umsjónarkennari á yngsta stig**

Hjallaskóli:
- **Umsjónark. á yngsta stig**
- **Umsjónark. á miðstig**

Hörðuvallaskóli:
- **Matráður starfsmanna**
- **Dægradvöl**
- **Gangaverðir – ræstar með meiru**

Kársnesskóli:
- **Námsráðgjafi**
- **Gangaverðir/ræstar**

Lindaskóli:
- **Gangaverðir/ræstar**

Salaskóli:
- **Umsjónarmaður dægradvalar**
- **Starfsfólk í dægradvöl**
- **Íslenskukennari í ungld. hlutast.**

Smáraskóli:
- **Dægradvöl**
- **Umsjónarkennari á byrjendastigi**

Vatnsendaskóli:
- **Skólaliði, gangav/ræstir**
- **Skólaliði, starfsm. í Dægradvöl**

Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is

RAFVIRKJAR - VÉLVIRKJAR - VÉLFRÆÐINGAR

Framtíðarstörf hjá Norðuráli

Vegna stækkunar Norðuráls óskum við að ráða fleiri rafvirkja, vélvirkja og vélfræðinga til starfa í dagvinnu og vaktavinnu. Um framtíðarstörf er að ræða og æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Hvaða kröfur gerum við?
- Sveinspróf í viðkomandi iðngrein eða að umsækjandi stefni í sveinspróf innan árs
- Góð samskiptahæfni, geta til að vinna sjálfstætt og starfsáhugi
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Staðgóð kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

Hvað veitum við?
- Góður aðbúnaður hjá fyrirtæki í stöðugri sókn
- Kraftmikill og góður hópur samstarfsfólks
- Starfsþjálfun og símenntun
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd

Umsókn
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 24. júlí n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsókn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merkta: Atvinna.

Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita Rakel Heiðmarsdóttir framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, Ásmundur Jónsson viðhaldsstjóri og Sigurður Sigursteinsson yfirmaður rafmagnsverkstæðis í síma 430 1000.

Um þessar mundir er unnið að stækkun Norðuráls sem felur í sér að framleiðslugeta álversins verður aukin í 260.000 tonn á næsta ári. Hjá okkur starfar fjöldi iðnaðarmanna sem sinna eftirliti og viðhaldi á búnaði í öllum deildum. Áhersla er lögð á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi með öflugu starfsfólki í glæsilegum, vel búnum skóla þar sem ríkir góður starfsandi.

Kennara vantar til afleysinga frá 15. ágúst – 1. nóv. 2006.
Bókleg kennsla á miðstigi 16 stundir og íþróttir 14 stundir.
Launakjör eru samkv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Starfsmaður í Skólaseli
Um er að ræða tvær stöður. Vinnutími frá 14:00- 16:00/17:00.
Í Skólaseli er boðið upp á vistun fyrir nemendur í 1. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

Starfið fellst í umönnun og aðstoð við nemendur leik og starfi.
Leitað er eftir starfsmanni sem hefur áhuga á að starfa með börnum og hefur hæfni í mannlegum samskiptum.
Launakjör eru samkv. kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar Sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur um störfin er til 19. júlí
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf 20. ágúst n.k.
Umsækjendur sendi umsóknir í tölvupósti á netföngin
johannam@lagafellsskoli.is
eða sigridur@lagafellsskoli.is eða á heimilisfangið
Lágafellsskóli Lækjarhlíð.

Allar upplýsingar um störfin gefa
Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri s: 896-8230
Sigríður Johnsen, skólastjóri s: 896-8210

Laus störf hjá Borgarbyggð

Laus eru til umsóknar eftirtalin störf hjá Borgarbyggð sem er nýtt sveitarfélag sem varð til við sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps.

Markaðs- og menningarfulltrúi
Um er að ræða tvískipt starf þar sem annars vegar er yfirumsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sveitarfélagsins og heimasíðu. Umsjón með útgáfu á ársskýrslu og öðru kynningarefni.
Hins vegar er um að ræða yfirumsjón með menningarmálum sveitarfélagsins og að vinna náið með forstöðumönnum menningarstofnana að uppbyggingu þeirra og rekstri.
Umsækjendur þurfa að hafa menntun og reynslu á sviði markaðs- og menningarmála.

Umsjónarmaður eigna- og framkvæmda
Um er að ræða starf á framkvæmdasviði og skal umsjónarmaður eigna- og framkvæmda hafa umsjón með öllum eignum eignasjóðs og verklegum framkvæmdum, viðhaldi og nýframkvæmdum. Hann sér um samskipti við verktaka og hefur eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.
Umsækjendur skulu hafa byggingar- og/eða tæknifræðings menntun.

Umhverfisfulltrúi
Umhverfisfulltrúi hefur umsjón með framkvæmd og eftirfylgni Staðardagskrá 21 fyrir sveitarfélagið. Hann hefur umsjón með umhverfis- og náttúruverndarmálum fyrir hönd sveitarfélagsins og verkefnum sem tengjast náttúruvernd, gróðurvernd og friðlýsingu svæða og náttúruminja ásamt því að hafa umsjón með örnefnamerkingum og verkefnum varðandi safn- og styrkvegi í sveitarfélaginu.
Umsækjendur skulu hafa menntun á sviði umhverfismála eða náttúruverndar.
Starf umhverfisfulltrúa er 50% starf en möguleikar á hærra starfshlutfalli í samstarfi við aðra aðila.

Umsóknarfrestur er til 21. júlí og skal umsóknum skilað á skrifstofu Borgarbyggðar að Borgarbraut 14, 310 Borgarnes.
Nánari upplýsingar veitir undirritaður á skrifstofu Borgarbyggðar í síma 433-7100 eða á netfang: eirikur@borgarbyggd.is

Skrifstofustjóri Borgarbyggðar

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumönnum á heimili fatlaðs fólks í Kópavogi

Ábyrgðarsvið:
- Rekstur og fagleg þjónusta
- Starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerðir s.s. rekstrar- og þjónustuáætlun

Menntun og hæfniskröfur:
- Þroskaþjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Áhugi á málefnum fatlaðra

Í boði er:
- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími
- Faglegur stuðningur og samstarf við aðra stjórnendur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum BHM eða SFR.
Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einni auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness. Umsóknarfrestur er til 30. júlí nk.
Vegna sumarlokunar eru umsóknir afgreiddar eftir 30. júli.

Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Tölvumiðlun auglýsir!

Í boði eru áhugaverð og krefjandi störf hjá rótgrónu fyrirtæki þar sem liðsandi er góður og vinnuaðstaða framúrskarandi.

TÖLVUMIÐLUN

Tölvumiðlun fagnaði 20 ára starfsafmæli á síðasta ári og er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins.

Hjá Tölvumiðlun starfar fjöldi sérfræðinga með mikla reynslu af hugbúnaðarverkefnum og þjónustu hugbúnaðar.

Áhersla er lögð á sérhæfingu í hugbúnaðargerð og þjónustu en fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði.

Launakerfið H-Laun og fjárhagsupplýsingakerfið SFS eru þekktustu vörur fyrirtækisins á almennum markaði. H-Laun er útbreiddasta launakerfi landsins og stór hluti sveitarfélaga notar SFS auk stofnana og fyrirtækja.

www.tm.is

Sérfræðingur í röntgenlausnum (nr. 5695)
- Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu við notendur og rekstraraðila myndgreiningarhugbúnaðar en Tölvumiðlun er umboðsaðili röntgenlausna frá Eastman Kodak. Um talsverð samskipti er að ræða við erlenda samstarfsaðila og mun þjálfun auk endurmenntunar m.a. fara fram erlendis.
- Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi góða enskukunnáttu, brennandi áhuga á þjónustu, mikla almenna tölvukunnáttu og þekkingu á rekstri tölvukerfa og Oracle gagnagrunna. Kostur ef umsækjendur hafa reynslu af rekstri myndgreiningarhugbúnaðar auk forritunarkunnáttu.

Sérfræðingur í rekstrarþjónustu (nr. 5696)
- Um er ræða almenna tölvuþjónustu og netumsjón fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, uppsetningar og viðhald á hugbúnaði Tölvumiðlunar auk Oracle gagnagrunna hjá viðskiptavinum.
- Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi brennandi áhuga á þjónustu, og hafi reynslu af rekstri tölvukerfa, mikla þekkingu á Microsoft stýrikerfum og Office lausnum auk góðrar þekkingar á vélbúnaði, afritunarstöðvum og þ.h. Kostur ef umsækjendur hafa Linux þekkingu, reynslu af Microsoft Exchange, Microsoft sérfræðipróf eða reynslu af SQL gagnagrunnum.

Forritari (nr. 5697)
- Starfið felst í forritun og þróunarvinnu hugbúnaðar en verkefnum má skipta í þróun eigin hugbúnaðarkerfa Tölvumiðlunar og sérverkefni fyrir viðskiptavini félagsins.
- Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun auk marktækrar reynslu á sviði hugbúnaðargerðar. Helstu tól sem notuð eru við hugbúnaðarþróun hjá Tölvumiðlun eru: Microsoft .NET, C/C++, C#, ofl. Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á Oracle gagnagrunnum.

Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, áhugasemi og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 17. júlí nk.

Gengið verður frá ráðningum skv. nánara samkomulagi.

Upplýsingar veita Guðný Sævinsdóttir og Ásthildur Guðlaugsdóttir.

Netföng: gudny@hagvangur.is og asthildur@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Sérfræðingur í upplýsingatæknideild

Olíufélagið óskar eftir að ráða gagnagrunnssérfræðing í upplýsingatæknideild fyrirtækisins.

Esso

Olíufélagið ESSO er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. Höfuðstöðvar Olíufélagsins eru að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík en félagið rekur um 100 bensín- og þjónustustöðvar víða um land. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns.

www.esso.is

Starfssvið
- Tæknileg umsjón með viðskipta- og safnkortakerfi Esso.
- Daglegt eftirlit og umsjón með færslusöfnunarkerfi og heimildarkerfi félagsins.
- Margvísleg sérverkefni.

Hæfniskröfur
- Þekking á gagnagrunnum og SQL fyrirspurnarmálinu nauðsynleg.
- Þekking á UNIX er æskileg.
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði/verkfræði/kerfisfræði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund.

Umsóknir óskast fylltar út á **www. hagvangur.is** fyrir 14. júlí nk.
Númer starfs er **5635**.

Upplýsingar veitir Elísabet Sverrisdóttir. Netfang: elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á hæfingarstöð í Kópavog

Ábyrgðarsvið:
- Rekstur og fagleg þjónusta
- Starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerðir s.s. rekstrar- og þjónustuáætlun

Menntun og hæfniskröfur:
- Þroskaþjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Áhugi á málefnum fatlaðra

Í boði er:
- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Faglegur stuðningur og samstarf við aðra stjórnendur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum BHM eða SFR. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einni auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness. Umsóknarfrestur er til 30. júlí nk. Vegna sumarlokunar eru umsóknir afgreiddar eftir 30. júli.

Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Læknismenntaður verkefnisstjóri í Malaví

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir laust til umsóknar starf læknismenntaðs verkefnisstjóra í Malaví.

ICEIDA

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Meginstarfssvið
Um er að ræða gríðarlega spennandi og krefjandi starf læknisfræðimenntaðs verkefnisstjóra við neðangreind verkefni tengd ráðgjöf og skipulagningu. Starfið felst ekki í umönnun eða lækningastörfum.

Starfið felst í að stýra uppbyggingu svæðissjúkrahúss og heilsugæslustöðvar í Monkey Bay við Malavívatn.

Viðkomandi mun einnig stjórna þjálfun starfsliðs sjúkrahússins ásamt þjálfun og skipulagningu heilbrigðisþjónustu á upptökusvæði þess, sem telur um 100.000 manns og fjórar heilsugæslustöðvar.

Búseta verkefnissjóra verður á starfssvæðinu. Þar sem enginn viðunandi kostur er á skólagöngu og langt í þjónustu hentar starfið alls ekki einstaklingi með börn á skólaskyldualdri á framfæri sínu.

Hæfniskröfur
- Próf í læknisfræði er skilyrði.
- Sérmenntun í lýðheilsu (public health) er kostur.
- Reynsla af læknisstörfum er nauðsynleg.
- Þekking eða reynsla af verkefnastjórnun er mikill kostur.
- Góð enskukunnátta.

Ákjósanlegt er að umsækjendur hafi þekkingu á málefnum þróunarlanda eða starfsreynslu á því sviði þó það sé ekki skilyrði

Í starfinu felast mikil samskipti við ólíka hópa fólks við framandi aðstæður og því mikilvægt að umsækjendur búi yfir góðri hæfni í samskiptum ásamt mikilli aðlögunarhæfni og getu til að starfa undir álagi.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 31. júlí nk.
Upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi.
Netfang: albert@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Tollkvóti fyrir kartöflunasl frá Noregi

Með vísan til reglugerðar nr. 490/2006, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 15. júní 2006, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir kartöflunasl í tollskrárnúmeri 2005.2003, sem upprunnið er í Noregi og er innflutt þaðan, sbr. bókun 4 við EES-samninginn:

Vara Tímabil Vörumagn Verðtollur Magntollur

Tollskrárnúmer: kg. % kr./kg

Kartöflur: 01.07.06-31.12.06 45.000 0 0

2005.2003 Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli.

Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur auglýstum tollkvóta verður úthlutun miðuð við hlutfall innflutnings hvers umsækjanda miðað við heildarinnflutning allra umsækjenda á kartöflunasli í tollskrárnúmeri 2005.2003 á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2005. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Skriflegar umsóknir skulu berast til fjármálaráðuneytisins, tekju- og lagaskrifstofu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 21. júlí n.k.

Fjármálaráðuneytinu, 7. júlí 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

MÓTTÖKURITARI - SENDIRÁÐ JAPANS

Sendiráð Japans óskar eftir að ráða móttökuritara í fullt starf.

Starfssvið
Símavarsla og móttaka gesta
Umsjón með og aðstoð við einstök verkefni
Almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur
Háskólagráða
Lipurð í mannlegum samskiptum og samvinnu- og þjónustulund
Frumkvæði og dugnaður
Færni í töluðu og rituðu máli bæði íslensku og ensku, japanska er kostur
Góð tölvukunnátta

Umsóknum á ensku ásamt ferilskrám og vitnisburði úr skóla skal skila fyrir 18. júlí nk. til Sendiráðs Japans, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

Sendiráð Japans veitir allar nánari upplýsingar í síma 510 8600. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið japan@itn.is

Gluggasmiðjan ehf. Viðarhöfða 3

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á gluggum og hurðum, bæði úr áli og tré.

Óskar eftir að ráða menn vana vélavinnu á yfirfræsara og aðrar tölvustýrðar trésmíðavélar.

Upplýsingar veittar á staðnum eða í síma: 577-5050

allt hús

Alla mánudaga

SALT

SALT Restaurant – is looking for a person to work breakfast food preparation for hotel guests on the weekends.

Working hours are 6.00 - 13.00 Saturdays and Sundays. Persons interested or with food preparation experience are welcome to visit the restaurant and learn more about the details.

Dishwasher on weekends

Working time is from 8.00 – 14.00

Please send your applications or call directly before 12.07.2006.

Contact person:

Raggi Omarson, yfirmatriðslumaður/executive chef
ragnar.omarsson@radissonsas.com
gsm: 822 9019
sími: 599 1000
Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik
1919.reykjavik.radissonsas.com

Sölu- og markaðsstjóri

Icepharma óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra.

icepharma

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á heilbrigðisvöru- og lækningatækjum. Fjöldi starfmanna er rúmlega 70 og er fyrirtækið í eigu Atorku Group. Icepharma er skipað hæfu starfsfólki með mikla þekkingu á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði. Það á að baki langan starfsaldur og hefur margþætta menntun á sviði lyfja-, viðskipta-, og hjúkrunarfræði.

www.icepharma.is

Starfssvið
- Umsjón með sölu- og kynningarmálum til heilbrigðisstétta á nýjum sérhæfðum lyfjum frá mörgum lyfjafyrirtækjum.
- Áætlanagerð (markaðs-, sölu- og reksraráætlanir).
- Útboðsgerð.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun á heilbrigðissviði (lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða sambærileg menntun).
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 24. júlí nk.

Upplýsingar veita Kristín Guðmundsdóttir og Elísabet Sverrisdóttir
Netföng: kristin@hagvangur.is og elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Starfsmaður óskast á þjónustuborð Kringlunnar

Rekstrarfélag Kringlunnar óskar eftir starfsmanni á þjónustuborð. Þarf að geta hafið störf 1. ágúst eða fyrr.

Vinnutími frá kl. 9.30–14.00 aðra vikuna
(til kl. 15.30 á fimmtudögum) og kl. 14.00–19.00 hina vikuna
(til kl. 21.30 á fimmtudögum).
Unnið er annan hvern laugardag frá klukkan 9.30-18.30.

Hæfniskröfur:
- Stúdentspróf æskilegt eða góð almenn menntun/starfsreynsla
- Grunnþekking í Excel
- Enskukunnátta
- Þjónustulund

Nánari upplýsingar gefur Hólmfríður Petersen, þjónustustjóri Kringlunnar í síma **820 3304** eða á netfanginu **holmfridur@kringlan.is**

Kringlan

Kringlan er verslunar- og þjónustumiðstöð sem verið hefur leiðandi verslunarstaður á Íslandi í nær tvo áratugi. Í Kringlunni er að finna yfir 150 verslanir, veitingastaði og þjónustuaðila og nemur heimsóknafjöldi 5,5 milljónum heimsókna árlega. Rekstrarfélag Kringlunnar sinnir daglegum rekstri verslunarmiðstöðvarinnar svo sem viðhaldi, öryggisgæslu, ræstingum, rekstri þjónustuborðs, rekstri Ævintýralands, viðburðastjórnun og sameiginlegri markaðssetningu Kringlunnar. Hjá Rekstrarfélagi Kringlunnar starfa upþb. 30 manns auk verktaka í öryggisgæslu og ræstingum.

Flugþjónustan á Reykjavíkurflugvelli

Óskar eftir starfsfólki til að sinna allri þjónustu við flugvélar á vegum Flugþjónustunnar.

BIRK FLIGHT SERVICES REYKJAVÍK

Starfssvið
- Vísa flugvélum til stæðis, sem koma inn til lendingar.
- Útbúa flugáætlanir og skrá inn allar upplýsingar.
- Sjá um að útvega þá þjónustu sem einkaþotur þurfa.
- Þjónusta við farþega/flugmenn vélanna.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Flugmannsréttindi eða réttindi sem flugumsjónarmaður.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð enskukunnátta.
- Geta til að vinna sjálfstætt.
- Góð framkoma og rík þjónustulund.

Umsækjendur verða að vera 21 árs eða eldri. Leitað er að fólki sem getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á **www. hagvangur.is** fyrir 23. júlí nk.
Númer starfs er **5706**.

Upplýsingar veitir Elísabet Sverrisdóttir. Netfang: elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Auglýsing um próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, verða próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa haldin í október 2006 sem hér segir:

Próf í endurskoðun mánudaginn 9. október
Próf í reikningsskilafræðum miðvikudaginn 11. október
Próf í skattskilum föstudaginn 13. október
Próf í gerð reikningsskila mánudaginn 16. október

Prófin verða haldin í Háskólanum í Reykjavík og hefjast kl. 9 hvern prófdag.

Væntanlegir prófmenn skulu fyrir 1. september nk. tilkynna prófnefnd hvaða próf þeir hyggjast þreyta. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Árna Tómassyni, Hraunbraut 20, 200 Kópavogi.
Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur, ásamt kvittun fyrir greiðslu prófgjalds að fjárhæð kr. 30.000,- fyrir hvert próf sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur. Greiða skal prófgjald hjá Fjársýslu ríkisins, Sölvhólsgötu 7.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum í september nk.

Reykjavík, 1. júlí 2006
Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Olíufélagið ehf. vill ráða framúrskarandi fólk, konur og karla, til framtíðarstarfa á þjónustustöðvum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að hörkuduglegu fólki með lipra þjónustulund sem langar að starfa í skemmtilegu umhverfi.

Vaktstjóri
Krefjandi og skemmtilegt starf í hressum hópi starfsmanna. Umsækjendur þurfa að hafa stjórnunarhæfileika og vera liprir í samskiptum.

Almenn afgreiðsla
Starfið felst í almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum og hentar þeim sem eru jákvæðir og hafa gaman af samskiptum við fólk.

Útimaður
Líður þér best utandyra og lætur veðrið aldrei stoppa þig? Þá ertu hinn fullkomni útimaður.

Einnig er leitað að duglegu og samviskusömu starfsfólki í hlutastörf á þjónustustöðvarnar. Umsóknir má nálgast á vefsíðu Olíufélagsins **www.esso.is.** Nánari upplýsingar eru veittar hjá starfsþróunardeild í síma **560 3300.**

Fíton/SÍA

Olíufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag Olíufélagsins er kröftugt og lifandi. Tilgangur félagsins er að standa fyrir fjölþættri félagsstarfsemi svo sem að standa fyrir skemmtunum, fræðslu, íþróttaiðkun, ferðalögum auk þess að byggja og reka orlofshús. Nánari upplýsingar um ESSO á www.esso.is.

Esso

HVERNIG VERÐUR MAÐUR... TAMNINGAMAÐUR?

Tamningamenn fást við ýmis störf sem lúta að hestamennsku, eins og reiðkennslu, járningar og auðvitað tamningar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lífið snýst um hesta

Þeir sem vilja komast í nám í tamningum verða að þreyta inntökupróf í hestamennsku.

Starfið
Tamningamaður sinnir margvíslegum störfum tengdum hestum og hestamennsku, við tamningar, þjálfun og reiðkennslu. Önnur störf eru aðallega í atvinnurekstri tengdum hestamennsku og hrossarækt, svo sem hrossabúskap, hestaleigu, hestaferðum og við tamningastöðvar.

Um námið
Inntökuskilyrði í Hólaskóla eru 65 einingar úr framhaldsskóla. Lágmarksaldur er 18 ár. Ef umsækjandi fullnægir ekki áðurnefndum skilyrðum er skólayfirvöldum heimilt að taka tillit til aldurs og reynslu af hestamennsku. Allir umsækjendur þurfa að þreyta inntökupróf í reiðmennsku og standast þar lágmarkskröfur til þess að eiga kost á inngöngu í skólann. Námið er tveggja ára 75 eininga sérhæft diplómanám. Námið er bæði verklegt og bóklegt. Hvoru ári fyrir sig er hægt að ljúka með útskrift og prófgráðu.

Fyrra árið er 45 einingar hagnýtt starfsnám sem lýkur með prófgráðunni hestafræðingur og leiðbeinandi. Seinna árið er 30 einingar sérhæft diplómanám sem lýkur með prófgráðunni tamningamaður.

Á fyrsta ári er markmið námsins að nemandinn öðlist góða þekkingu á grunnfögum búfræðinnar á sviði jarðræktar, búfjárræktar og bústjórnar. Sérstök áhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu sem nær yfir vítt svið hrossaræktar og hestamennsku. Nemandinn öðlast verklega færni við meðferð hrossa, grunnreiðmennsku og þjálfun gangtegunda.

Á öðru ári er markmið námsins að nemandinn öðlist ítarlegri fræðilega þekkingu, verklega færni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frumtamninga og framhaldsþjálfunar og einnig til að standa fyrir fjölþættum rekstri á sviði hestamennsku og hrossaræktar svo sem rekstri tamningastöðva.

Helstu námsgreinar
Á fyrra ári:
Reiðmennska, kennslufræði og reiðkennsla, erfðir og kynbætur hrossa, bóklegt og verklegt nám í fóðrun og hirðingu, hófhirða og járningar, atferlis- og tamningafræði, heilsufræði hrossa, líffæra- og líffeðlisfræði, hesthússaðstaða og umhverfi, saga hestsins, tölvufræði og rekstrarhagfræði.

Á seinna ári:
Reiðmennska og þjálfun, þjálfunarfræði, frumtamningar, járningar og fyrirtækjarekstur, þjálfunarfræði og fyrirtækjarekstur.

Framhaldsmenntun
Að námi loknu er möguleiki á 15 eininga diplómanámi til þjálfara og reiðkennara.

Síðan er hægt að stunda nám til BSc gráðu við Landbúnaðarháskólann að Hvanneyri.

(upplýsingar fengnar á www.idan.is)

Tamninganám er tveggja ára diplómanám. Lágmárksaldur er 18 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEEFÁN

**Nú vantar oss vélamenn snjalla,
vasklega, glaðbeitta kalla,
á tæki og tól,
um byggðir og ból,
í Afrek þú ættir að bjalla.**

AFREK
VERKTAKAR
Endilega bjallaðu í hann Alfreð í síma 897 0561,
og fáðu frekari upplýsingar.

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR ÓSKAST

Viltu koma í skemmtilega og lifandi vinnu hjá stærsta bílaflutningafyrirtæki landsins? Okkur vantar menn núna! Hafðu samband við Bjarna í síma: 6968258

Vaka

VAKA EHF • Eldshöfða 6 • S: 5676700

Au Pair óskast til Bretlands.

5. manna fjölskylda, sem býr í bæ í um klukkustundar akstursfjarlægð frá London, óskar eftir því að ráða au-pair stúlku til eins árs. Um er að ræða barnapössun og létt heimilsstörf. Á heimilinu eru þrjú börn þ.a. tvö á skólaaldri. Séraðstaða er í boði, aðgengi að bíl og möguleiki á að sækja ýmis námskeið. Skilyrði er að umsækjendur geti hafið störf fyrir sumarlok, hafi bílpróf og sé sjálfstæð, ábyrg og barngóð.

Umsóknir sendist á box@frettabladid.is: merktar AUPAIR ÍSLAND/UK-SUMAR06.

rais

Reyndur sölufulltrúi óskast

Rais ehf. - ráðningar & liðsauki, sem rekið er af portúgölskum aðilum, óskar eftir að ráða reyndan sölufulltrúa, karl eða konu, til starfa sem fyrst.

Við leitum að hæfum einstaklingi með reynslu af og þekkingu á sölumennsku.
Æskilegir eiginleikar og hæfni umsækjenda;

- Hæfni í samskiptum og samstarfi ;
- Gott vald á íslenskri tungu;
- Góð enskukunnátta, bæði í tal - og ritmáli;
- Þekking á íslensku viðskiptalífi ;
- Góð almenn menntun;
- Gild ökuréttindi.

Mikilvægt er að viðkomandi sé markaðsdrifinn ("market oriented") og hafi frumkvæði til verka.

Góð laun eru í boði fyrir réttan einstakling.
Tilvalið tækifæri fyrir þá sem áhuga hafa á að kynnast alþjóðlegum fyrirtækjum.
Æskilegt væri að viðkomandi gæti hafi ö störf sem fyrst.

Með umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.
Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyri störf, sendist á íslensku til Hjálmars Kjartanssonar; hjalmar@rais.is , Lynghálsi 4, 110 Reykjavík fyrir 17. júlí 2006.
Sami aðili veitir einnig nánari upplýsingar um starfi ö í síma 544-4030 á skrifstofutíma.

www.rais.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI ÆGISBORG

Leikskólinn Ægisborg, Ægisíðu 104, er fjögurra deilda skóli þar sem dvelja 66 börn samtímis. Markmið leikskólans er að nota nánasta umhverfi barnanna til að virkja sköpunarafl og alhliða tjáningu þeirra.

Hæfniskröfur:
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er framlengdur til 31. júlí n.k. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Upplýsingar veitir Kristjana Thorarensen leikskólastjóri í síma 551-4810.

Einnig veita mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000.

Nánari upplýsingar um laus störf á Menntasviði er að finna á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

SINDRI

SÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST Á EFNISSVIÐ

Sindra stál er innflutningsfyrirtæki, sem flytur inn stál, málma, byggingavörur, festingavörur ýmis konar svo og vélar og verkfæri. Það stundar víðamikið birgðahald og byggir á langri reynslu og mikilli þekkingu hvað viðkemur vörum, vöruúrvali og þekkingu á erlendum mörkuðum og þörfum innlendra viðskiptavina. Fyrirtækið vill vera leiðandi í að bjóða fjölbreytt vöruval frá traustum og viðurkenndum framleiðendum. Fyrirtækið selur fyrst og fremst vörur til fyrirtækja og iðnaðarmanna en einnig til kröfuharðra einstaklinga.

Starf:
Sérfræðiráðgjöf í stáli og málmum.
Kynning og sölumennska.

Menntun:
Iðn – og/eða tækniþekking æskileg
Verkþekking og reynsla miklilvæg

Hæfniskröfur:
Frábær sölumaður.
SMYRLAHRAUN - GÓÐ STAÐSETNING Falleg 83 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð í litlu tveggja hæða fjölbýli ásamt 28 fm bílskúr, samtals 111 fm á rólegum og góðum stað. Fallegt endurnýjað eldhús. Parket. Fullbúinn bílskúr. Verð 20.9 millj. 5551

GRETTISGATA 73 - REYKJAVÍK Vorum að fá í einkasölu fallega hæð í góðu húsi á þessum vinsæla stað. Íbúðin er á fyrstu hæð (ekki jarðhæð). Nýlegt baðherbergi. Verð 16,9 millj. 5513

ÞRASTARÁS - SÉRLEGA FALLEG EIGN. Vorum að fá í einkasölu sérlega vandaða íbúð með sér inngangi og útsýni. Olíuborið parket og flísar á gólfum. Vandaðar innréttingar og hurðar. Góðar svalir og útsýni. Verð 20,9 millj. 5224

FLÉTTURIMI - GÓÐ STAÐSETNING Sérlega falleg og vönduð 3ja herb. íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu í vinsælu húsi. Parket á gólfum. Alno innréttíng og stál tæki í eldhúsi. Gott hús og snyrtileg sameign. Verð 21,9 millj. 5225

KRÍUÁS - FRÁBÆRT ÚTSÝNI BJÖRT OG FALLEG 89,5 fm 3ja herbergja íbúð á 3. og efstu hæð í NÝLEGU fjölbýli á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ í Áslandinu í Hafnarfirði. SÉRINNGANGUR. Fallegar innréttingar. Parket og flísar. Verð 19,9 millj. 5206

EYRARHOLT - LYFTUHÚS - ÚTSÝNI Falleg og sérlega rúmgóð 119 fm 3ja til 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í LYFTUHÚSI á góðum ÚTSÝNISSTAÐ, ásamt 27,3 fm BÍLSKÚR, samtals 146,3 fm Vandaðar innréttingar. Parket og flísar. Verð 25,9 millj. 5143

2JA HERB.

FAGRAKINN - RIS Vorum að fá í sölu fallega 61,7fm íbúð í góðu húsi. Talsvert endurnýjuð. Flísar og parket á gólfum. Verð 13,9 millj. 5138

LANDIÐ

HOFGERÐI - VOGUM 182 fm einbýlishús (þar af er bílskúr 56 fm) á góðum stað í Vogum í Vatnleysuströnd. Góð og mikil verönd sem er yfirbyggð að hluta, heitur pottur, nýtt eldhús og baðherbergi, nýjar hurðir og fl. Verð 26,9 millj. Áhvílandi 14 millj. með 4.15 vöxtum. 5352

LYNGDALUR 5 - ENDARAÐHÚS - VOGAR - NÝTT OG FULLBÚIÐ Mjög skemmtilegt og fallegt 155 fm ENDARAÐHÚS á einni hæð, þar af er 32 fm BÍLSKÚR samtals 155,2 fm Húsið afhendist fullbúið að utan og innan en án gólfefna. Góð staðsetning, suður garður, flott eign, afhending ágúst - okt 2006 RÚMGOTT OG BJART HÚS Á HAGSTÆÐU VERÐI. Verð 25,7 millj. 5237

- Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali – Jónas Hólmgeirsson – Eiríkur Svanur Sigfússon – Jón Örn Kristinsson – Birna Benediktsdóttir – Melkorka Guðmundsdóttir – Laufey Lind Sigurðardóttir –

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

Aratún - Gbæ - Einbýli

Hraunhamar fasteignasala kynnir einbýli á einni hæð 182 fermetrar þar af er bílskúr 35,4 fermetrar. Hluti af bílskúr er í dag nýttur sem studeóíbúð. Húsið er byggt 1960 í funkis stíl og er vel staðsett við Arnarneslækinn í Garðabæ. Eignin skiptist í anddyri,skála,gestasnyrtingu,eldhús,stofu,borðstofu,gang,tvö barnaherbergi (3 á teikningu),hjónaherbergi,baðherbergi,fataherbergi,þvottahús,studeóíbúð og bílskúr. Frábær staðsetning. **Verð 39,9. millj.**

Upplýsingar veittir Þorbjörn Helgi 8960058.

---

fasteignasalan GARÐUR

Skipholti 5
105 Reykjavík
s. 562-1200

Langamýri - Garðabæ

Höfum í einkasölu fallega og vandaða 3ja herbergja íbúð á annarri hæð (efri) í litlu fjölbýlishúsi. Íbúðin er 85,7 fm og skiptist í bjarta stofu, 2 svefnherbergi, eldhús og innaf því þvottaherbergi, baðherbergi og ytri forstofu. Gengið er úr stigahúsi út á göngusvalir og er sérinngangur. **Stórar skjólgóðar suðursvalir. Mjög rólegur og góður staður. Þessi eign hentar hvort heldur ungu fólki og einnig freistandi fyrir þá sem eru að minnka við sig. LAUS MJÖG FLJÓTLEGA!. Verð: 23,6 millj.**
Upplýsingar í síma 562 1200 og 862 3311.

Sigrún Sigurpálsdóttir, löggiltur fasteignasali

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

Sumarhúsalóð Skorradal

Ein glæsilegasta lóðin í Skorradal, landi Fitja. (Næst innsta lóð).Staðsett sólarmegin í dalnum og gengur upp í fjallið Leyfi er fyrir bátaskýli.

Upplýsingar veitir Steini s : 696-5751

HÚSEIGN Fasteignamiðlun

Guðmundur St. Ragnarsson
Löggiltur fasteignasali

LITLABÆJARVÖR 7, ÁLFTANESI

216 m2 • 5 herb. • Einbýli • Verð: 52.2 millj.

OPIÐ HÚS í dag kl.15-17

Sérstaklega glæsilegt einbýlishús með tvöföldum bílskúr á 900 fm. eignalóð við sjávarsíðuna. Um er að ræða eign sem er einstaklega vel staðsett í Álftanesinu og með frábæru útsýni. Húsið stendur innst í botnlanga. Í garði er 55 fm. afgirt verönd. Húsið er rúmlega 165 fm. að stærð og bílskúrinn rúmir 50 fm. Alls er húsið 216 fm. Úr forstofu er gengið inn í rúmgóða sjónvarpsstofu með fallegri kamínu. Frá hjónaherberginu er útgengt á stóra afgirta suðurverönd með miklu sjávarútsýni. Tvö nýlega standsett baðherbergi eru í húsinu, annað með baðkari og hitt með sturtuklefa. Á gólfum eru flísar og parket á herbergjum og stofum. Yfir öllu húsinu er manngengt risloft. Eignin er mjög vönduð í alla staði, hefur stórkostlegt útsýni og er staðsett á frábærum stað! Henni hefur verið mjög vel viðhaldið. Nýr þakkantur var settur á húsið árið 2004. Skipt var um alla gluggalista og gúmmí á húsinu árið 2002. Bílskúrinn var flísalagður árið 2005 en hann var áður nýttur að hluta til sem íbúð. Í bílskúrnum er hiti, rafmagn og vatn. Veröndin var byggð árið 2005. Bæði baðherbergin voru endurnýjuð ásamt þvottahúsi árið 2005 og 2006.
Allar nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölumaður á staðnum í dag og í síma: 822-9519

Áslaug Baldursdóttir
sölumaður

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Ódðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

REYKJAHLÍÐ

GÓÐ 3JA HERB. ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI

Mjög björt og góð 85 fm 3ja herb. íbúð með sérinngangi í Hlíðunum. Íbúðin skiptist í parketlagt hol, 1 herbergi með skápum, tvær samliggjandi stofur, önnur nýtt sem herb. í dag, eldhús og baðherbergi. Hús í góðu ástandi að utan og sameign nýlega tekin í gegn. Góð íbúð sem gæti losnað fljótlega.
Verð 19,4 millj.

SÓLHEIMAR TIL SÖLU á 9 hæð

FRÁBÆRT ÚTSÝNI

4ra herb.101,4 fm íbúð. Húsvörður og lyfta. Eikar innrétting í eldhúsi. Parket og teppi á gólfum. Stórar svalir meðfram stofu og hjónaherberginu. **Tilboð óskast í eignina. Sölum. Margrét s. 6934490**

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteigna- og skipasali
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22

sími 565 8000 533 6050

SKILDINGATANGI

EINBÝLI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA

Höfði kynnir þetta einstaklega glæsilega einbýlishús á friðsælum stað innst í botnlangagötu við sjávarsíðuna í Skerjafirði. Húsið er 208 fm á einni hæð með innbyggðum bílskúr, byggingaréttur á allt að 80 fm til viðbótar. U.þ.b. 120 fm verönd er við húsið. Fallegar innréttingar. Mikil lofthæð í stofu og borðstofu, innbyggð halogenlýsing, arinn. Einstakt útsýni til suðurs og vesturs út yfir Skerjafjörð. Húsið stendur á eignarlóð. Þetta er eign sem þú verður að skoða.
Verð 88 millj.

www.hofdi.is

---

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 15-16

Hamravík 24 - Reykjavík

Eignin er 3ja herbergja með sérinngangi. 104 fm. Stórglæsilegar innréttingar og gólfefni. Suður svalir. Getur losnað fljótt fyrir þig.
Verð 22,9.

Þorbjög og Benedikt taka einstaklega vel á móti þér.

Sigtryggur Jónsson, lögg. fasteignasali

Fíton/SÍA

VÍSIR

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Hóll fasteignasala kynnir:

Eignarlóðir til sölu við Þingvallavatn!

Höfum í einkasölu 10 eignarlóðir fyrir frístundahús á frábærum stað við Hestvík við Þingvallavatn. Skipulag hefur verið samþykkt og eru lóðirnar byggingarhæfar strax. Lóðirnar eru staðsettar í stórkostlegu landslagi með miklum karakter.
Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús á lóð auk 25 fm gestahúss.
Óviðjafnanlegt útsýni er yfir Þingvallavatn.
Öllum lóðunum fylgir réttur til að geyma báta í fjörunni við Hestvík.

Margrét Sölvadóttir hjá Fasteignasölunni Hóli sýnir öllum áhugasömum lóðirnar í dag, sunnudag 9. júlí frá kl. 14-17. Þegar þú ert kominn á staðinn hafðu þá samband við Margréti í gsm 693-4490.

Allir velkomnir !

HÓLL
tákn um traust

Nánari upplýsingar um svæðið, m.a. svör við algengum spurningum, skilyrði um sölufyrirkomulag, sýnishorn af kaupsamningnum og fleiri myndir af svæðinu er að finna á heimasíðu Hóls; holl.is. Kíktu við á www.holl.is

Lóðir við Illagil

Alls er um að ræða 10 lóðir við Illagil. Þær standa hátt og hafa mikið útsýni. Eru frá 6000 til 7900 fm.
Lóðirnar eru afmarkaðar og merktar með númerum svo auðvelt er að sjá hverja lóð fyrir sig.

Sýningahelgar eru:

Sunnudagur 9 og 16 júlí 2006
frá kl 14 til 17.

Margrét Sölvadóttir hjá Fasteignasölunni Hóli sýnir lóðirnar. Þegar þú ert kominn á staðinn hafðu þá samband við Margréti í gsm 693-4490.

Allir velkomnir !

Vegalengd um 35 km frá Reykjavík (Nesjavallaleið)

Ef ekið er frá Reykjavík eftir Suðurlandsvegi, er beygt til vinstri inn á Nesjavallaveg við Geitháls (vegskilti að Hafravatni) og síðar ekið meðfram hitaveituröri yfir heiðina að vegamótum Grafningsvegar. Þar er aftur beygt til vinstri og ekið eftir Grafningsvegi í áttina að Heiðarbæ, alls um 3 km að afleggjara til hægri að Illagili.

Vegalengd um 40 km frá Reykjavík

Ef ekið er frá Reykjavík eftir Vesturlandsvegi er ekið í átt til Þingvalla yfir Mosfellsheiði þar til komið er að Grafningsvegi. Þar er beygt til hægri og ekið í áttina að Nesjum og Nesjavöllum, alls tæpa 7 km þar til komið er að afleggjara til vinstri að Illagili.

Þetta gæti tekið tíma

Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Draumahús 530 1800

Alltaf föst lág sölupóknun

Yfir 400 eignir á **www.draumahus.is**

Tvær skrifstofur: Mörkinnni 4, Reykjavík
og Strandgötu 41, Hafnarfirði

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

ÍVAR GUÐMUNDSSON
9-12 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
Erlendur Davíðsson löggiltur fasteignasali
www.eignastyring.is
Síðumúli 27 • 108 Reykjavík • Sími 534 4040 • Fax 534 4044

Álftarimi 22 Selfossi
Opið hús í dag milli kl 16:00-17:00

Snyrtilegt 86 fm vel skipulagt raðhús. Stofa björt með sér garði / verönd. Eldhús með nýlegri innréttingu og góðum borðkrók. Herbergin tvö eru rúmgóð með skápum. Baðherbergi með baðkari og sturtu, (hiti í gólfi) Góð eign sem fengið hefur gott viðhald. Góð áhvílandi lán. Skóli og leikskóla í göngufæri. **Verð 17.400.000**

Atli Sölufulltrúi 899-1178 tekur á móti áhugasömum.

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Samk. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

Auglýsingasími:550 5000

Vallarholt 11 - Bláskógarbyggð (við Reykholt)

Frum

Glæsilegt kanadíkst vandað heilsárshús 73,7 fm með stórri skjólgóðri verönd, stórkostlegt útsýni, gott eldhús og stofa, 3 rúmgóð herbergi, stórt baðherb. með hurð út á verönd/pottinn, lítil geymsla/lagnaherbergi. Húsið er á 5,900 fm eignarlóð í landi Reykjavalla Biskupstungum. Heitt og kalt vatn við lóðarmörk (ekkert inntaksgjald) rafmagn við lóðarmörk. Húsið selst á núverandi bygginarstigi og mest af því efni sem á vantar fylgir með húsinu. Húsið er nú tilbúið að klæða panel inní (allar milliveggja grindur komar upp), tilbúið til að setja þakefni á, tilbúið til að klæðahúsið að utan. Þetta byggingarstig gefur þér kost á að hafa allt þetta nákvæmlega eins og þú villt, það velur enginn fyrir þig þú velur þitt útlit. Það sem fyglir með er: Allur panell inní húsið þykkur og breiður, öll ull í loft og sérstök hljóðeinangri ull í milliveggi, innihurðir með búnaði og síðast en ekki síst íslensk sumarhúsa stemming. 95 km úr Rvk malbikað alla leið, örstutt í alla þjónustu, banka, verslun, veitingastað, sundlaug og bensínstöð. Sjón er sögu ríkari og þú sérð fljótt að þetta er mjög vandað hús að allri gerð.

Opið hús um helgina Gunnar sýnir 822 2324

HÚSA NAUST FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 - Sími 530 7200
Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali

RJÚPNASALIR - ÚTSÝNISÍBÚÐ

Fjögurra herbergja 130 fm. útsýnis-íbúð á áttundu hæð, ásamt bílageymslu, í nýlegu fjölbýlishúsi við Rjúpnasali í Kópavogi. Stofa parketlögð með útgengi er út á stórar yfirbyggðar suður-svalir með miklu og fallegu útsýni. Eldhús er mjög rúmgott, flísalagt, falleg innrétting og vönduð tæki, stór borðkrókur. Svefnherbergi eru þrjú, parketlögð og með góðum skápum. Baðherbergi er flísalagt, hornbaðkar. Sér þvottahús, er inn af eldhúsi. Sameign öll og umhverfi hússins er hið snyrtilegasta, tvær lyftur eru í húsinu. Falleg íbúð með glæsilegu útsýni. **Verð 33,4 millj.**

SKEIFAN FASTEIGNAMIÐLUN
SUÐURLANDSBRAUT 46 (bláu húsin)
SÍMI 568-5556 • FAX 568-5515

ÁLFKONUHVARF 61 - 3JA HERB.

ÍBÚÐ Á 3. HÆÐ Í LYFTUHÚSI ÁSAMT STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU. OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG Á MILLI KL. 13 OG 16. ÍBÚÐIN ER MERKT 03-05

Frum

Um er að ræða glæsilega og nýlega 96 fm íbúð á 3ju hæð fallegu fjölbýli með lyftu. Fallegar innréttingar úr eik. Parket á gólfum. Sérþvottahús. Stórar suðursvalir út frá stofu. Fallegt útsýni. Sérinngangur af svölum. Innangengt í lyftu úr bílageymslu. **Verð 25,9 millj.**

Gjörið svo vel að líta við,
Birna Kristófersdóttir tekur vel á móti ykkur.

Eysteinn Sigurðsson lögg. fasteignasali

HÖFÐABAKKI
fasteignasala
Þorbjörn Pálsson löggiltur fasteignasali

BAKARÍ TIL SÖLU

Vegna sérstakra aðstæðna
Á svæði 220, bakarí fullbúið tækjum og tólum til rekstur, bakaríið er staðsett í 260 fm leiguhúsnæði.
Verð 10 millj.
Upplýsingar gefur Júlíus á Síma 896-4146

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2 herb. verð frá KR. 12.850.000* TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

3 herb. verð frá KR. 16.450.000* TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS 567 3400
FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. 580 7905
domus 545 0555

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

- sem þig vantar

N

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 13.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á arbliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð ólum með yfir þrjár milljónir bíla á krá. Smelltu á Tóta á islandus.com ınn finnur bílinn um leið, reiknar út í Íslenskum krónum með flutnings- ım tolli og VSK á augabraði og sýnir iðurstöður strax á islandus.com vef- ıni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Ís- trygging á öllum bílum Islandus.com ægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ð seljum bíla langt undir markaðs- Sími þjónustuvers 552 2000 og net- við sölumenn er á www.is- ıs.com

ult Megane árg. '99 ek. 110 þ. Verð ›úsund. Uppl. í s. 662 2882.

lu Benz Sprinter árg. '97, ek. 173 þús. í s. 892 1180.

e Ram 3500 disel '05 Til sölu. VSK em má vera á bláum nr.!!! Vel búin, eður, rafmagn í öllu og gangbretti úr

Hyundai H-100 skr. 10.98. Bensín 2,4. Ekinn aðeins 65 þús km. Yfirfarinn fyrir ca. 180 þús. Góður vinnubíll. Verð 380 þús stgr. Uppl. í síma 898 3008.

M. Benz E320 coupe árg. '94 ek. aðeins 150 þús. Óaðfinnanlegur bíll í alla staði. S. 690 1930, Rúnar.

Toyota Yaris árg. '00, ek. 124 þús. cd- spilari, vetrard. Yfirtaka á láni 250 þús. stgr. 250 þús. Uppl. í s. 899 2605.

Svartur eðalvagn, BMW 320i, árgerð 1997, ekinn aðeins 167.000, glæsileg bifreið, jafnt að utan sem innan og allt um kring, tveir dekkjagangar á álfelgum. Glæsilegur sportbíll

Patrol elegans árg. 2000 dísel ekin 168 þús. km. 33" dekk Gott eintak, ekkert áhv. Verð 2.450.000. Uppl í síma 892 1679.

Opel Corsa. Árg.'98. Ek. 60 þús km. Tveir eigendur. Uppl. í s. 869 7500.

Frábær bíll

VW Passat árg. '98, ek. 138 þús. Nýskoðaður og nýsmurður. Verð 695 þús. Uppl. í s. 486 4466.

Sparibaukur til sölu. Renault Twingo árg. '98, í góðu standi sk. 07. Áhv. tæp 200 þ.

250-499 þús.

Skoda Octavia árg. '99, ek. 161 þ. sk. '07. Ásett verð 560 þ. tilb. 490 þ. Uppl. í s. 697 8823.

Econoliner '79. 302, sjálfsk., hár toppur. Gluggar á hlið. U-bekkur. 100% lán möguleiki. Verð 300 þús. Þarfnast lagfæringa. S. 822 4167.

Toyota Corolla 98 1600cc L/B Sjálfskipt Ekinn 114000. Verð 490þús Uppl. 867 1107

Toyota Corolla árg. '98, 5 dyra, ek. 160 þús. Nýskoðaður '07 í mjög góðu standi. Uppl. í s. 898 8893.

MMC Pajero '92 ekinn 174 þ. Verð 490 þús. Skipti á ódýrari ath. Uppl. sími 856 2717.

Til sölu VW Polo 1,9 diesel árg. '01, hvítur með rafmagni í rúðum. 2ja d., ek. 267 þ. Í góðu standi. V. 339 þ. 12 mán lán. getur fylgt með afb. 12 þ. á mán. S. 864 5858.

500-999 þús.

Renault Scenic 2001, keyrður 121.000, fæst á 930.000, þar af lán um 830.000. Góður bíll. uppl. 698 1320.

1-2 milljónir

2 milljónir +

ML Bens 320 árg. 2000, ek. 104 þ. m. Glæsilegur bíll. Leðurinnr, topplúga ofl. Verð 2680 þ. Lán getur fylgt. Uppl. í s. 864 8338.

Gullfallegur BMW M3 343 hö. 2001 ek. 110 þ. km 6 gíra 18" álfelgur, filmur Harmon Kardon rafm. í öllu, topphjónustubók frá upphafi. Verð 4.890 þús. uppl. 699 1544.

MMC Pajero (Montero) 3,5 XLS 2001 ek. 109 þ. km Sjálfsk. 7 manna, cruise control, rafm. í rúðum, CD ofl. 32" ný dekk. Verð 2.290 þús. 690 6465.

Honda CR-V.2004, rauður, ekinn 38 þús cruise contr. engin skipti. Uppl. í síma 868 6099.

MMC Pajero (Montero) 3.5 Limited. ek. 84 þ Einn með öllu. Verð 2.750 Uppl. í s. 699 2649.

Bílar óskast

Toyota-skipti. Er með Toyota Corolla station '99, ssk., ek. 100 þús. Óska eftir eins bíl '04. Milligjöf staðgreidd. Uppl. í 567 3379 og 698 8991.

Vantar 8cyl Bronco árg. '70-'77 með lélegu/ónýtu boddíi. Kram þarf að vera í góðu lagi. S. 693 0093.

Óska eftir bíl, lítið eknum og skoðuðum. Verðbil 70-100 þús. S. 869 6977.

Jeppar

Frábær jeppatilboð! Nýjir eða nýlegir jeppar á frábæru verði frá öllum helstu framleiðendum: Ford, Jeep, Toyota, Mitsubishi, Nissan, Dodge, Honda og Porsche. Láttu okkur gera þér gott tilboð. Margir litir og val um búnað. Útvegum einnig flestar aðrar gerðir jeppa og fólksbíla frá Evrópu eða Bandaríkjunum. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000. www.islandus.com

Pallbílar

Skamper palhús 7 feta langt. vel meðfarið, svefnpláss f/4, ísskápur, miðstöð, eldavél ofl. Uppl. í s. 554 1116 & 821 1872.

Musso Sport diesel '04, ssk. ek. 41 þ. Cruise og fl. aukahl. Verð 2,1 millj. skoða ód. Útb. 250 þ., 38 þ. á mán. S. 893 2765.

Sendibílar

Til Sölu Renault Kango árg. 11/04, ek. 22 þ. Verð 1.230 þús. Áhv. bílalán. Uppl. í s. 868 8565.

Vörubílar

ellihýsi

Hjólhýsi

VAGNASMIÐJAN HJÓLHÝSAVAGNAR ehf.
Eldshöfða 21 - 110 Reykjavík
Sími 587 2200 / 894 6000

Hjólhýsi til sölu

Erum að selja síðustu Delta og Home-car hjólhýsin okkar. Til afhendingar í dag. Verð frá 1.252 þ. Allt að 100% lán. Fortjald á hálfvirði. Bjóðum upp á TV-CD-DVD-RADIO pakka. S. 587 2200 www.vagnasmidjan.is

VAGNASMIÐJAN HJÓLHÝSAVAGNAR ehf.
Eldshöfða 21 - 110 Reykjavík
Sími 587 2200 / 894 6000

Eigum aðeins eitt Hobby Landhaus UML eftir á lager. Verð aðeins 3.000.000 kr. Ultra-heat fylgir. Útvegum allar gerðir af hobby hjólhýsum Frekari upplýsingar í s. 587 2200, 898 4500 www.vagnasmidjan.is

14feta Monsa árg. '91 til sölu. Verð 390 þús. Uppl. í s. 899 3622.

Til sölu Tec hjólhýsi árg. '03, verð 1.800 millj., staðsett á Laugarvatni. Uppl. í s. 867 6252.

Til sölu Dethleffs hjólhýsi árg. 85. Lengd 6m, br. 2.10m. Fortjald fylgir. Verð 470 þús. Sími 897 2067

ROCKWOOD
Amerísku fellihýsin sem slegið hafa í gegn

- 10 feta • 13" sport-álfelgur
- TRUMA hljóðlát miðstöð
- Upphitaðar lúxus dýnur
- 3ja hraða rafmagnsvifta
- Öndunarðúkur í svefnrými
- Cramer eldavél, 3 hellur
- Dometic ísskápur • Net tengi

Verð án geymsluhólfs 1.199.000
með geymsluhólfi 1.299.000
Off-road (15" dekk) 1.450.000

Hjá okkur fáið þið meira fyrir minna
Opið vika daga 12-18
um helgar 13 -16

Futura Pocona 9 Fet '05 Ísskápur, kalt vatn, miðstöð, geymslukassi ofl. Þarfnast smávægilegra lagfæringa. Ath. skipti. Verð 1.250 þús. Uppl. í síma 663 3300.

Sérlega fallegt og lítið notað 9 feta Palomino Colt fellihýsi til sölu, árg. 2003 og fortjald fylgir. Verð 700 þ. Birna, s. 896 1880.

Fellihýsi til leigu

Splunkuný 9 feta fellihýsi Palomino Colt með fortjaldi. Til leigu. Vikuleiga. Uppl. í s. 660 7577 eða 893 5017 og á opet@opet.is

Palomino Colt árg. '99. Upphækkað, fortjald, lítið notað. Uppl. í s. 896 6467.

Til sölu Palomino Colt 2003, vel með farið, með aukahlutum, uppl. í síma 693 9002.

12 feta Coleman Bayside fellihýsi árg. '01. Verð 1.300 þ. S. 896 6676.

Fleetwood Utah. Til sölu fellhýsi 12 fet árg. 2005 verð 1550 þ. uppl. síma 696 0874.

Óska eftir fortjaldi á Conway Cruiser '91-'95. Uppl. í s. 893 3568.

Til sölu Camplite 8 fet. árg. '99. Mjög vel með farið. Verð 490.000. Uppl. í síma 847 7088.

Palomino Colt árg. '02 m/ fortjaldi. Verð 650 þús. Uppl. í s. 865 2730.

Palomino Yelling árg. '04. Verð 1100 þús. Áhv. 587 þús. Uppl. í s. 422 7353 & 846 4181.

Mjög vel með farið Palomino Colt árg. 1999, stórt fortjald, 220 volta rafmagn. Verð 570.000. Upplýsingar í síma 844 3252.

Tjaldvagnar

Til sölu er Holiday Camp frá Seglagerðinni Ægi, árg. '06, ásamt fortjaldi, eldhúsi, farangurskassa og grjótgrind. Vagninn hefur aðeins verið notaður einu sinni. Góður afsláttur. Uppl. í s. 899 6555.

Til sölu Alden Creuzer árg. '80. Með fortjaldi, total 20 fm. Þarfnast aðhlynningar. Verð 35 þús. Uppl. í s. 424 6732 & 659 6432.

Camplet tjaldvagn til sölu árg. '91 kr. 170.000 uppl. í s. 690 3431.

Vinnuvélar

Þarftu að setja upp grindverk eða sólpall ! Þú getur leigt hjá okkur alvöru staurabora í mörgum stærðum sem eru tengdir við Smágröfur einnig Beltahjólbörur sem hægt er að lyfta uppí 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.

Erum með til leigu Beltahjólbörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikkanlegum beltagangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.

Bátar

Varahlutir

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14,

Gámar til sölu og leigu!

Til leigu eða sölu allar stærðir af opnum eða lokuðum gámum. Uppl. í síma 896 3801 eða 896 1653.

Gefins

2 tólf vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 821 1498.

Hljóðfæri

Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta. Verð frá 29.000kr. EG-Tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 6601648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

Rippen píanó ásamt stól til sölu. Svart (glansandi). Keypt 1992, lítið notað. Þarf stillingu. Fæst á 380þús. stgr. Upplýsingar í sih@centrum.is

Til bygginga

Erótíska verslunin Amor, Hverfisgötu 84 allt DVD Á 1990. Allt VHS á 1290. VSK af öllu öðru. s. 562 2431.

ÞJÓNUSTA

Ræstingar

Þarftu að gera hreint? Hreingjör í einkahúsum og á skrifstofum á hvaða tíma dags. Verð eftir samkomulagi. Sími 562 4587 og 847 0069.

Garðyrkja

Garðúðun meindýraeyðir

Úða garða gegn maðki og lús. Eyði könguló af húsum, geitungabúum og starrafló. Með leyfi frá Umhverfisstofu. Sigurður Ingi Sveinbjörnsson, s. 865 5206.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Málarar

Þarftu að láta mála? Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Búslóðaflutningar

Búslóðafl. og allar almennar flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!

Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, ásamt sólpallasmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Parketlangir, slípun, slaa og parketviðhald. Getum nú tekið að okkur verkefni að öllum gerðum og stærðum förum líka út á land, uppl. í símum 847 1481 & 845 5705.

Spádómar

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spámiðill

Hey! Hver ertu og hvað bíður þín handan við hornið, nýjar ástir, ný ævintýri? Ég spái í það fyrir þig. Þóra frá Brekkukoti. S. 557 4391. Spái ekki í síma, áratuga reynsla.

Stendur þú á tímamótum? Spái í spil og bolla. Uppl. í s. 587 8786 & 847 5524, Nína.

Viðgerðir

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

HEILSA

Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - Ómissandi hollusta. Erla sími 695 1127 www.heilsufrettir.is/erla

Snyrting

HEIMILIÐ

Húsgögn

Indverskt borðstofuborð og stólar í stíl úr Ego Dekor, úr dökkum, og fremur við, til sölu f. 25. þús, uppl. 820 2656.

Til sölu rafdrifinn hægindastóll frá "Betra Bak" með brúnu micro áklæði ca. 2 ára, kostaði nýr 130 þús. selst á 60 þús. Uppl. í s. 892 5731 milli 13-16 á laug. og sun.

Til sölu 2stk IKEA Ektorp sófar með ljósu Blekinge áklæði. Sem nýjir, seljast á hálf-

egir Chihuahua hvolpar til sölu. í s. 898 6448.

og fallegir, kassavanir kettlingar fást . S. 697 7980.

ÓMSTUNDIR FERÐIR

erðalög

Spánn-leiga
t raðhús fyrir sunnan Alicante til Uppl. í síma 822 3860 & 567 2827.

isting

óðum upp á ódýra og góða sumar- gu 10 mín. frá miðbæ København, +45 5651.

eki, stofnanir, einstaklingar! 300fm il leigu + 2 50 fm íbúðir. Allar full- húsgögnum og öllum þægindum. t til lengri eða skemmri tíma. S. 696

yrir veiðimenn

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu herb. með aðgangi að wc ogsturtu í hverfi 101. Uppl. í s. 897 8779.

Húsnæði óskast

Reyklaus og reglusöm fjölskylda utan af landi óskar eftir 4-5 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu, erum með rólegan og góðann hund. Uppl. í s. 466 2954.

MEST óskar eftir 3 til 4 herb. íbúð til leigu fyrir erlendan starfsmann og fjölskyldu hans á stór-höfuðborgarsvæðinu. Nánari uppl. í síma 4 400 448 eða á netfangið gudrunl@mest.is. Leigutími lágmark 1 ár eða eftir nánari samkomulagi.

Óska eftir að taka á leigu íbúð, 2.-3. herb. í nokkra mánuði, helst með húsgögnum, ekki þó skilyrði. Uppl. í s. 895 8763.

Fjölskylda óskar e. 4-5 herb. íbúð til leigu til lengri tíma á svæði 104 sem fyrst. Vinsamlega hafið sambandí í s. 848 4301.

Fjölskylda óskar eftir húsi/hæð til leigu á höfuðborgarsvæðinu, helst í Kópavogi. Lágmark 4 svefnherbergi. Traustar greiðslur. Uppl. í s. 893 0912.

Vantar lítið hús eða sumarhús til leigu hjá td. Rauðarvatni, Vatnsleysuströnd, Grímsnesi, Hvalfirði ofl. umhverfis Reykjvaík og Hveragerði. S. 848 2241.

Tveri Háskólanemar óska e. 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðlsum lofað, reglusemi heitið og reyklausir. Uppl. í s. 860 4342, Nökkvi & 867 2352, Sindri.

Sumarbústaðir

Atvinnuhúsnæði

Til Leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., lofth. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Bílskúr

Góður 17,6 fm bílskúr með hita og rafm. til leigu fyrir búslóð eða geymslu. Uppl. í s. 565 8853.

Gisting

Til leigu 3 herb. íbúð í Torrevieja á Spáni laus 10.07-23.07. Uppl. í s. 868 4110 & 861 2107.

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

Viltu vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki?
Óskum eftir vönu starfsfólki í afgreiðslustarf, vaktar og helgarvinna. Óskum eftir fólki í framtíðarstarf, lágmarksaldur 18 ára.
Áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á www.kringlukrain.is

Matreiðslumaður óskast.
Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu í eldhús frá og með haustinu, þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt.
Áhugasamir hafi sambnad í síma 863 8900eða á www.kringlukrain.is

Kranamaður óskast.
Kranamaður óskast sem fyrst á bílkrana, um framtíðar starf getur verið að ræða. Góð laun.
Upplýsingar gefur Erlingur Snær í síma 892-1950/ 554-3722.

Óskum eftir kjötiðnaðarmönnum eða kjötskurðarmönnum. Einnig óskum við eftir starfsfólki í almenn störf. Upplýsingar gefur Sveinn í síma 899 2572.

Olís óskar eftir að ráða starfsmenn til sumarstarfa á smávörulager félagsins. Vinnutími er frá kl 8:00 - 18:00 auk yfirvinnu eftir því sem um semst. Vinsamlega sendið umsóknir til frida@olis.is

Sagtækni auglýsir.
Steinsteypusögun! Starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. GOTT KAUP fyrir góðan aðila.
Upplýsingar í s. 893 3236.

Vaktmaður næturvinna
Viljum ráða til okkar vaktmanneskju til eftirlits og þjónustustarfa á nóttunni. Unnið er aðra hvora viku. Um fullt starf er að ræða, ráðið verður í starfið fljótlega
Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.

Leikskólinn Skógaborg Fossvogi.
Leikskólinn Skógaborg óskar eftir leikskólakennara/leiðbeinendum til starfa vegna flutinings og stækkunar skólans. Góð samskiptahæfni nauðsynleg.
Upplýsingar hjá leikskólasjóra í

Mötuneytis-umsjón sumarstarf

Leitum að aðila til að hafa umsjón með mötuneyti í sumarafleysingu frá 20. júli - 24. ágúst á svæði 210. Vinnutími er 08:00 - 14:00 virka daga.

Upplýsingar veitir Jakob í sima 660 9350 eða í sima 5 800 600.
Einnig á www.iss.is

ISS ÍSLAND

TEITUR Bílaleigubíla

Bifreiðastjórar óskast til starfa
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til framtíðarstarfa. Einnig óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til aksturs á kvöldin og um helgar, um hlutastörf er að ræða. Störfin henta jafnt konum sem körlum.
Upplýsingar í síma 515 2700 frá 9-17 Jónas eða Ágúst.

Ásberg
Óskum eftir starfsfólki í hellulagnir við garyrkjudeild fyrirtækisins.
Uppl. í s. 862 9523.

Ásberg
Vanir vélamenn óskast við gatnagerð og jarðvinnslu. Verkamenn óskast við fjölbreytileg störf
Uppl. í s. 896 3580, Matti og 894 2089, Hallgrímur.

Barngóð manneskja
Óskast til að sækja systkini (2 og 6 ára) úr leik-/skóla og vera m. þeim í 2-4 klst. mán. - fim. Einnig að sinna léttum heimilsstörfum.
Uppl. í s. 695 5288 & 899 0986.

Hjúkrunarheimilið Holtsbúð Garðabæ óskar eftir starfsfólki í aðhlynningu á næturvaktir. Starfsfólk í aðhlynningu dag- og kvöldvaktir. Starfsmann til ræstinga. Sveigjanlegur vinnutími. Upplýsingar veitir Ragnheiður Alfreðsdóttir sími 535 2222, 694 5206 ragnheidur@holtsbud.is Hildur Ólafsdóttir 535 2200.

Véla og verkamenn Óskum eftir að ráða véla-og verkamenn til vinnu. Upplýsingar í síma 893 7310.

Vana vélarmenn vantar til vinnu strax. Húsnæði á staðnum. Uppl. í síma 892 3093.

Kokkur / framleiðslumaður óskast til sumarafleysinga á gott veitingahús á landsbyggðinni. Uppl. gefur Stefán í s. 861 1537.

Vélamaður óskast!
Vantar vélamann á nýja hjólagröfu. Uppl. í s. 896 6676.

Leitum að hressu sölufólki til starfa 2-5 virk kvöld í viku. Mjög góðar tekjur fyrir réttan aðila. inga@hressingar.is

Vörubifreiðarstjóri og maður með vinnuvélaréttindi óskast. Uppl. í s. 693 2607 & 893 1791.

Gestamót. og Næturvsla
Hótel óskar eftir starfsmanni á 12 klst vaktir. Góð málakunnátta og stundvísi áskilin. Umsóknir með ferilskrá sendist á

Viðskiptatækifæri

Barrekstur til sölu
Á spáni. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Kærleikssetrið

Ganga!! Farið verður í kvöldgöngu með hugleiðslu annað kvöld, mánudagskvöldið 10. júlí kl 19.30. Mæting er bak við Olís Langatanga í Mosfellsbæ. Vinsamlegast mætið tímanlega og klæðist hlýjum fatnaði. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar fást á www.kaerleiksetrid.is

Í Amager-Köben þarf gömul kona hjálp að komast út 1-3 tíma/viku. S. 354 551 6527.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Nudd
Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Dömurnar á Rauða Torginu! Rúmlega 10 dömur hafa verið að leika sér í hressandi símaspjalli undanfarið. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín.) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín.).

Sögurnar á Rauða Torginu eru áhrifaríkar upptökur íslenskra kvenna. Upptökurnar eru alls um 400 og er nýjasta upptakan afskaplega góð, sú besta um langa hríð!. Þú hlustar í símum 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín.) og 535 9930 (Visa, Mastercard, kr. 19,90 mín.).

Símaspjall 908 2444 eða 908 2000. Hæ ég er Eva. Ertu einmanna viltu koma í símaspjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

AUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU 21. JÚNÍ 2006

ÞAÐ SEM ÞIÐ MÁTTUÐ HVORKI SJÁ NÉ HEYRA...

*Séð og heyrt var dreift frítt með Morgunblaðinu í könnunarvikunni í maí 2006

Fróði tímaritaútgáfa birti nýverið auglýsingu þar sem útgáfan stærir sig af góðri útkomu tímaritsins Séð og Heyrt í fjölmiðlakönnun Gallup sem framkvæmd var í maí. **Það sem kemur ekki fram í auglýsingunni er að Séð og heyrt var dreift ókeypis með Morgunblaðinu, á því tímabili sem spurt var um, þó IMG Gallup tæki það skýrt fram í niðurstöðunum.** Slíkt skekkir ekki aðeins mælinguna heldur gefur afar villandi mynd af tímaritalestri Íslendinga.

ÍSLENDINGAR KUNNA AÐ META SANNLEIKANN

BORGIN

Accra - höfuðborg Ghana
Íbúafjöldi: Tæplega tvær milljónir.

Opinbert tungumál: Enska.
Trúarbrögð: Kristnir, múslimar og ýmisleg trúarbrögð innfæddra ættbálka.
Staðsetning: Suðurströnd Ghana, við Atlantshafið.

Accra var stofnuð af Ga-fólkinu á fimmtándu öld sem miðstöð verslunar við Portúgala, sem byggðu virki í bænum. Á eftir Portúgölum komu Svíar, Hollendingar, Frakkar, Bretar og Danir þangað einnig í lok sautjándu aldar. Eftir að búið var að leggja járnbrautarteina í námur og að beitilöndum varð Accra fjárhagsmiðstöð Ghana. Stór svæði eyðilögðust í jarðskjálftum árið 1862 og 1939 en borgin teygði engu að síður anga sína til nálægra bæja.

Accra-uppþotin árið 1948 leiddu af sér baráttu fyrir sjálfstæði sem endaði með byltingu og sjálfstæði landsins árið 1957.

VISSIR ÞÚ...

...að lengsta veiðihár á ketti sem mælt hefur verið er 17,4 sentímetrar?

...að dýpsti dalur í heimi er Yarlung Zangbo-dalurinn í Tíbet en hann er að jafnaði 5000 metra djúpur?

...að léttasti fiskur í heimi er dvergkýtlingur, schindleria praematurus? Hann vegur tvö milligrömm enda aðeins á bilinu 12 til 19 millimetra langur.

...að búrhvalurinn hefur stærsta heila allra dýra en heili hans vegur um það bil níu kíló?

...að fyrsti ófleygi fuglinn var fiðrað risaeðlan Protarchaeopteryx?

...að fyrsta mannaða geimferðin sem fjármögnuð var af einkaaðilum var 21. júní árið 2004 en þá var geimfarinu SpaceShipOne skotið upp frá Mojave flugvelli í Kaliforníu?

...að fyrstu tilraunir til að tengja saman tvær tölvur sem eru fjarri hvor annarri var gerð 29. október árið 1969 í Kaliforníuháskóla í Bandaríkjunum?

...að Shunpei Yamazaki, forstjóri Hálfleiðararannsóknarstofanna hf. í Japan var skráður fyrir 3.245 einkaleyfum 31. maí árið 2004?

...að umferðin á eynni Máritíus í Indlandshafi er sú hættulegasta í heiminum því árið 2000 var dánartíðni í umferðarslysum þar 43,9 á hverja 100.000 íbúa?

...að spilltasta land í heimi árið 2004 var Bangladess? Minnst spillta land í heimi er hins vegar Finnland.

...að vegir og götur Indónesíu eru þær mest notuðu í heiminum? Hver einasti kílómetri af vegum landsins er ekinn átta milljón sinnum á ári.

...að samkvæmt Interpol er Triad-mafían kínverska sú stærsta í heimi en í henni eru að minnsta kosti 100.000 félagar í öllum heimshornum?

...að matreiðslubókin Betty Crocker´s Quick and Easy hefur selst í yfir 50 milljónum eintaka síðan árið 1950?

...að elsta dæmi sem til er um stafróf er frá því um 1800 fyrir Krist?

...að lengsta orð á íslensku er hæstaréttarmálaflutningsmaður?

...að lengsta orð á sænsku er nordöstersjökustartilleriflygspaningssimulatoranläggningmaterielunderhållsuppföljningssystemdiskussionsinläggsförberedelsearbeten? Það þýðir „undirbúningsvinnuframlag fyrir umræður um viðhaldskerfi til stuðnings við efni könnunarflugtækis stórskotaliðsins við norðurausturhluta Eystrasaltsstranda.

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt

Líf, fréttir og viðburðir á ensku

Vefurinn Reykjavik.com og blaðið Reykjavikmag eru nýjar upplýsingaveitur á ensku sem munu líta dagsins ljós innan tíðar.
Þær bjóða upp á ferska umfjöllun og nýjustu upplýsingar um allt sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma; menningarviðburði, skemmtistaði, veitingastaði, söfn, gallerí, tísku, verslanir og næturlíf.

Nýjustu fréttir frá Íslandi

Reykjavikmag blaðið kemur út hálfsmánaðarlega og verður dreift um alla borg. Vefurinn Reykjavik.com flytur alltaf nýjustu fréttir frá Íslandi og er stöðugt uppfærður í samstarfi við Fréttablaðið og NFS.

Be prepared,
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

staðinn. „Það geta allir fengið pláss í tónlistariðnaðinum, sama hversu glataðir þeir eru. Sjáðu til dæmis útvarpsstöðina, FM 957. Tónlistin sem þar er spiluð er algjör viðbjóður.“ Aðspurður um það hvort hann þurfi einstaka sinnum að sinna dyntum viðskiptavina sinna, segir hann sögu af bandi sem hann „umbaði“ samfleytt í sjö ár. „Ég man alltaf eftir því að einn meðlimur þeirrar sveitar vildi alltaf láta slétta á sér hárið. Þá vildu meðlimir hljómsveitarinnar Mínuss alltaf fá bleikan klósettpappír og plastpoka á alla túra sem þeir fóru á“.

Sjálfur segist hann helst til sérvitur þegar kemur að samferðamönnum í flugi. „Já, ég fer ekki í flug með poppstjörnum. Hver man ekki eftir dauða umboðsmannsins hans Buddy Holly.“

Kröfðust sjávarútsýnis að nóttu til

Páll Eyjólfsson, eða Palli Papi eins og hann er kallaður af þeim sem til þekkja í bransanum, starfar ekki aðeins fyrir hljómsveitir heldur er í hljómsveit sjálfur. „Ég er í hljómsveitinni Paparnir, en sá þann tækifærisglugga opnast fyrir um tíu árum að taka að mér umboðsvinnu fyrir sveitina. Það var þó ekki fyrr en árið 1999 sem ég hellti mér út í umboðsstarfið og hef sinnt því síðan.“ Páll er umboðsmaður rokkkóngsins Bubba Morthens en samstarf þeirra hefur varað á fjórða ár. „Ég rek einnig fyrirtækið Prime ehf. sem hefur fjölda listamanna á sínum snærum og gengur ótrúlega vel.“

Páll undirstrikar að starfið er mjög skemmtilegt og gefandi „Maður er með ákaflega lifandi fólk í kringum sig og litríkt. Eins og með alla vinnu þá er galdurinn aðallega fólginn í að vera í vinnunni. Sú geta er oft ótrúlega vanmetin“, segir Páll kíminn. Það sem gerir starfið spennandi að sögn Páls er hversu mikil samskipti það býður upp á við annað fólk. „Mín vinna felst aðallega í því að komast að sameiginlegri niðurstöðu með fólki og oft getur það verið ansi gaman.“

GRÍMUR ATLASON „Fleiri kollegar mínir ættu að skella sér í Kennaraháskólann og læra þroskaþjálfun.“ FRETTABLADIDPJETUR

Aðspurður um hvort hann þurfi að hlúa að sérlyndi kúnnanna svarar hann hikandi. „Hmm, nei, ef frá er talið símtal sem ég fékk um miðja nótt fyrir allmörgum árum. Þá hafði skrifstofan sent lífsglaða hljómsveit norður yfir heiðar. Eitthvað voru menn illa fyrir kallaðir eftir mikla skemmtan eða vel fyrir kallaðir, allt eftir því hvernig á það er litið. Að minnsta kosti þá var röddin í tóni viðmælanda míns mjög alvarlegur og mér tjáð að útsýnið af hótelherbergunum væri ekki það sem menn hefðu búist við. Það er að segja það vantaði sjávarútsýni. Hvað menn ætluðu sér með sjávarútsýni um miðja nótt í vetrarmyrkrinu, hef ég engar skýringar á.“

Páll vill þó ekki kenna sig við neina duttlunga, segist alténT ekki hafa rekist á neina slíka í sínu fari ennþá.“



ÚRSLITALEIKURINN Bræðrabylta. Frakkar og Ítalir mætast í kvöld í úrslitaleik HM. Engir nýlegir viðburðir á pólitíska sviðinu ættu að leiða til einhverrar sérstakrar heiftar á vellinum, þótt áreiðanlega verði íþróttamannslegur hiti í mönnum.

Bræður munu berjast

Tveir evrópskir risar, Frakkland og Ítalía, eigast við í úrslitaleik HM í dag. Guðmundur Steingrímsson kynnti sér samskipti þessara nágrannaþjóða í sögulegu samhengi.

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta endar í dag með nágrannaslag. Afríkuþjóðir, Asíu- og Ameríkuþjóðir höfðu ekki erindi sem erfiði og niðurstaðan er þessi: Eins konar Valur-KR á heimsmælikvarða. Ítalía og Frakkland eru nefnileg dáldið eins og Austurbær og Vesturbær, nágrannar sem áttu í erjum hér áður fyrr en eiga auðvitað miklu meira sameiginlegt heldur en nokkurn tímann það sem sundrar þeim.

Frakkland og Ítalía eru náskyldar þjóðir menningarlega. Tungumálin eru af sömu rótinni, kaþólsk menning ræður ríkjum, þræðir í viðskiptum, listum og hugmyndasögu liggja í báðar áttir og svo mætti lengi telja.

Ekki alltaf vinir

Samband þjóðanna hefur hreint ekki alltaf verið dans á rósum. Líklegast slettist mest upp á vinskapinn þegar Mússólíni lýsti yfir stríði á hendur Frökkum og Bretum þann 10. júní 1940, en þjóðirnar stóðu sem kunnugt er hvor sínu megin við víglínuna í síðari heimsstyrjöldinni. Úrslitaleikur milli Frakka og Þjóðverja, svo ekki sé talað um Englendinga og Þjóðverja, hefði án efa, í ljósi sögunnar, kallað fram mun fleiri stríðsára-orðaleiki og innblásnari styrjaldarfyrirsagnir í götublöðum. Þó er ekki ólíklegt að einhverjar gamlar, langræknar franskar sálir sjái leikinn í dag sem tækifæri fyrir Frakka til að veita Ítölum ærlega ráðningu út af Mússólíni. Einhver hótfyndni mun sjálfsagt heyrast á áhorfendapöllunum í þeim dúr.

Að minnsta kosti er ólíklegt að einhverjir Ítalir eða Frakkar sjái leikinn sem tækifæri til að útkljá endanlega deilur um Napólí sem stóðu yfir með styrjaldarbrölti milli Ítala og Frakka á 15. og 16.öld. Né heldur er líklegt að einhverjir muni setja leikinn í samhengi við hinn gíruga Napóleón Bónaparte sem klöngraðist með heri sína á norðanverðri Ítalíu um nokkurt skeið í þeirri viðleitni sinni að koma höggi á Austurríkismenn.

Magnþrungnari leiki út frá pólitískum sjónarhóli má því hæglega ímynda sér. Íran-Bandaríkin hefði til dæmis verið áhugaverður úrslitaleikur í því tilliti. Einhverjir Korsíkubúar munu kannski ekki vita í hvorn fótinn þeir eiga að stíga, þar sem eyjarskeggjar eru margir ekki mjög hrifnir af frönskum yfirráðum, en vilja þó tæplega hverfa aftur undir yfirráð Genúa. Íbúar Nice munu hins vegar án efa halda með Frökkum þó svo að borgin hafi einu sinni verið ítölsk, eða öllu heldur sardínísk, með hléum til 1860.

„Ef Ítalir ættu mögulega að vera stressaðir út af efnahagsmálum þá ættu Frakkar hugsanlega að finna til vanmáttar út af yfirgripsmiklum sögulegum áhrifum Ítala á það sem Frakkar státa sig einna mest af: matargerð og tísku.“

Ríkir og valdamiklir bandamenn

Bæði Frakkland og Ítalía voru stofnmeðlimir að NATÓ árið 1949 og að Evrópubandalaginu árið 1957. Þjóðirnar hafa því verið æði samstíga í grunninn og aðhyllast báðar hugsjónir um sameinaða Evrópu af miklum þunga. Ágreiningur um tollareglugerðir mun væntanlega ekki sitja þungt í áhangendum liðanna á vellinum í dag eða misjafnar áherslur, ef einhverjar eru, um styrki til sérhæfðs landbúnaðar svo dæmi sé tekið. Kannski sárnar einhverjum Ítalanum að Frakkar eigi fastafulltrúa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, en ekki þeir. Sá mun væntanlega óskra hærra á vellinum en ella. Á móti kemur að báðar þjóðirnar eiga aðild að reglulegum fundum iðnríkjanna átta.

Ítölum kann að þykja það óþægilegt að Frakkar reka ívið stærra hagkerfi en þeir, þrátt fyrir að þjóðirnar séu nánast jafnstórar hvað íbúafjölda varðar. Ítalir eru 58.1 milljón en Frakkar eru 60.6 milljónir. Verg þjóðarframleiðsla í Frakklandi var að meðaltali 2.104 milljarðar bandaríkjadala á árabilinu 2001 til 2005, eða 151.488 milljarðar íslenskra króna. Þjóðarframleiðslan var hins vegar einungis 132.300 milljarðar á Ítalíu á sama tíma. Hagvöxtur er einnig meiri í Frakklandi og ekki bætir úr skák að til dæmis sérfræðingar tímaritsins Economist spá Ítalíu frekar ömurlegu gengi í efnahagsmálum í náinni framtíð. Það ætti þó varla að trufla einbeitingu ítalska liðsins í dag, einkum og sérílagi ef Marcello Lippi nær að forðast alfarið að minnast á efnahagsmál við leikmenn sína í hléi.

Er franska eldhúsið ítalskt?

Ítalskir gáfu- og listamenn hafa í gegnum tíðina verið heimagangar í París og franskir menningarvitar hafa að sama skapi leitað að vild suður í stígvélið svokallaða.

Þessir hugmyndasögulegu þræðir eru samofnari en svo að hægt sé að telja þá upp með einhverri markvissri aðgreiningu. Hins vegar er það staðreynd að ef Ítalir ættu mögulega að vera stressaðir út af efnhagsmálum þá ættu Frakkar hugsanlega að finna til vanmáttar út af yfirgripsmiklum sögulegum áhrifum Ítala á það sem Frakkar státa sig einna mest af: matargerð og tísku.

Sú persóna sem er hvað oftast nefnd sem fulltrúi einhvers konar afmarkaðra, tímasettra áhrifa annarrar þjóðarinnar á hina, er Katrín af Medici. Hún var ítölsk, fædd í Flórens árið 1519 og var af hinni valdamiklu Medici-ætt sem þar réði ríkjum. Katrín giftist ung Hinriki II Frakkakonungi og varð drottning Frakka að honum látnum. Jafnframt ól hún þrjá syni sem síðar urðu Frakklandskonungar.

Helstu áhrif Katrínar á Frakkland reyndust ekki pólitísk heldur menningarleg. Hún hafði byltingarkennd áhrif á franska matargerð og innleiddi ýmislegt sem síðar átti eftir að einkenna hið víðfræga franska eldhús. Raunar telja margir matarsérfræðingar að Katrín sé beinlínis móðir franskrar matargerðar. Flórenskir spínatréttir voru meðal þess sem Frakkar gleyptu við ásamt mörgu öðru, sem kokkar Katrínar matreiddu að hennar frumkvæði í glæsilegum og rómuðum veislum hennar í Fontainebleau-höllinni á meðan maður hennar, að sjálfsögðu, stóð í framhjáhaldi.

Varalitir, korselett og háhælaðir skór

Og það er ekki nóg með það. Áhrif Katrínar af Medici á klæðnað kvenna reyndust í meira lagi byltingarkennd. Hún, Ítalinn, varð meðvitað eða óméðvitað ein af mæðrum frönsku hátískunnar í klæðaburði. Árið 1533 gerðist til að mynda sá örlagaríki atburður að Katrín af Medici, þá nýgift, bað skósmið sinn að gjöra svo vel að smíða handa sér skó með sérstaklega háum hælum, en slíkur skóbúnaður kallast nú því einfalda nafni háhælaðir skór og er flestu ef ekki öllu kvenfólki ómissandi þegar farið er út að skemmta sér. Katrín gerði þetta bæði til þess að sýnast stærri – sem er hinn augljósi tilgangur hærri hæla – og einnig vegna þess að henni þótti það einfaldlega smart. Það má því segja að sjaldan hafi nokkur tískulögga haft jafn mikil áhrif fyrr og síðar en Katrín af Medici, sem gaf tóninn fyrir margar aldir. Til samanburðar er vert að hafa í huga að ný hárgreiðsla Davids Beckhams hefur sjaldan áhrif í lengri tíma en tvo til þrjá mánuði.

Til að bæta um betur er Katrín af Medici jafnframt talin hafa verið upphafsmanneskja að varalitnum, sem gerir hana þar með að grundvallaráhrifavaldi í snyrtivöruframleiðslu og þar með að meiriháttar áhrifavaldi á franska menningu. Hvar væri Chanel án varalits? Varalitur Katrínar er sagður hafa verið einhvers konar býflugnavax blandað með fæðulit, sem hún notaði til að gera varir sínar ögn rauðari.

Ef liðsmenn franska landsliðsins hafa hugsað sér að láta meinta franska yfirburði á sviði tískuhönnunnar blása sér baráttuanda í brjóst þá er sem sagt eins víst að það geti komið beint til baka í andlitið á þeim. Katrín af Medici var meira að segja líka upphafsmanneskja að korselettunum. Þar með er hægt að eigna Ítölum upphaf franskrar undirfatatísku eins og heimsbyggðin þekkir hana, og er þá fokið í flest skjól.

Löng saga á fótboltavellinum

Ef vel tekst til munu liðsmenn landsliðanna tveggja ná að sneiða hjá því að láta hugrenningar sem þessar draga úr sér mátt í leiknum í dag, sem vonandi verður æsispennandi. Ítalskur uppruni varalitsins verður Zinedine Zidane væntanlega ekki svo mjög hugleikinn, enda óvíst að hann telji það í sínum verkahring að verja heiður franskra snyrtivöruframleiðenda.

Frakkar og Ítalir eiga sér langa sögu á fótboltavellinum. Framanaf voru Ítalir mun betri. Fyrir 1982 unnu þeir 17 leiki gegn Frökkum, töpuðu þremur og gerðu 6 jafntefli. Síðan hefur dæmið hins vegar snúist við og Frakkar hafa ekki tapað einum einasta leik á móti Ítölum, unnið fimm sinnum og gert eitt jafntefli. Einhverjir myndu segja að Ítalir hefðu allt eins getað verið á háhæluðum skóm í þessum leikjum í anda Katrínar af Medici, en kannski á það eftir að breytast í kvöld.

KATRÍN AF MEDICI Hún var Ítali, fædd í Flórens og gerðist síðar drottning Frakka. Áhrif hennar á franska tísku og matargerð voru byltingarkennd.

citré shine
hárvörur

Citré Shine hárvörurnar eru hágæða vörur sem ætlaðar eru fyrir daglega notkun. Ásamt því að hreinsa og mýkja hárið gefa þær því fallega áferð og aukinn gljáa.

- **Smooth out sjampó og hárnæring**
  Fyrir úfið hár. Gerir hárið meðfærilegra, nærir það og róar.
- **Moisture burst sjampó og hárnæring**
  Fyrir þurrt hár. Veitir hárinu aukinn raka og endurnærir það.
- **Daily revitalize sjampó og hárnæring**
  Fyrir allar hárgerðir. Endurlífgar, nærir og verndar hárið.
- **Color brilliance sjampó og hárnæring**
  Fyrir litað og meðhöndlað hár
  Nærir og verndar hárið ásamt því að auka fyllingu þess.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Göturnar í lífi mínu } Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði

Bjarnabær er aðalstaðurinn í Hafnarfirði

Hofteigur í Reykjavík
„Fyrstu fjögur árin mín liðu á þessarri götu og þarna kviknaði einnig fyrsta minningin mín. Ég er þriggja ára og sit á gólfinu og er að taka svívirðilegt frekjukast því foreldrar mínir voru að troða mér í bol af Davíð, eldri bróður mínum. Ég var ekki sátt við þá ráðagerð enda var mynd af ljótum fíl framan á bolum. Ég hef ekki boðið þess bætur síðan."

Norðurbraut 24, Hafnarfirði
„Hér ólst ég upp og er enn að fá markvisst uppeldi héðan, með misjöfnum árangri þó. Hér myndaðist hin alræmda Nönnugötuklíka og vináttusambönd fyrir lífstíð. Það væri hægt að skrifa margar bækur um uppátækin sem þar áttu sér stað. Flestar minningar úr barnæsku minni eru frá þessum stað, svo ekki sé talað um unglingsárin, en tel að það sé best geymt óbirt. Þetta var hinn fullkomni staður til að alast upp, tóm hamingja og gleði. Ég eignaðist lítinn bróður, Odd Snæ, til að berja. Foreldrar mínir fá aldrei að flytja héðan ef ég fæ einhverju ráðið. Þetta er nafli alheimsins"

Eduardo Robin 164, Catamarca, Argentína
„Hér upplifði ég yndislegt skiptinemaár í faðmi „la familia Bochatey". Þessi staður er og verður alltaf „heima" í mínu hjarta. Þarna hitti ég Margaritu Bochatey, sem er elst fjögurra systkina."

Hraunstígur 6, Hafnarfjörður
„Á þessum stað varð ég fasteignaeigandi í fyrsta skipti, unnusta Davíðs Arnars sem síðar varð maðurinn minn og móðir hennar Bjarkar. Sem sagt löglega orðin fullorðin og flutt að heiman. Þetta er pínulítil rúsínuíbúð í miðbæ Hafnarfjarðar. Hér komu í ljós framúrskarandi hússtjórnunarhæfileikar mínir. Ég bjó þarna í þrjú og hálft ár og tókst að eyðileggja þrjár þvottavélar."

Álfaskeið 40, Hafnarfjörður
„Við skötuhjúin ákváðum að nýta okkur uppsveiflu fasteignamarkaðarins og stækka við okkur. Það jók hins vegar ekki á hamingjuna og stuttu seinna slitum við sambúð. Þar með flutti ég aftur í nafla alheimsins. Heim til foreldranna."

Krosseyrarvegur 3, Hafnarfjörður
„Þessi staður sameinaði okkur Davíð að nýju og þarna fundum við ástina endurborna. Það kom aldrei til greina að færa okkur út fyrir bæjarmörk Hafnarfjarðar, enda hefði það endanlega gert út af við rómantíkina. Við fluttum aftur inn í litla skonsu með sólpalli og frábærum nágrönnum. Hvorki Hafnarfjörður, góður nágrannabragur né sólpallurinn dugði þó til og enn var sambúð slitið."

Eggertsgata 10, stúdentagarðarnir
„Hér er geggjað að búa með börn, það leynist vinur bak við hverja hurð. Ég ætlaði mér að vera rosalega dugleg að stunda kaffihús og sinna menningarlífi á þessum tíma, en keyrði alltaf beint í Hafnarfjörðinn eftir tíma í háskólanum. Ég og Davíð fundum hvort annað enn einu sinni. Já, þetta er búið að vera nokkuð brösótt hjá okkur."

Suðurgata 38, Bjarnabær, Hafnarfjörður
„Þetta er aðalstaðurinn í Hafnarfirði, félagsmiðstöð vina og kunningja, alltaf stöðugt fjör. Við erum eigendur númer tvö að þessu eðal hafnfirska timburhúsi sem er byggt árið 1907. Héðan ætlum við aldrei að flytja heldur eyða ævinni hér saman í að dúllast og dytta að, enda ótrúlegur andi í húsinu. Við fengum meira að segja vin í kaupbæti, hann Bjarna gamla sem bjó hér í 83 ár. Hér blómstrar rifsið, ástin, hjónabandið, barnið, bumban og dýrin okkar öll. Héðan í frá er ég Margrét í Bjarnabæ."

MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR, BÆJARFULLTRÚI Í HAFNARFIRÐI „Þetta er aðalstaðurinn í Hafnarfirði, félagsmiðstöð vina og kunningja, alltaf stöðugt fjör." FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

TAKTU ÞÁTT!

Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið geisladiskinn Allt sem ég á með Idol stjörnunni Snorra!

Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ
á númerið **1900**!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

sena 99 kr/SMS

Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.

23 MP & BH · BOLMAGN · YFIRSTÉTTAR · ÓVISS Í TALI · UPPHRÓPUN · SKÓLI · HÓTA · DANS
VEGAMÓT
JAFNVEL · HEGÐA · LÉLEGUR
PILLA · SÁLDRA · 4 · ÓNEFNDUR · FALLEGUR · HLUTI VERKFÆRIS · HJARA
ÓGRYNNI · STJÓRNTÆKI · DANS · HALD · HLJÓÐFÆRI · REIÐMAÐUR
GIRND · LÓÐ · Í ANDLITI · ÓKYRR · SPENDÝR
LÍFLÁT · 1 · FLOKKA · NÝJA · 2 · TITILL · SVARI
1000 · ÖFGAFULLUR · GEFA FRÁ SÉR REIÐIHLJÓÐ · GORTA · REIGINGSLEGUR GANGUR · TIL · LISTI
DRULLA · SEYTLAR · VEL BÚIN · KONUNGSSONUR · SAMI · ÓTTAST
FJÚK · ÞÁTTTAKANDI · KK NAFN · KRAUMA · FÓTABÚNAÐUR · SKORTUR
BOGI · TEMJA · POTTRÉTTUR · Í RÖÐ · VÍRUS · GUÐ · EYÐIR
AÐ VÍSU · TRJÁGREIN · FLÍK · 3 · TÍMABILS · KEYRA
KÓF · GÆLUNAFN · GUÐ · RYKKORN · Í RÖÐ
LÉLEGRA
HÖGGVA · KLETTAVEGGS

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

Í KVÖLD KL. 18:00

FRAKKLAND
ÍTALÍA

HM 442 með Þorsteini J. og Heimi Karls strax eftir leik

ÚRSLITIN

HM 2006

GOTT FÓLK McCANN

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*

Þú sérð innihaldið!

ÍSA-321 – IDEA grafísk hönnun

AGA Gasol®

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu **AGA Gasol** hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas | AGA

BYKO

ATLANTSOLÍA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:
SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548
SAUÐÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626
REYÐARFJÖRÐUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114
ÍSAFJÖRÐUR: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349
AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

STUÐ MILLI STRÍÐA Leiðindaveðurfar

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER HÆTT AÐ BAKTALA VEÐRIÐ

Allt kaffihúsaspjall virðist einkennast af veðrinu þessa dagana. Sama við hvern maður talar þá kemur slæmt veðurfar sumarsins upp og heyrist svona vonleysistónn í röddinni. Reyndar skil ég það mjög vel. Það er ótrúlegt hvað veðrið hefur mikil áhrif á andlega heilsu. Maður er lengur að drullast á lappir, leggur sig eftir vinnu og er fullkomlega óvirkur á kvöldin þegar veðrið er grátt og blautt. Það er eins og allt loft fari úr lungunum og maður eigi erfiðara með andardrátt í rigningu og súld.

Ég viðurkenni að ég hef tekið fullan þátt í að baktala veðrið. Ég er búin að kvarta og kveina yfir því að ég hafi eiginlega ekkert gert í sumar og ég er ennþá að bíða eftir komu sumarsins. Hélt að það mundi koma með steikjandi hita og dansandi stelpum í strápilsum. Þetta var kannski full bjartsýnt af mér en í minningunni er sumarið alltaf skemmtilegsti tími ársins. Bjórdrykkja í sólinni og sólbað úti á palli. Miðbærinn fyllist af lífi þegar það er sól og það er eins og íslenska þjóðin fái gleðipillur þegar sólargeislarnir leika um klakann og það brosa allir hringinn.

Ég áttaði mig á því um daginn að sumarið er hálfnað og lengsti dagur sumarsins er liðinn. Sem þýðir að núna fer þetta bara niður á við og hver dagur bara styttist og styttist. Mig hefur aldrei langað jafn mikið að fara til útlanda til að fá smá sól á kroppinn og í sumar, ef sumar má kalla.

Ég gæti haldið áfram lengi og gert þetta að mjög svo þunglyndislegum pistli, en daginn sem þetta er skrifað er fyrsti almennilegi sólardagur sumarsins og ég get einfaldlega ekki verið neikvæð lengur. Sól skín í heiði og ég ætla að muna þessa tilfinningu sem ég finn núna næst þegar rigningin ætlar að draga mig niður í drullupollinn með sér.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000

Kl. 16.00
Systurnar Sigrún og Eva Björg Harðardætur leika á víólu og fiðlu á stofutónleikum á Gljúfrasteini. Á efnisskránni eru lög eftir Jón Ásgeirsson, Atla Heimi Sveinsson, Jón Nordal og Sigvalda Kaldalóns, samin við ljóð Halldórs Laxness.

menning

Góður túr til Grænlands

Athafnamaðurinn og vinjettuhöfundurinn Ármann Reynisson er nýkominn heim úr tveggja vikna ferð á Grænlandi. Hann ferðaðist um vesturströndina og viðaði að sér efniviði úr menningar- og listalífi þjóðarinnar en þetta er fyrsta landið sem Ármann heimsækir sem rithöfundur.

Ármann hefur getið sér gott orð fyrir vinjettubækur sínar sem eru orðnar fimm talsins og sjötta bókin kemur út í október næstkomandi.

Þegar Ármann var staddur í höfuðstaðnum Nuuk var efnt til móttöku fyrir hann í Þjóðarbókhlöðu þeirra Grænlendinga en þar afhenti hann landsbókaverðinum ritsafn sitt.

Aðspurður segir Ármann ferðina hafa verið bæði gagnlega og ævintýralega. Hann hitti marga Grænlendinga og íslenskt athafnafólk búsett þar í landi sem tók einkar vel á móti honum. Ferð Ármanns vakti talsverða athygli og var hann í sjónvarpsviðtali hjá hinni þekktu sjónvarpskonu, Ingu Hansen. Ármann sagði í samtali við Fréttablaðið að ferðin hefði auk þess verið honum innblástur þar sem hann skrifaði þrjár vinjettur í ferðinni sem hann hyggst nota í sjöundu bók sinni.

Ármann Reynisson telur að Íslendingar eigi að stórefla samstarf og viðskipti við Grænland því það er augljóst mál að það er land framtíðarinnar.

ÁRMANN REYNISSON Á GRÆNLANDI Vinjettuhöfundurinn afhenti Elisu Jeremiassen landsbókaverði ritsafn sitt á dögunum. Til hægri er blaðakonan Erna Lynge.

RAKEL HALLDÓRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAFNARÁÐS „Það hefur verið mikil gróska safnamálum undanfarin ár og það er alltaf eitthvað nýtt að bætast við, bæði söfn, setur og sýningar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allir með á safnadaginn

Íslenski safnadagurinn er haldinn hátíðlegur víða um land í dag. Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs, hvetur alla til þess að njóta þeirrar skemmtunar og fræðslu sem í boði er á íslenskum söfnum allt árið.

Safnadagurinn hefur fest sig í sessi en tilgangur hans er að vekja athygli á þeim fjölmörgu söfnum og fræðslusetrum sem við búum að. „Markmiðið er einnig að minna á það mikilvæga starf sem þau sinna við varðveislu og miðlun menningar- og náttúruarfsins,“ segir Rakel.

Á skrá Safnaráðs, sem er samráðsvettvangur starfsemi list- og minjasafna, eru ríflega tvö hundruð söfn og setur sem staðsett eru víða um land - allt frá stofnunum á borð við Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur til Rjómabúsins á Baugstöðum á Eyrarbakka og Minjahússins Kört í Trékyllisvík.

Safnaráð hefur umsjón með kynningu safnadagsins ásamt Þjóðminjasafninu, Listasafni Íslands, Náttúrufræðistofnun, Félagi íslenskra safna og safnamanna og Íslandsdeildar ICOM sem eru alþjóðasamtök safna.

Að sögn Rakelar eru mörg safnanna með sérstaka dagskrá í dag og veita sum ókeypis aðgang í tilefni dagsins. Hún segir að Íslendingar séu almennt duglegir að sækja söfn og bendir á að áhugi fólks á náttúru- og menningararfi okkar sé sífellt að aukast. „Það hefur verið mikil gróska í safnamálum undanfarin ár og það er alltaf eitthvað nýtt að bætast við, bæði söfn, setur og sýningar,“ segir hún og vísar til dæmis til nýstofnaðs hafísssetursins á Blöndósi.

Hún tekur undir að ekki fari hátt um íslenskt safnastarf. „Fjölmiðlar hafa hingað til ekki verið nógu duglegir við að sinna þessum málaflokki en það er allt að breytast. Áhuginn fer sífellt vaxandi, enda er þetta oft tengt ferðamannaiðnaðinum og því eykst kynningarstarfið. Söfnin okkar hafa upp á margt að bjóða og því hvet ég alla til þess að heimsækja söfnin og setrin á íslenska safnadaginn, og aðra daga, og njóta þeirrar skemmtunar og fræðslu sem þar er í boði enda er það tilvalið fyrir alla fjölskylduna.“

Nánari upplýsingar um hátíðardagskrá safnanna er að finna á heimasíðunni www.safnarad.is.

> Ekki missa af ...

tónleikum **Ragnheiðar Gröndal** í Fríkirkjunni í kvöld. Þar flytur hún hugljúf íslensk þjóðlög í óvanalegum útsetningum ásamt **Hauki Gröndal** og **Huga Guðmundssyni.** Tónleikarnir hefjast kl. 21.30.

sumarsýningu Hafnarborgar, **„Hin blíðu hraun,“** þar sem úrval íslenskra myndlistarmanna sýna verk sem tengjast náttúruöflum og íslensku hrauni.

metalfest í Neskaupstað um næstu helgi. **Fræbblarnir**, **Morðingjarnir** og **Dr. Gunni** ætla að mæta ásamt fleiri hressum böndum.

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í júlí

Föstudag	7. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	8. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	9. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	14. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	15. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	16. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	21. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí	kl. 20	laus sæti

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámssetur
Frá kr. 4000 - 4800
MIÐAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Depp orðinn þreyttur á Hollywood

Johnny Depp sagði nýlega að hann væri orðinn þreyttur á Hollywood og að hann langaði til þess að leika Hamlet eftir Shakespere. Depp játaði þó að hann væri frekar hræddur við að takast á við eins erfitt hlutverk og Hamlet. „Ég held samt að leikarar hafi gott af því að finna óttann við að mistakast hrapallega, það heldur þeim gangandi.“ Depp segir að Marlon Brando hafi veitt honum innblástur að hugmyndinni. „Marlon vildi að ég hvíldi mig á kvikmyndum um tíma. Hann sagði við mig að um það leyti sem hann hefði treyst sér til þess að leika Hamlet þá hefði það verið orðið um seinan og því sagði hann mér að gera það á meðan ég gæti það.“

Ekki einnar nætur

Partíljónið og hótelerfinginn Paris Hilton hefur látið hafa það eftir sér í bandarísku slúðurpressunni að hún sé ekkert fyrir einnar nætur gaman og finnist það vera ógeðslegt. Einnig segist Hilton vilja láta stráka ganga á eftir sér og að hún reyni ekki við stráka að fyrra bragði. Hilton segir einnig í viðtali við The Sun að hún sé tilbúin til að eignast börn og að hún vilji ekki verða gömul mamma. Hún er nú í tygjum við bandaríska fótboltamanninn Matt Leinhart og segist vera mjög hamingjusöm.

PARTÝLJÓNIÐ Paris Hilton finnst einnar nætur gaman vera ógeðslegt og er tilbúin til að eignast barn. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Nicky Hilton ætlar að opna eigið hótel

Hótelerfinginn Nicky Hilton ætlar í samkeppni við fjölskyldu sína með því að opna eigið hótel. Stúlkukindin, sem er systir Parísar Hilton, stefnir á að endurgera tvær gamlar byggingar í Miami og breyta þeim í Nicky O hótel, dregið af nafninu Nicky Olivia, sem opna munu seinna á árinu. Stúlkan, sem er 22 ára, sá um alla hönnun á hótelinu sjálf. Hótelin verða öll hin glæsilegustu en nóttin á svítunni mun kosta um 5 þúsund dollara sem samsvarar tæplega 400 þúsund íslenskum krónum.

Hilton, sem er barnabarn hótelbarónsins Conrads Hilton, er sannfærð um að verkefni hennar muni skila tilætluðum árangri. „Ég hef verið í kringum hótel allt mitt líf og ég veit hvernig góð hótel eiga að líta út,“ sagði Hilton en hótelið hennar verður með 94 herbergjum.

NICKY HILTON Ætlar að stofna eigið hótel.

Dansað og sungið yfir sætum sigrum á knattspyrnuvellinum

Ótrúlega stemning hefur verið í kringum leikina á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða í Þýskalandi, þar sem mótið sjálft fer fram, eða í öðrum Evrópulöndum sem eiga fulltrúa á mótinu. Frakkland og Ítalía munu leika til úrslita um heimsmeistaratitilinn í dag. Fréttablaðið fékk þrjár ungar stúlkur til að lýsa ástandinu í löndunum sem þær eru búsettar í en þær segja stemninguna vera ótrúlega.

Ótrúleg lífsreynsla

Halla Tryggvadóttir nemi er búin að vera í París í fimm vikur. „Það er alveg brjáluð stemning hér. Allir voru frekar slappir á fimmtudag, voru að jafna sig eftir leikinn á miðvikudag. En það eru allir mjög glaðir. Þetta er búið að vera alveg ótrúlegt lífsreynsla, andrúmsloftið er allt öðruvísi hérna þessa dagana. Flestir fara á Champs Elysées eftir leikinn, þar voru blys og flugeldar og allir með fána að syngja fótboltalög," segir Halla, en hún fór á stærsta leikvanginn í París, Stade de France, til að horfa á leikinn á risaskjá. „Maður þarf að vera kominn þremur, fjórum tímum fyrir leik því allt troðfyllist," segir hún og býst við að mæta snemma til að horfa á úrslitaleikinn á sunnudag.

Óeirðir í jákvæðum skilningi

Freyja Gunnlaugsdóttir klarinettuleikari býr í Berlín og segir að það sé ekki hægt að leiða hjá sér HM-stemninguna. „Ég bý í miðbænum og það var ekki einu sinni bíll á götunum þegar Þýskaland-Ítalía leikurinn var og drungaleg stemning yfir öllu. Fyrir hina leikina lá við að það brytust út óeirðir, í jákvæðum skilningi, því fólk hljóp út á götu öskrandi og syngjandi," segir Freyja. Úrslitaleikarinn fer fram í Berlín og segir Freyja að borgarbúar fagni eins og það sé þjóðhátíð þegar leikirnir eru haldnir þar. „Það sem er svo áhugavert er að í fyrsta sinn eftir að ég flutti til Þýskalands sé ég fánann notaðan á götum úti. Fáninn var hálfgert tabú út af Þriðja ríkinu og ég er vön að sjá hann bara í partíum og þá er hann jafnvel brenndur. En allir tóku sig saman um að nota fánann þegar Þýskaland spilaði, máluðu hann framan í sig og flögguðu honum. Fólk hefur ákveðið að nú væri tíminn til að halda áfram og gleyma fortíðinni," segir Freyja Gunnlaugsdóttir.

FREYJA GUNNLAUGSDÓTTIR Segir hálfgert óeirðaástand hafa ríkt í Þýskalandi fyrir tapið á móti Ítölum.

HALLA TRYGGVADÓTTIR Hlakkar til að fylgjast með úrslitaleiknum á sunnudaginn kemur.

HJÖRDÍS ÓLAFSDÓTTIR Horfir á úrslitaleikinn hér á landi en ekki í Mílanó.

Gamlar konur dönsuðu uppi á bílum

Hjördís Ólafsdóttir, iðnhönnunarnemi í Mílanó, segir að brjálæðisleg stemning hafi myndast á Ítalíu eftir að landsliðinu tókst að tryggja sér sæti í úrslitum með því að leggja Þjóðverja að velli í framlengingu. „Ég var reyndar á Sigur Rósar, tónleikum í bæ sem heitir Ferrara, á meðan á leiknum stóð en ég náði framlengingunni," segir Hjördís. „Tónleikarnir voru ágætlega sóttir en þeir voru haldnir í kastala svo það var svolítið sérstök stemning þar. Eftir að tónleikunum lauk flýttu allir tónleikagestir sér á næsta kaffihús og horfðu á það sem eftir var af leiknum. Það var mikil stemning og það varð eiginlega allt „crazy" þegar Ítalarnir skoruðu annað markið."

Hjördís segir að Ferrara sé ekki stór bær en mörg þúsund manns hafi safnast þar saman, dansað og skemmt sér. „Það myndaðist svona karnivalstemning. Fólk var með bongótrommur og það stóð uppi á pallbílum sem keyrðu í gegnum bæinn. Fólk dansaði á bílum, jafnvel gamlar og stirðar konur. Fólkið var alveg rosalega glatt og ánægt – það var ótrúlegt að sjá þetta."

Hjördís segir að Ítalir séu orðnir ansi spenntir fyrir úrslitaleiknum á sunnudaginn kemur. „Það eru fánar úti um allt og fólk opnar gluggann og syngur með þjóðsöngnum þegar hann er spilaður. Svo er verið að selja lúðra alls staðar og það eru allir að tala um úrslitaleikinn," segir Hjördís sem er nýkomin heim frá Mílanó og verður því að gera sér að góðu að horfa á úrslitaleikinn hér heima. „Ég er svolítið svekkt að sjá ekki leikinn úti en það var of mikið vesen að breyta flugmiðanum. Svo er svo heitt í Mílanó að ég er eiginlega bara fegin því að komast í kuldann hér heima."

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

6 7 8 **9** 10 11 12

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

☐ 16.00 Systurnar **Sigrún** og **Eva Björg Harðardætur** leika á víólu og fiðlu á stofutónleikum á **Gljúfrasteini**. Á efnisskránni eru lög á eftir **Jón Ásgeirsson**, **Atla Heimi Sveinsson**, **Jón Nordal** og **Sigvalda Kaldalóns**, samin við ljóð **Halldórs Laxness.**

☐ 20.00 **Guðný Einarsdóttir** orgelleikari heldur tónleika í **Hallgrímskirkju**. Yfirskrift tónleikanna er **Myndir Mussorgskys** en hún leikur meðal annars verk sem voru hluti af útskriftarverkefnum hennar við **Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.**

☐ 21.00 **Herdís Anna Jónsdóttir**, víóluleikari og **Sólveig Anna Jónsdóttir** leika ásamt slagverksleikaranum **Steef van Oosterhout** á sumartónleikum við **Mývatn**. Tónleikarnir fara fram í **Skútustaðakirkju** en þar verður flutt fjölbreytt efnisskrá með barokktónlist. Ókeypis er á tónleikana.

☐ 21.30 **Ragnheiður Gröndal** leikur í **Fríkirkjunni** í Reykjavík. Á efnisskránni eru m.a. íslensk þjóðlög. Með henni leika **Haukur Gröndal** og **Hugi Guðmundsson**. Miðaverð er 1.000 kr.

SÝNINGAR

☐ **Listamannaspjall** í **Listasafni ASÍ** þar sem nú stendur yfir sýning á vatnslitamyndum eftir **Eirík Smith**, **Daða Guð**björnsson, **Hafstein Austmann**, **Kristínu Þorkelsdóttir** og **Svavar Guðnason**. Léttar veitingar í boði safnsins. Aðgangur ókeypis.

OPIÐ HÚS

☐ 14.00 Opnið hús hjá myndlistarmanninum **Snorra Ásmundssyni**. Áhugasamir eru hvattir til að gera sig heimakomna hjá Snorra í **Álafosshúsinu** í Mosfellsbæ, Opið frá kl. 14-18 um helgina eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar veitir Snorri í síma 692 95 26

UPPÁKOMUR

☐ 10.00 Ókeypis aðgangur er að **Minjasafninu á Akureyri** í tilefni af **Íslenska safnadeginum**. Hann verður haldinn hátíðlegur á safninu sjálfu, í gamla bænum í **Laufási** og á **Iðnaðarsafninu** á Akureyri. Opnunartími Minjasafnins er frá 10-17 alla daga.

☐ Ókeypis aðgangur er að öllum sýningum **Byggðasafns Hafnafjarðar** í tilefni af **Íslenska safnadeginum**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Ásdís vann gull í Svíþjóð

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir vann í gær til gullverðlauna á Gautaborgarleikunum í frjálsum íþróttum er hún kastaði spjótinu 52,10 metra. Fleiri Íslendingar voru meðal þátttakenda en Einar Daði Lárusson vann keppni í 300 metra grindahlaupi og setti um leið Íslandsmet.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ GRÉTARI HJARTARSYNI

KR er... flottasti klúbburinn.

KR eða Grindavík? KR.

Skora eitt eða leggja upp tvö? Skora eitt.

Björgólfur, Rógvi eða Garðar? Skiptir engu máli.

Teitur Þórðarson er... góður þjálfari.

Voru morgunæfingarnar óþarfar? Nei.

Hvað er að framherjunum hjá KR? Þeir skora engin mörk!

Hvernig gastu klúðrað færinu á móti FH? Úff... ég hef engin svör.

Í hvaða sæti lendir KR í deildinni? 2. sæti.

Hverjir verða Íslandsmeistarar? Mér sýnist það ætla að vera FH.

Besti leikmaður deildarinnar? Kristján Finnbogason á góðum degi.

Erfiðasti andstæðingur? Ætli það sé ekki ég sjálfur.

Saknarðu hársins? Já, ég er að safna.

Ítalía eða Frakkland? Ítalía.

Zidane eða Ronaldinho? Ronaldinho.

Besti leikmaður heims? Ronaldinho, ekki spurning.

> Erfitt verk bíður Keflvíkinga

Keflvíkingar taka á móti norska liðinu Lillestrøm á heimavelli sínum í dag í síðari viðureign liðanna í Intertoto-keppninni í fótbolta. Ljóst er að Keflvíkingar þurfa að eiga sinn allra besta leik til að eiga möguleika til að komast áfram en norska liðið sigraði fyrri leikinn fyrir viku 4-1 og er því mun sigurstranglegra. Að miklu er að keppa því liðið sem fer áfram mun mæta Newcastle í næstu umferð og tryggja sér þar með umtalsverðar fjárhæðir vegna sjónvarpsréttar og góðrar miðasölu. Leikurinn hefst kl. 14 og eru allir hvattir til að mæta og styðja við bakið á Keflvíkingum í þessum mikilvæga leik.

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Hefur staðið sig vel í Skotlandi.

Áskorendamótaröð Evrópu:

Birgir Leifur í 12. sæti

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur úr GKG hefur lokið þremur hringjum af fjórum á móti á Murcar-strandvellinum í Skotlandi sem er hluti af áskorendamótaröð Evrópu. Hann hefur leikið að stærstum hluta mjög vel og stendur í 12.-20 sæti fyrir lokahringinn sem fer fram í dag.

Hann á þó tæpast möguleika á sigri á mótinu en hvert sæti er mikilvægt þar sem verðlaunaféð fer lækkandi eftir því sem neðar er komið á listann. Um síðustu helgi vann hann sér inn dágóða summu á móti á Spáni og gæti nú endurtekið leikinn ef hann heldur haus í dag.

Birgir Leifur lék í gær á einu höggi undir pari vallarins og er samtals þremur undir pari. Hann hefur leikið afar vel, fengið ellefu fugla á mótinu og aðeins fjóra skolla en tvívegis hefur hann náð sér í skramba og það hefur reynst honum dýrkeypt.

Efstu maður mótsins, Sam Walker frá Englandi, lék í gær á sjö höggum undir pari og hefur fjögurra högga forystu á næsta mann. Walker er samtals á tólf undir pari.

- esá

Níu lið í fallbaráttunni

Í 30 ára sögu tíu liða efstu deildar hér á landi hefur stigamunurinn á milli liðsins í öðru og níunda sæti aldrei verið minni en nú þegar mótið er hálfnað. Munurinn var í ár fjögur stig.

Forysta FH á toppi efstu deildar karla í knattspyrnu á sér ekki fordæmi og er ekki útlit fyrir annað en að hún eigi eftir að stækka. Ef svo á ekki að fara þarf eitthvað af hinum liðunum níu að taka af skarið og vinna nokkra leiki í röð, en það hefur gengið heldur illa til þessa þar sem aðeins einu liði fyrir utan FH hefur tekist að vinna meira en tvo leiki í röð.

Það lið er einmitt það sama og var í öðru sæti að níu umferðum loknum, nýliðar Víkings. Það var spútniklið fyrri umferðarinnar en eins og sagan hefur sýnt er það engan veginn búið að forða sér frá falli. Þvert á móti er deildin svo jöfn að liðið sem er í fallsæti, Breiðablik í því níunda, er ekki nema fjórum stigum á eftir Víkingum. Aldrei áður í sögu tíu liða efstu deildar hefur verið jafn lítill munur á liðinu í öðru og níunda sæti að mótinu hálfnuðu – fjögur stig.

Gamla „metið“ var sex stig en slíkur var munurinn á sama tímapunkti árin 2002 og 2004. Tekið skal fram að tíu liða efstu deild var komið á stofn árið 1977 og hefur árangurinn fram til ársins 1984 verið endurreiknaður samkvæmt þriggja stiga reglunni.

Í kvöld mætast Breiðablik, liðið sem er í níunda sæti deildarinnar með tíu stig og Valsmenn sem hafa valdið stuðningsmönnum sínum þó nokkrum vonbrigðum með sín tólf stig eftir frábært gengi síðasta árs. Að lokinni fyrri umferðmótsins í fyrra var Valur í öðru sæti með 21 stig og ÍBV í því níunda með sex og munurinn því fimmtán stig (sem var metjöfnun). Munurinn í deildinni í ár og í fyrra er því í þeim skilningi mjög mikill.

En aðalatriðið er vissulega hvaða lið er í efsta sæti og er engin breyting á því frá síðasta ári. FH-ingar hafa mikla yfirburði í deildinni og hafa til þessa ekki tapað leik á mótinu. Liðið sýnir geysilega mikinn stöðugleika á milli leikja og er það lofsvert vegna þeirra áfalla sem liðið hefur mátt þola undanfarið vegna meiðsla leikmanna. FH er í sérflokki og hin liðin níu í spennandi fallbaráttu.

JAFNT OG SPENNANDI

ÞAU ÁR ÞAR SEM STIGAMUNURINN Á 2. OG 9. SÆTI HEFUR VERIÐ SEM MINNSTUR.

ÁR	2. SÆTI	9. SÆTI	MUNUR
2006	VÍKINGUR (14)	BREIÐABLIK (10)	4
2004	**FH (16)**	**GRINDAVÍK (10)**	**6**
2002	FYLKIR (15)	ÞÓR (9)	6
1979	**ÍBV (15)**	**KA (8)**	**7**

HIN HLIÐIN

ÞAU ÁR ÞAR SEM MUNURINN HEFUR VERIÐ SEM MESTUR

ÁR	2. SÆTI	9. SÆTI	MUNUR
1978	ÍA (21)	FH (9)	15
1996	**ÍA (21)**	**BREIÐABLIK (6)**	**15**
2005	VALUR (21)	ÍBV (6)	15
1977	**VALUR (22)**	**KR (8)**	**14**

NÝLIÐARNIR Víkingur og Breiðablik eru bæði nýliðar í Landsbankadeildinni en þau lið sem voru í 2. og 9. sæti að mótinu hálfnuðu. Munurinn á liðinum er þó ekki nema fjögur stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ÍÞRÓTTALJÓS
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

BARÁTTA Haukur Páll Sigurðsson sést hér reyna að ná til knattarins í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Æfingaleikur í gær:

Þróttur vann Millwall

FÓTBOLTI 1. deildar liðið Þróttur gerði sér lítið fyrir og lagði enska 2. deildar liðið Millwall af velli, 2-0, í leik liðanna á Valbjarnarvelli í gær. Það voru framherjarnir Sinisa Kekic og Magnús Már Lúðvíksson sem gerðu mörk Þróttar en Millwall átti lítið í Þróttara að gera og var sigur íslenska liðsins sanngjarn. Millwall er statt hér á landi í æfingaferð sem er fyrsti liður félagsins í undirbúningnum fyrir komandi leiktíð í Englandi.

Þekktustu leikmenn Millwall, Jody Morris og Barry Hayles, voru hvorugir í byrjunarliðinu í leiknum en Hayles kom inn á í síðari hálfleik og sást lítið. **- vig**

Landsbankadeild kvenna:

Létt hjá Blikum

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Breiðabliks unnu öruggan sigur á Þór/KA í Landsbankadeild kvenna í gær. Leikurinn fór fram fyrir norðan og sigruðu gestirnir með 3-0. Það voru þær Erna Björk Sigurðardóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Edda Garðarsdóttir sem skoruðu mörk Blika.

Breiðablik er sem fyrr í 2. sæti deildarinnar, þremur stigum á eftir toppliði Vals sem á þó leik til góða. **- vig**

Marcello Lippi, þjálfari ítalska landsliðsins:

Tapið gegn Íslandi sýndi mér hvað þurfti að gera

FÓTBOLTI Það skyldi þó ekki vera að það hafi verið Íslendingar sem stýrðu ítalska landsliðinu á brautina sem á endanum varð til þess að liðið náði heimsmeistaratign? Sú er samt einmitt raunin ef Ítalir leggja Frakka að velli í Berlín í kvöld því eftir því sem þjálfarinn Marcello Lippi sagði við ítalska fjölmiðla í gær var það eftir vináttuleikinn gegn Íslandi, á Laugardalsvelli þann 18. ágúst árið 2004, sem hann gerði sér grein fyrir því verki sem var framundan. Leikurinn var sá fyrsti sem Ítalir léku undir stjórn Lippi og endaði hann með 2-0 sigri Íslands, eins og frægt er orðið.

„Þetta kvöld vorum við niðurlægðir af Íslendingum,“ sagði Lippi í gær. „Það var þá sem ég áttaði mig á því sem þurfti að gera,“ bætti þjálfarinn við. Umræddur leikur gegn Íslendingum er sá eini sem ítalska liðið hefur tapað undir stjórn Lippi í 25 leikjum. Eins og margir muna þá voru það Gylfi Einarsson og Eiður Smári Guðjohnsen sem skoruðu mörk Íslands fyrir framan 20.204 áhorfendur á Laugardalsvellinum.

Þegar horft er um öxl má sjá að það eru ávallt einhver tengsl á milli Íslendinga og heimsmeistaranna hverju sinni. Árin 1994 og 2002, þegar Brasilía varð heimsmeistari, lék liðið æfingaleik gegn Íslendingum rétt fyrir HM og sigraði örugglega, og árið 1998 léku Frakkar sinn fyrsta leik sem heimsmeistarar gegn Íslandi á Laugardalsvellinum, þar sem leikar enduðu 1-1.

Tengslin, þó fjarlæg séu, eru svo sannarlega til staðar og þó að mörgum kunni að þykja það nokkuð langsótt má halda því fram að það yrði „eftir bókinni“ ef Ítalir yrðu krýndir heimsmeistarar í kvöld. Sú kenning fær síðan byr undir báða vængi þegar helsta áhersluatriði Lippis í viðtali við íslenska fjölmiðla eftir leikinn fyrir tveimur árum er rifjað upp. Þá endaði Lippi á því að segja: „Fall er fararheill.“ **- vig**

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Byrjunarliðið sem mætti ítalska landsliðinu í æfingaleik þann 18. ágúst 2004. Á minni myndinni sést Eiður Smári Guðjohnsen skora annað mark Íslands án þess að Gianluigi Buffon komi nokkrum vörnum við. Marco Materazzi, annar leikmaður Ítala á HM, reynir að ná til boltans en er einfaldlega of seinn.

Lið Ítala gegn Íslandi:

Átta sem eru í HM-hópnum

FÓTBOLTI Eftir tapið gegn Íslendingum 2004 voru ítalskir fjölmiðlar duglegir við að afsaka sig með því að minna á að Marcello Lippi hefði hvílt helstu stjörnur liðsins og leyft efnilegum og óreyndum leikmönnum landsins að spreyta sig á svo ómerkilegum leikmannahópi. Þegar hins vegar er horft til baka má sjá að sjö byrjunarliðsmenn Ítala í umræddum leik geta orðið heimsmeistarar í kvöld. Þetta eru þeir Gianluigi Buffon, Massimo Oddo, Gianluca Zambrotta, Simeone Perrotta, Alessandro Nesta, Marco Materazzi og Gennaro Gattuso. Þeir hafa fengið á sig eitt mark á HM en áttu engin svör gegn íslenska landsliðinu á sínum tíma.

Alls tóku átta leikmenn úr HM-hópi Ítala þátt í leiknum gegn Íslandi. Sá eini ónefndi er Luca Toni, sem nú er aðalsóknarmaður Ítalíu, en hann lék sinn fyrsta landsleik þegar hann kom inn á gegn Íslandi á 55. mínútu. **- vig**

NÝTT LÓGÓ Merki HM 2010 sem kynnt var í fyrradag þykir einstaklega vel heppnað.
NORDIC PHOTOS/AFP

Mikið um dýrðir í Berlín:

Keppnin afhent Suður-Afríku

FÓTBOLTI Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu var formlega afhent Suður-Afríku í Berlín í fyrradag við formlega athöfn þó svo að ekki sé búið að leika til þrautar í Þýskalandi. Mikið var um dýrðir í Berlín við þetta tilefni enda Suður-Afríkumenn gríðarlega spenntir fyrir keppninni. Mun næstu fjögur árin mæða mikið á undirbúnings- og skipulagsnefnd keppninnar en keppnin, sem nú er að ljúka í Þýskalandi, þótti heppnast afar vel.

Lucas Radebe, fyrrverandi landsliðsmaður Suður-Afríku, var viss um að sínir menn yrðu klárir í slaginn. „Við verðum tilbúin. Það er mikilvægt að tryggja öryggi allra þannig að öllum líði vel og ég er handviss um að skipulagið muni ganga upp."

Margir heimamenn hafa þó áhyggjur af sínu landsliði sem tókst ekki að tryggja sér þátttökurétt í Þýskalandi og hefur almennt séð gengið illa undanfarin misseri. Meðal annars tapaði liðið illa hér á Íslandi í vináttulandsleik í fyrra, 4-1. **- esá**

DÝRT BROT Wayne Rooney missir af næstu tveimur leikjum Englands fyrir þetta brot.
NORDIC PHOTOS/AFP

Wayne Rooney:

Tveggja leikja bann og sekt

FÓTBOLTI Wayne Rooney hefur verið dæmdur í tveggja leikja bann og sektaður um 340 þúsund krónur af FIFA fyrir rauða spjaldið sem hann fékk í leik Englands og Portúgals. Rooney traðkaði á Ricardo Carvalho og var í kjölfarið vikið af velli. Hann mun því missa af leikjum Englands gegn Andorra og Makedóníu í undankeppni EM 2008.

Rooney hefur haldið því fram að hann hafi ekki ætlað sér að traðka á Carvalho og að Portúgalinn hafi einfaldlega lent undir sér. Í kjölfarið var ekkert mark skorað í leiknum og Portúgalar unnu í vítaspyrnukeppni. **- esá**

Cufre og Rodriguez:

Fengu báðir bann og sekt

FÓTBOLTI Argentínumennirnir Leandro Cufre og Maxi Rodriguez hafa báðir verið dæmdir í leikbann og sektaðir af FIFA fyrir þeirra þátt í uppþotinu sem átti sér stað eftir leik Argentínu og Þýskalands í fjórðungsúrslitum HM.

Cufre, sem var varamaður í leiknum, fékk fjögurra leikja bann og 680 þúsund króna sekt fyrir að sparka í klof Per Mertesacker, þýska varnarmannsins. Refsing Rodriguez var helmingi vægari en honum var gefið að sök að hafa veitt hnefahögg. **- esá**

Adidas hafði betur gegn Nike á HM

Íþróttavöruframleiðandinn Adidas hafði betur í samkeppninni við erkióvininn Nike á HM. Bæði Þýskaland og Frakkland leika í treyjum frá Adidas en Nike tapaði miklu á að leggja allt sitt traust á Brasilíu.

VIÐSKIPTI Úrslitin á HM í Þýskalandi hafi ekki verið þau hagstæðustu fyrir íþróttavöruframleiðandann Nike, sem ásamt Adidas er markaðsráðandi fyrirtæki í þeim bransa. Risarnir tveir eyddu mörgum árum í að undirbúa markaðsherferð sína í tengslum við HM og er óhætt að segja að þeir hafi farið ólíkar leiðir. Markaðsfræðingar eru sammála um að Adidas sé ótvíræður sigurvegari samkeppninnar, sem opinber styrktaraðili HM og fulltrúi margra af athyglisverðustu liða keppninnar.

Nike eyddi gríðarlegu púðri í markaðsetninguna á brasilísku landsliðstreyjunni, en fyrirtækið hefur um árabil framleitt treyjur liðsins og greitt fyrir það himinháar upphæðir. Að þessu sinni lagði Nike allt sitt traust á að Brasilía yrði heimsmeistari og sá fram á mikla tekjumöguleika í sölu landsliðstreyja í kjölfarið. Fyrirtækið gerði auk þess samninga við stærstu þjóðirnar í öllum helstu hornum heimsins, til dæmis Bandaríkin, S-Kóreu, Mexíkó og Ástralíu. Þetta var gert til að tryggja örugga treyjusölu úti um allan heim á svæðum þar sem fólksfjöldinn er mjög mikill.

SÁTTUR Herbert Heiner, stjórnarformaður Adidas, sést hér kynna keppnisboltann á HM, „Liðsandann," ásamt Franz Beckenbauer, forseta undirbúningsnefndar HM í Þýskalandi.
NORDICPHOTOS/AFP

VEL HEPPNUÐ HERFERÐ Stærsta herferð Adidas fyrir HM snerist um tvo stráka sem völdu sér draumalið allra tíma, þar sem leikmenn eins og Franz Beckenbauer og Michael Platini koma við sögu. Herferðin þykir hafa heppnast einstaklega vel.

Á sama tíma eyddi Adidas mestum pening í hlutverk sitt sem opinber styrkaraðili HM og sá fyrirtækið meðal annars um þróun keppnisboltans í keppninni. Boltinn, sem nefndur er „Liðsandinn", hefur fengið mikla athygli og þó hún hafi verið neikvæð á köflum telja markaðsfræðingar að umræðan um boltann hafi verið gríðarlega góð auglýsing fyrir Adidas. Að auki veðjaði fyrirtækið á réttan hest með því að framleiða treyjur fyrir Frakkland og Þýskaland, sem bæði komust í undanúrslit keppninnar auk þess sem Frakkar eiga úrslitaleikinn eftir. Þá er Adidas einnig framleiðandi fyrir Spán og Argentínu, tvö af skemmtilegustu liðum HM.

HM í Þýskalandi hefur einnig reynst happadrjúg fyrir Puma en það framleiðir treyjur Ítalíu, sem spilað hefur einstaklega vel og komið er í úrslitin, og Fílabeinsstrandarinnar, sem vakti verðskuldaða athygli í riðlakeppninni og svo fór að treyjur liðsins rokseldust.

Portúgal er aftur á móti eina liðið sem komst í undanúrslit undir merkjum Nike, en liðið þykir hafa spilað fremur leiðinlegan fótbolta auk þess að beita leikaraskap af miklum móð, fótboltaáhugamönnum til mikillar mæðu. Afhroð Brasilíu kemur sér þó langverst fyrir Nike en fyrir þann samning þarf íþróttavöruframleiðandinn að greiða tæpan milljarð króna á ári.

LIÐIN SEM GÁTU EKKI NEITT Fulltrúar þjóðanna sem klæðast treyjum frá Nike sjást hér stilla sér upp áður en HM hófst. Flest liðin gátu ekkert í keppninni.
NORDICPHOTOS/AFP

Hvað einstaka leikmenn varðar þá er ljóst að Nike veðjaði einnig á rangan hest þar. Leikmennirnir sem kosta mest, Wayne Rooney og Ronaldinho, vilja líklega gleyma HM í Þýskalandi sem fyrst og reyndust alls ekki góð auglýsing fyrir Nike. Nærvera Thierry Henry í úrslitaleiknum er þó huggun harmi, en þess ber að geta að hann mun klæðast Adidas-treyju Frakka auk þess þetta verður í síðasta sinn sem Henry klæðist skóm frá Nike, en hann hefur gert risasamning við Reebok. Helsta stjarna mótsins, Zinedine Zidane, er hins vegar klæddur Adidas frá toppi til táar og fari svo að hann verði valinn besti leikmaður mótsins mun herferð Adidas verða fullkomnuð. **- vig**

Heimild: Guardian og fleiri



Ítalía

GIANLUIGI BUFFON, 28 ÁRA 9

Hefur um árabil verið í hópi allra bestu markmanna heims og hefur heldur betur staðið undir nafni á HM. Hefur aðeins fengið eitt mark á sig og er eini markvörður mótsins sem tilnefndur hefur verið sem besti leikmaður HM.

GIANLUCA ZAMBROTTA - 29 ÁRA 9

Einn mikilvægasti leikmaður ítalska liðsins. Hefur sannað sig endanlega á HM sem einn allra besti bakvörður heims, mjög sókndjarfur en jafnframt öflugur varnarmaður. Í miklu uppáhaldi hjá þjálfarnum Marcello Lippi.

FABIO CANNAVARO - 32 ÁRA 10

Fyrirliði og leiðtogi ítalska liðsins. Er mjög smávaxinn (175 sm) af varnarmanni af vera en lítur samt oftast út fyrir að vera risi á velli. Hefur átt frábært mót í Þýskalandi, sérstaklega eftir því sem liðið hefur á, og bindur saman magnaða vörn Ítala.

MARCO MATERAZZI - 32 ÁRA 7

Stór og sterkur miðvörður sem þó býr yfir takmarkaðri reynslu miðað við marga aðra leikmenn ítalska liðsins. Frábær skallamaður sem er mikil ógn í föstum leikatriðum en á það til að gera mistök.

FABIO GROSSO - 28 ÁRA 8

Uppgötvun HM í Þýskalandi, að margra mati. Hefur nýtt tækifærið frábærlega í liði Ítala og átt sannkallaða stórleiki á síðari stigum keppninnar og skoraði m.a. fyrra markið eftirminnilega gegn Þjóðverjum. Svo til þindarlaus bakvörður en heldur reynslulítill.

MAURO CAMORANESI - 29 ÁRA 8

Lítill og snaggaralegur vængmaður sem minnir um margt á Indiána í útliti. Camoranesi er mjög lunkinn með boltann, gefur góðar sendingar og getur skotið vel á markið en hann á það til að týnast í leikjum auk þess sem hann er takmarkaður varnarmaður.

ANDREA PIRLO - 27 ÁRA 9

Leikstjórnandi ítalska liðsins. Hefur spilað hreint stórkostlega á köflum í keppninni og er upphafsmaðurinn á bakvið flestar álitlegustu sóknir liðsins. Einn af 10 leikmönnum sem koma til greina sem besti leikmaður HM.

GENNARO GATTUSO - 28 ÁRA 8

Hið fullkomna mótvægi við Pirlo, að því er margir halda fram. Annálaður baráttuhundur sem gefur sig allan í leikinn og gefst aldrei upp. Sér um skítverkin á miðjunni og brýtur á bak sóknir andstæðinganna.

SIMONE PEROTTA - 28 ÁRA 7

Leikmaður sem fer ekki mikið fyrir inni á velli en skilar alltaf sínu. Baráttujaxl sem þjálfarinn Lippi hefur tröllatrú á, enda komið við sögu í öllum leikjum Ítala á HM til þessa.

FRANCESCO TOTTI - 29 ÁRA 8

Hefur verið heldur óstöðugur á mótinu, sýnt mögnuð tilþrif á köflum en týnst þess á milli. Engu að síður magnaður leikmaður sem Lippi segist hafa mikið álit á. Spurning um leikformið, því það hefur augljóslega verið betra.

LUCA TONI - 29 ÁRA 8

Lék sinn fyrsta landsleik gegn Íslendingum á Laugardalsvellinum 18. ágúst 2004 og hefur á tæpum tveimur árum fest sig í sessi sem sóknarmaður nr. 1 hjá ítalska liðinu. Magnaður markaskorari sem þó hefur ekki alveg fundið sig á HM.

SAMTALS 91

BIKARINN OG BOLTARNIR Styttan sem alla fótboltamenn veraldar dreymir um að lyfta er stórglæsileg. Hér er hún ásamt boltunum sem notaðir eru á HM, til vinstri er boltinn sem notaður var í riðlakeppninni en hægra megin er sérhannaður „gullbolti" sem notast verður við í úrslitaleiknum.

Síðasti landsleikurinn hjá mörgum leikmönnum

Mánaðarlöng fótboltaveisla í Þýskalandi mun formlega taka enda í Berlín í kvöld þegar nýir heimsmeistarar í fótbolta verða krýndir. Tvær af risaþjóðum Evrópu, Frakkland og Ítalía, munu kljást um þennan æðsta titil knattspyrnunnar.

FÓTBOLTI „Mér finnst HM í Þýskalandi hafa staðið undir nafni og áhorfendur hafa fengið að sjá marga skemmtilega leiki. Úrslitaleikurinn mun samt alltaf vera hápunkturinn og ég held að hann muni standast væntingar. Ég hef á tilfinningunni að skemmtilegur úrslitaleikur sé í vændum," segir brasilíska goðsögnin Pele, einn besti leikmaður sögunnar.

Úrslitaleikur Ítala og Frakka í kvöld er áhugaverður fyrir margra hluta sakir, ekki síst vegna alls þess fjölda leikmanna sem mun væntanlega leika sinn síðasta landsleik á ferlinum. Zinedine Zidane leikur sinn allra síðasta leik í kvöld og en leikmenn eins og Claude Makelele og Lilian Thuram hafa opinberlega lýst því yfir að landsleikjaskónum verði lagðir á hilluna eftir HM. Ekki er ólíklegt að fleiri fylgi þeirra fordæmi, eins og t.d. markvörðurinn Fabian Barthez.

Það sama er uppi á teningnum hjá ítalska liðinu. Flestir leikmanna liðsins eru komnir á síðari hluta ferilsins og gætu freistast til að hætta með landsliðinu fari svo að þeir sigri í stærstu fótboltakeppni heims. Fabio Cannavaro, Francesco Totti, Allesandro Del Piero og Fillipo Inzaghi eru á meðal þeirra sem í þeim hópi eru.

EINN SÁ BESTI Í SÖGUNNI Zinedine sést hér bregða á leik með Silvain Wiltord á æfingu franska liðsins í gær. Á minni myndinni sést ítalska liðið á æfingu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Augu flestra beinast þó að áðurnefndum Zidane, sem nánast örugglega mun verða krýndur leikmaður mótsins ef Frakkar verða meistarar. Verði það raunin er ekki ólíklegt að nafn Zidane, besta leikmanns síðustu tveggja áratuga að mati Marcellos Lippi hjá Ítalíu, verði nefnt í sömu andrá og nöfn örfárra útvaldra leikmanna sem hafa sett mark sitt á knattspyrnusögunna svo um munar, leikmenn eins og Maradona, Pele, Franz Beckenbauer, Johan Cruyff og Alfredo di Stefano.

Úrslitaleikur HM 2006

Júlí 9

Ítalía		Frakkland
Leiðin í úrslitin		**Leiðin í úrslitin**
Riðlakeppnin		**Riðlakeppnin**
Ghana	2-0	Sviss 0-0
Bandaríkin	1-1	S-Kórea 1-1
Tékkland	2-0	Tógó 2-0
16-liða úrslit		**16-liða úrslit**
Ástralía	1-0	Spánn 2-1
8-liða úrslit		**8-liða úrslit**
Úkraína	3-0	Brasilía 1-0
Undanúrslit		**Undanúrslit**
Þýskaland	2-0	Portúgal 1-0

Innbyrðis viðureignir þjóðanna

Unnið 17 Jafntefli 8 Unnið 7

Síðustu leikir þjóðanna

2000	Ítalía	2-1	Frakkland	*Rotterdam*
1998	Ítalía	0-0*	Frakkland	*Paris*
1997	Ítalía	2-2	Frakkland	*Paris*

Frammistaða liðanna á HM (meðaltal í leik)

	Ítalía	Frakkland
Mörk	1.83	1.33
Skot	7.50	5.00
Á mark		
Sendingar	354	335
Heppnaðar		
Fyrirgjafir	5.67	4.67
Heppnaðar		
Tæklingar	24.8	27.3
Unnar		
Brot	14.8	16.8
Mörk fengin á sig	0.17	0.33

*Frakkland vann 4-3 í vítakeppni

Tímasetning marka: 2 mörk í framl.

Tímasetning marka

Saga Ítalíu á HM

Ár	S	J	T	
1930	-	-	-	
1934	5	1	1	*1. s.*
1938	4	0	0	*1. s.*
1950	1	0	1	
1954	1	0	2	
1958	-	-	-	
1962	1	1	1	
1966	1	0	2	
1970	3	2	1	*2. s.*
1974	1	1	1	
1978	4	1	2	*2. s.*
1982	4	3	0	*1. s*
1986	1	2	1	
1990	6	0	1	*2. s.*
1994	4	1	2	*2. s.*
1998	3	1	1	
2002	1	1	2	
Alls	**40**	**14**	**18**	

Mörk skoruð: 111
Mörk fengin á sig: 67

Saga Frakklands á HM

	S	J	T	
1930	1	0	2	
1934	0	0	1	
1938	1	0	1	
1950	-	-	-	
1954	1	0	1	
1958	3	0	2	*3. s.*
1962	-	-	-	
1966	0	1	2	
1970	-	-	-	
1974	-	-	-	
1978	1	0	2	
1982	3	1	3	*4. s.*
1986	5	1	1	*3. s.*
1990	-	-	-	
1994	-	-	-	
1998	7	0	0	*1. s.*
2002	0	1	2	
Alls	**22**	**4**	**17**	

Mörk skoruð: 86
Mörk fengin á sig: 61

FRAMMISTAÐA EINSTAKRA LEIKMANNA

Markvarsla (Varin skot)		Vörn (Tæklingar)		Miðja (Sendingar)	
Buffon *Ítalía*	23	Gattuso *Ítalía*	21	Pirlo *Ítalía*	405
Barthez *Frakkl.*	13	Vieira *Frakkland*	19	Gattuso *Ítalía*	292
		Cannavaro *Ítalía*	16	Makelele *Frakkland*	266
		Abidal, Thuram	12 *Frakkland*	Zidane *Frakkl.*	244

Þjálfari: *Marcello Lippi*
MARK: Peruzzi, Amelia
VÖRN: Zaccardo, Barzagli, Nesta, Oddo
MIÐJA: De Rossi, Barone
SÓKN: Del Piero, Gilardino, Iaquinta, Inzaghi

Þjálfari: *Raymond Domenech*
MARK: Landreau, Coupet
VÖRN: Boumsong, Silvestre, Givet, Chimbonda
MIÐJA: Dhorasoo, Diarra
SÓKN: Wiltord, Govou, Trezeguet, Saha
(Í leikbanni)

Sókn (Fyrirgjafir)		Sókn(Skot á mark)		Sókn (Mörk)	
Pirlo *Ítalía*	10	Totti *Ítalía*	11	Henry *Frakkland*	3
Malouda *Frakkland*	9	Henry *Frakkland*	11	Totti *Ítalía*	2
Totti *Ítalía*	7	Toni *Ítalía*	9	Vieira *Frakkland*	2
Zidane *Frakkl.*	6	Ribery	4 *Frakkland*	Zidane *Frakkland*	2

ÓLYMPÍULEIKVANGURINN Í BERLÍN

Hannaður af arkitektinum Werner March og byggður sérstaklega fyrir ÓL í Þýskalandi árið 1936. Endurnýjaður 2000-2004.

Bandaríski frjálsíþróttamaðurinn Jesse Owens vann fjögur gullverðlaun á hinum svokölluðu "Nasista-leikum," sem fram fóru í Berlín.

© GRAPHIC NEWS

Frakland

FABIAN BARTHEZ - 35 ÁRA 8

Öldungurinn sem hefur enn ekki gert glórulausu mistökin sem allir hafa verið að bíða eftir. Hefur í raun staðið sig með afbrigðum vel á HM og svarað þannig gagnrýnisröddum á bestan hátt. Gríðarlega reynslumikill og þekkir af eigin raun hvernig það er að standa á milli stanganna í úrslitaleik HM.

WILLY SAGNOL - 29 ÁRA 8

Mjög frambærilegur bakvörður sem býr yfir jöfnum hæfileikum í vörn og sókn. Hefur spilað hverja einustu mínútu fyrir Frakka það sem af er HM og staðið sig mjög vel.

LILIAN THURAM - 34 ÁRA 9

Einn elsti leikmaður franska liðsins en hefur spilað eins og unglingur á HM og sannað að hann hefur engu gleymt. Leikgleðin hjá honum skín í gegn og ljóst að hann vill ekkert meira en að enda landsliðsferilinn með heimsmeistaratitlinum. Frábær gegn Portúgal í undanúrslitunum.

WILLIAM GALLAS - 28 ÁRA 9

Hefur ekki verið síðri en Thuram í keppninni. Varnarmaður sem hefur allt; hraða, tækni, leikskilning, skallatækni. Getur spilað allar stöður í öftustu varnarlínu og þ.a.l. draumur allra þjálfara.

ERIC ABIDAL - 29 ÁRA 8

Fyrirfram talinn veiki hlekkurinn í liði Frakka en hefur sannarlega ekki valdið vonbrigðum á HM. Sókndjarfur og lunkinn bakvörður sem hefur með frammistöðu sinni í Þýskalandi skapað sér nafn í alþjóðlegum fótbolta.

FRANK RIBERY - 23 ÁRA 8

Einn eftirminnilegasti leikmaður HM í Þýskalandi og oft nefndur arftaki Zidanes í franska liðinu. Frábær leikmaður sem á aðeins eftir að verða betri með árunum og mun líklega ekki dvelja lengi í herbúðum Marseille eftir frammistöðuna á HM.

CLAUDE MAKELELE - 33 ÁRA 9

Líkt og hjá Chelsea hefur hann sinnt sínu hlutverki sem brimbrjótur á miðju franska liðsins nánast óaðfinnanlega. Að mörgu leyti þriðji og fjórði miðvörður franska liðsins ásamt Vieira og martröð allra sóknarþenkjandi miðjumanna. Mun líklega fá það hlutverk að hafa gætur á Francesco Totti í úrslitaleiknum.

PATRICK VIEIRA - 30 ÁRA 9

Hefur vaxið mikið eftir því sem liðið hefur á HM, rétt eins og aðrir liðsfélagar hans. Hefur beitt stórhættulegum og óvæntum hlaupum inn í teig andstæðinganna og það hefur skilað honum tveimur mörkum og tveimur stoðsendingum.

ZINEDINE ZIDANE - 34 ÁRA 10

Hvað er hægt að segja um þennan mann? Hefur rækilega minnt á sig með því að spila eins og engill í síðustu leikjum og óumdeilanlega verið maðurinn á bakvið velgengni Frakka á HM. Með því að lyfta heimsmeistarabikarnum í lok síðasta leik ferilsins kemst hann sjálfkrafa í fámennan flokk helstu goðsagna knattspyrnusögunnar ásamt Maradona, Pele, Cruyff og örfáum fleirum.

FLORENT MALOUDA - 26 ÁRA 6

Hefur verið að spila í helstu vandræðastöðu franska liðsins, vinstri kantinum. Hefur spilað nægilega vel til að halda sæti sínu í liðinu stærstan hluta keppninnar en er reynslulítill og ekki haft sig mikið frammi hingað til.

THIERRY HENRY - 28 ÁRA 10

Allir sem fylgjast með fótbolta vita að Henry hefur ekki spilað eins og hann getur best á HM en fáir, ef nokkur, býr yfir jafn miklum hæfileikum til að klára leiki upp á eigin spýtur. Gæti reynst ómetanlegur í úrslitaleiknum.

SAMTALS 94

UM EINKUNNAGJÖFINA

1-5: Hvað er þessi maður að gera á HM?
6: Veiki hlekkurinn í liðinu.
7: Traustur leikmaður sem skilar sínu.
8: Góður leikmaður og mikilvægur liðinu.
9: Frábær leikmaður í alla staði.
10: Algjörlega ómissandi, í sérklassa.

ALLT KLÁRT Ólympíuleikvangurinn í Berlín er stórkostlegt mannvirki eins og sést vel á þessari mynd. Efst á myndinni má sjá fjölmörg hvít tjöld en þar hafa fjölmiðlar sína aðstöðu. 72 þúsund manns verða á vellinum í kvöld en að sjálfsögðu er löngu uppselt á leikinn.

NORDICPHOTOS/AFP

Ítalir telja það vera lykilatriði að stöðva Zinedine Zidane í leiknum í kvöld:

Gattuso á að taka Zidane úr umferð

FÓTBOLTI Það mun koma í hlut miðjumannsins og baráttujaxlsins Gennaro Gattuso hjá AC Milan að stöðva fyrirliða og leikstjórnanda Frakka, Zinedine Zidane, í úrslitaleiknum í kvöld. Zidane hefur leikið frábærlega á síðari stigum keppninnar og fundu leikmenn Spánar, Brasilíu og Portúgals engin ráð til að stöðva hinn 34 ára gamla snilling.

Marco Materazzi, varnarmaður ítalska liðsins, var spurður að því á blaðamannafundi í gær hvernig leikmenn hygðust stöðva Zidane. „Hann verður ekki vandamál," sagði Materazzi umbúðalaust og bætti við: „Við höfum Gattuso. Hann stöðvar Zidane. Sjáið þið bara til."

GENNARO GATTUSO Fær það verðuga verkefni að stöðva Zinedine Zidane í leiknum í kvöld. Gattuso segist klár í verkefnið.

NORDICPHOTOS/AFP

Gattuso gat ekki annað en brosað þegar hann var spurður út í þessi ummæli Materazzi. „Já, hann kann að setja pressu á samherja sína," sagði Gattuso og hló. Spurður um hvort hann myndi skipta á hæfileikum sínum við hæfileika Zidane sagði Gattuso svo ekki vera, hann sætti sig við þá hæfileika sem guð gaf honum. „Hann hefur ótrúlega tækni en það er sitthvað sem ég held að ég hafi fram yfir hann. Zidane hefur spilað mikið á HM og er orðinn nokkuð gamall. Kannski verður hann þreyttur," sagði Gattuso.

Marcello Lippi, þjálfari Ítala, hefur mikið álit á Zidane og segir lykilatriði að stöðva hann, ætli Ítalía sér sigur. „Hann er í sínu besta formi og þess vegna hefur franska liðið náð svona langt. Zidane er stórkostlegur, líklega besti leikmaður sem uppi hefur verið síðustu tuttugu árin," segir Lippi. **- vig**

Marcello Lippi:

Hungrið ræður

FÓTBOLTI Marcello Lippi, þjálfari Ítala, segir að það lið sem sé hungraðra í Heimsmeistaratitilinn muni bera sigur úr býtum í leiknum í kvöld. Lippi segir að þegar í úrslitaleik HM sé komið skipti taktík og gæði einstakra leikmanna minna máli, það sé fyrst og fremst hugarfarið sem verði að vera í lagi.

„Ég fer fram á að leikmenn mínir gefi allt sem þeir eigi," sagði Lippi við fréttamenn í gær. Sá gráhærði er staðráðinn í að ná fram sigri og tók það skýrt fram að tap væri óásættanlegt. „Hversu oft fær maður tækifæri til að verða heimsmeistari? Við verðum að vera öskufúlir út í sjálfa okkur ef við töpum," sagði Lippi. **- vig**

Liðin í úrslitunum:

Fá ekki að æfa á vellinum

FÓTBOLTI Hvorki franska né ítalska liðið fengu að æfa á Ólympíuleikvanginum í Berlín í gær þar sem völlurinn þykir vera orðinn ansi tæpur eftir miklar rigningar í höfuðborginni undanfarna daga.

Að sögn Andreas Herren, talsmanns FIFA, verður allt gert til að hafa grasið á vellinum í sem bestu ásigkomulagi þegar leikurinn hefst, en líkur voru taldar á því að grasið myndi skemmast töluvert ef liðin fengju að æfa á því. „Það er rigningin sem neyðir okkur til að taka þessa ákvörðun," sagði Herren. **- vig**

RAYMOND DOMENECH Segir ítölsku leikmennina ekki vera í betra formi en lærisveinar sínir. NORDICPHOTOS/AFP

Raymond Domenech:

Þeir gömlu verða tilbúnir

FÓTBOLTI Raymond Domenech, þjálfari franska landsliðsins, segir að elstu leikmennirnir í franska liðinu verði tilbúnir í slaginn gegn Ítölum í kvöld og búnir að hrista úr sér þreytuna eftir undanúrslitaleikinn gegn Portúgal á miðvikudaginn. Domenech var gagnrýndur harkalega fyrir að velja marga leikmenn komna yfir þrítugt á HM en það eru fyrst og fremst þeir sem hafa komið franska liðinu alla leið í úrslitin.

„Fyrir mér, þá eru þetta ekki gamlir leikmenn. Þótt þeir séu þrjátíu eða 35 ára æfa þeir jafn mikið og aðrir. Í úrslitaleik HM yfirvinnur trú alla þreytu," segir Domenech. „Luis Figo er á sama aldri og Zidane. Hann var mjög góður gegn okkur í síðustu viku. Ég er ekki sá eini sem velur gamla leikmenn."

Domenech bað franska fjölmiðla að endingu að hafa engar áhyggjur af líkamlegu standi leikmanna sinna. „Á sex mánuðum er hægt að búast við því að leikmenn á þessum aldri muni eiga við vandamál að stríða en ekki þegar leiknir eru sjö leikir á einum mánuði. Það er fullkomlega eðlilegt að vera þreyttur eftir undanúrslitaleik. Við verðum búnir að ná okkur í tæka tíð." **- vig**

GOTT FÓLK McCANN

Sirrý fær til sín áhugavert fólk sem segir frá deginum sem hafði varanleg áhrif á líf þess. Í hverjum þætti greinir einn viðmælandi frá örlagadeginum sínum á hispurslausan og innilegan hátt.

Þrátt fyrir að hafa siglt um heimsins höf átti Unnur Jökulsdóttir ekki von á því að hún myndi, einstæð á fimmtugsaldri, ættleiða dóttur frá Kína. Alda Áslaug er ljósið í lífi hennar og saman ferðast þær um landið í leit að álfum og huldufólki. Sirrý heimsótti fjölskylduna í skógarparadís og við sjáum einnig myndband frá fyrstu samverustund mæðgnanna í Kína.

ÖRLAGADAGUR UNNAR JÖKULSDÓTTUR

Misstu ekki af Sirrý og einstökum mæðgum á NFS og Stöð 2 í kvöld kl. 19.10 – í opinni dagskrá.

Endursýndur á NFS á þriðjudags- og föstudagskvöldum kl. 20.10 og á Stöð 2 á laugardögum kl. 16.55.

NFS digital ísland VÍSIR VEF TV Skjárinn Breiðband Símans

ZINEDINE ZIDANE Þakkar guði eftir að hafa skorað úr vítaspyrnu í undanúrslitaleiknum gegn Portúgal. NORDICPHOTOS/AFP

Zinedine Zidane:

Erum tilbúnir að deyja fyrir sigur

FÓTBOLTI Zinedine Zidane, fyrirliði franska landsliðsins, segir að leikmenn þess séu tilbúnir að deyja fyrir Frakkland til að vinna úrslitaleikinn gegn Ítölum í kvöld. Eins og kunnugt er mun þessi magnaði leikmaður spila sinn síðasta leik á ferlinum í kvöld og kemur ekkert nema sigur til greina.

„Ég hef horft yfir hópinn okkar og sé það að hver einn og einasti er tilbúinn að leggja allt sitt í sölurnar svo að við vinnum þennan leik. Við myndum deyja fyrir Frakkland ef því væri að skipta," segir Zidane, sem er sjálfstraustið uppmálað. „Það var magnað að verða heimsmeistari fyrir átta árum heima í Frakklandi. Ég skoraði tvisvar gegn Brasilíu en það sem skiptir máli er að við unnum. Ég er alveg á því að þetta lið mun gera það sama núna," sagði Zidane, og bætti því við að árangurinn á HM í Þýskalandi væri vonum framar.

„Það er skrítið að hugsa til þess að minn síðasti leikur er sjálfur úrslitaleikurinn á HM. Ég ætla að hætta sem heimsmeistari, það er alveg á hreinu," segir hann. - vig

Marcel Desailly:

Ítalir hafa ekki spilað vel á HM

FÓTBOLTI Marcel Desailly, fyrrverandi landsliðsmaður Frakka og heimsmeistari með liðinu 1998, segir að Ítalir eigi alls ekki skilið að vera komnir í úrslitaleik HM. Ítalska liðið sé í raun afar heppið með að hafa náð svo langt þar sem það hefur aðeins spilað 75 mínútur af góðum fótbolta, í síðari hálfleik og í framlengingu gegn Þjóðverjum í undanúrslitunum. Þetta segir hann í pistli sem hann skrifaði fyrir BBC-fréttastofuna í Bretlandi.

„Ítalir eru með baráttulið sem hefur komist í úrslit á viljanum. Liðið hefur alls ekki spilað vel en það nýtir færin og spilar öfluga vörn," segir Desailly og bætir því við að ef Ítalir skori snemma gæti franska liðið verið í vondum málum. „Ítalir eru meistarar í að halda fengnum hlut en aukinheldur gæti leikurinn orðinn hundleiðinlegur á að horfa ef Ítalirnir skora fyrst. - vig

Dómsmálaráðherra Ítalíu:

Sakaruppgjöf til leikmanna

FÓTBOLTI Clemente Mastella, dómsmálaráðherra Ítalíu, lét hafa eftir sér í gær að rætt væri um að falla frá öllum ákærum á hendur Juventus, AC Milan, Lazio og Fiorentina, liðunum sem sem koma við sögu í réttarhöldunum sem nú fara fram í Ítalíu, til að verðlauna þá leikmenn liðanna sem eiga þátt í árangri landsliðs þjóðarinnar á HM. Mastella tók það skýrt fram að ríkisstjórnin á Ítalíu hefði ekki vald til þess að skipta sér af réttarhöldunum, þetta væri aðeins hans persónulega álit og líklega margra annara.

„Er sanngjarnt að Cannavaro, Del Piero og allir aðrir sem hafa lagt sitt af mörkum á HM þurfi hugsanlega að spila í C-deildinni á næstu leiktíð? Mér finnst það ekki. Réttast væri að veita þeim sakaruppgjöf," sagði Mastella. - vig

ÞJÓÐHETJA Þjálfarinn Jurgen Klinsmann þykir hafa unnið þrekvirki með því að stýra hinu unga og efnilega þýska liði til bronsverðlauna á HM. Sigur Þjóðverja á Portúgölum í gær var verðskuldaður. NORDICPHOTOS/AFP

Hönnun boltans tryggði Þjóðverjum þriðja sætið

Þýskaland tryggði sér bronsið á HM í gærkvöldi með 3-1 sigri á Portúgal. HM-boltinn, sem hefur verið mikið gagnrýndur í keppninni, gerði leikmönnum Portúgals lífið leitt og réðu þeir ekkert við stefnubreytingar hans.

FÓTBOLTI Bronsleikurinn á HM í gær, oft nefndur sárabótarleikurinn, reyndist verða hinn athyglisverðasti þar sem hann sannaði að sú gagnrýni sem beinst hefur að keppnisboltanum sem notast er við á HM, „Liðsandinn," á fullan rétt á sér. Þjóðverjar unnu sannfærandi 3-1 sigur á Portúgölum, en hefði keppnisboltinn verið eins og þeir eru flestir er alls ekki víst að þýska liðið hefði skorað nokkurt mark í leiknum.

Bastian Schweinsteiger kom Þýskalandi yfir á 56. mínútu með föstu skoti af um tuttugu metra færi og við fyrstu sýn virtist sem

LOKSINS, LOKSINS Bastian Schweinsteiger hafði ekki náð að sýna sínar bestu hliðar á HM fyrr en í leiknum um bronsið í gær. Schweinsteiger skoraði tvö glæsileg mörk og átti stóran þátt í því þriðja. Hér fagnar hann þriðja marki sínu. NORDICPHOTOS/AFP

BÚIÐ SPIL Luis Figo og Oliver Kahn léku sína síðustu landsleiki í gær og virtust bara vera nokkuð sáttir með það eftir leikinn. NORDICPHOTOS/AFP

Richardo í marki Portúgals hefði gert mistök, þar sem skotið var svo til beint á hann. Í endursýningu sást hins vegar að boltinn sveigðist fram og til baka, sem má að öllu leyti rekja til umrædds hönnunargalla, sem gerði Richardo nánast ókleift að hafa hendur á boltanum.

Annað markið kom fimm mínútum síðar og átti Schweinsteiger einnig stóran þátt í því. Hann tók þá aukaspyrnu vinstra megin við vítateig Portúgala og hafði augljóslega lært af reynslunni frá því í fyrra markinu. Hann lét einfaldlega vaða á markið og aftur breytti boltinn mikið um stefnu áður en hann hrökk af Petit, miðjumanni Portúgala, og þaðan í netið.

Schweinsteiger kórónaði síðan stórleik sinn á 78. mínútu með því að skora sitt annað mark, þrumuskot af 25 metra færi, sem hafnaði í horninu. Að þessu sinni hafði boltinn lítið að segja, skotið var einfaldlega frábært og kom Richardo engum vörnum við. Nuno Gomez minnkaði muninn fyrir Portúgala á 88. mínútu en lokasprettur þeirra kom allt of seint og sigur Þjóðverja því staðreynd.

Venja er að bronsleikurinn á HM sé skemmtilegur á að horfa og var leikurinn í gær engin undantekning. Bæði lið lögðu áherslu á sóknarleikinn og fyrir vikið varð leikurinn opinn og hraður, sérstaklega í síðari hálfleik. Þjóðverjar höfðu þó undirtökin stærstan hluta leiksins og verðskulduðu sigurinn.

Luis Figo lék sinn 127. landsleik og þann allra síðasta fyrir Portúgal þegar hann kom inn á í leiknum í gær og það sama á við um Oliver Kahn hjá Þýskalandi, sem stóð á milli stanganna hjá heimamönnum og átti mjög góðan leik. - vig

GIANLUIGI BUFFON Hefur verið magnaður á HM í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Gianluigi Buffon:

64 mínútum frá meti Zenga

FÓTBOLTI Markvörður Ítalíu, hinn magnaði Gianluca Buffon, segir að árangur liðsins á HM sé langt framar vonum því fyrir fram hafi ekki verið reiknað með því að ítalska liðið væri einfaldlega nægilega gott til þess að geta náð alla leið í úrslitaleikinn á HM.

„Þegar þessi hópur kom saman í maí átti ég ekki von á því að við mundum fara alla leið í úrslitaleikinn. Við höfðum ekki staðið okkur vel í síðustu stórmótum 2002 og 2004. Ég er alveg viss um að fáir hefðu veðjað á okkur í úrslitaleikinn þegar þetta mót byrjaði," segir Buffon, en hann mun slá sextán ára gamalt met á HM með því að halda hreinu í úrslitaleiknum. Alls hefur Buffon haldið hreinu í 453 mínúutur, eða allt frá því að hann fékk á sig mark í leik gegn Bandaríkjunum í riðlakeppninni, en metið á Ítalinn Walter Zenga sem hélt hreinu í 517 mínútur á HM á Ítalíu árið 1990.

„Auðvitað vil ég slá þetta met en það skiptir öllu máli að sigra leikinn. Þannig að ef ég fengi á mig mark þá skipti það mig engu máli svo framarlega sem við skoruðum tvö," sagði Buffon. - vig

LeBron James:

Framlengir við Cleveland

KÖRFUBOLTI Stuðningsmenn Cleveland Cavaliers vörpuðu öndinni léttar í gær þegar félagið gaf það út að ungstirnið LeBron James hefði samþykkt að framlengja samning sinn um fimm ár. James fær fyrir vikið um áttatíu milljónir dollara í laun á samningstímanum, en áður höfðu þeir Dwyane Wade og Carmelo Anthony úr 2003 árgangi nýliða samþykkt hliðstæða samninga hjá liðum sínum. LeBron var einn allra besti leikmaður NBA-deildarinnar í vetur og er talinn sá efnilegasti sem upp hefur komið í körfuboltanum í Bandaríkjunum í áratugi.

James undirritar nýja samninginn formlega á miðvikudaginn en þess má geta að þetta er nánast aðeins brot af þeim upphæðum sem hinir ýmsu auglýsingasamningar færa LeBron James. - vig

Meistaramótum golfklúbbanna lauk í gær:

Magnús og Nína Björk sigruðu í Mosfellsbæ

GOLF Í gær kláruðust á flestum vígstöðum meistaramót golfklúbbanna í karla- og kvennaflokki. Helst báru til tíðinda yfirburðir Magnúsar Lárussonar í golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ, en hann hafði betur í baráttunni gegn Sigurpáli Geiri Sveinssyni sem hefur spilað vel í sumar.

Magnús setti vallarmet á öðrum keppnisdegi er hann lék á 66 höggum og hélt þeirri sex högga forystu sem hann náði þá á Sigurpál allt til loka. Magnús lék á samtals fimm höggum undir pari en Sigurpáll á þremur yfir. Nína Björk Geirsdóttir hafði mikla yfirburði í kvennaflokki og sigraði með fjórtán högga forystu á Helgu Rut Svanbergsdóttur.

Ólöf María Jónsdóttir atvinnukylfingur varð að láta í minni pokann fyrir Tinnu Jóhannsdóttir í Keili en hún lék hringina fjóra á 307 höggum, sex fleiri en Tinna. Þórdís Geirsdóttir varð að hætta keppni vegna veikinda í gær.

Í karlaflokki var mikil spenna en Björgvin Sigurbergsson og Auðunn Einarsson voru jafnir að loknum hringjunum fjórum og þurftu því að fara í þriggja holu bráðabana. Enn var jafnt eftir hann en svo fór að Auðunn hafði betur á fjórðu holuni og sigraði þar með á mótinu.

Ragnhildur Sigurðardóttir sigraði í meistaraflokki kvenna hjá GR á 306 höggum og með fjögurra högga forystu á Önnu Lísu Jóhannsdóttur.

Í GKG unnu þau Sigmundur Einar Másson og Eygló Myrra Óskarsdóttir sína flokka og á Ísafirði vann Kristinn Kristjánsson meistaraflokk karla. Guðmundur Rúnar Hallgrímsson vann ótrúlegan sigur í GS er hann náði upp fimm högga forystu Davíðs Jónssonar á lokahringnum og gott betur því Guðmundur vann með tveggja högga forystu. - esá

SIGURVEGARAR Í KILI Magnús Lárusson og Nína Björk Geirsdóttir, Mosfellingar, höfðu mikla yfirburði á meistaramóti Kjalar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

OWEN OG ERIKSSON Michael Owen er ekki sáttur. NORDIC PHOTOS/AFP

Michael Owen:

Rooney var einmana

FÓTBOLTI Michael Owen gagnrýndi í gær Sven-Göran Eriksson í sjónvarpsviðtali og kom hún nokkuð á óvart þar sem Owen hefur þótt vera einn af "drengjunum" hans Sven. Hann sagði til að mynda að rauða spjaldið sem Wayne Rooney fékk gegn Portúgal hefði stafað af gremju eftir að hafa leikið einn í framlínu Englands í 60 mínútur. "Það er mjög pirrandi að gegna þessu hlutverki," sagði Owen. "Wayne er með betri framherjum heimsins og að láta hann spila einan frammi er eins og að skera aðra löppina af honum."

Owen sagði að England hefði verið með besta leikmannahópinn á HM og því svekkjandi að detta út í fjórðungsúrslitum. "Við misstum af frábæru tækifæri." **- esá**

Úr öskunni í eldinn?

Adrian Mutu til Fiorentina

FÓTBOLTI Rúmenski knattspyrnumaðurinn Adrian Mutu hefur verið seldur frá Juventus til Fiorentina en bæði lið leika í ítölsku úrvalsdeildinni. Mutu, sem áður fyrr lék með Chelsea, gæti þó verið að fara úr öskunni í eldinn þar sem bæði lið hafa verið ákærð vegna spillingar og eiga það bæði á hættu að vera dæmd í neðri deild.

Engu að síður eru forráðamenn Fiorentina brattir og hafa auk Mutu samið við Alessandro Potenza, leikmann Inter, og Michele Pazienza frá Udinese. **- esá**

CAMPBELL FER Sol Campbell bregður hér á leik með Wayne Rooney. NORDIC PHOTOS/AFP

Sol Campbell:

Fer frá Arsenal

FÓTBOLTI Sol Campbell hefur komið knattspyrnuheiminum á óvart með yfirlýsingu sinni um að hann vilji yfirgefa Arsenal og takast á við "nýja áskorun." Campbell gekk til liðs við félagið árið 2001 og hefur unnið fimm stóra titla á þeim tíma.

"Ég kveð félagið stoltur en með þeirri löngun að takaast á við eitthvað nýtt og ferskt," sagði Campbell. Stjóri liðsins, Arsene Wenger, sagðist virða ákvörðun Campbell en Wenger hefur verið þekktur fyrir að bjóða leikmönnum sem komnir eru yfir þrítugt aðeins eins árs samninga. "Sol hefur verið risi í sögu félagsins og við sjáum mikið á eftir honum." **- esá**

Frækinn sigur Mauresmo

Amelie Mauresmo varð í gær fyrsti sigurvegari Frakka í keppni einliðaleiks kvenna á Wimbledon-mótinu í tennis í 81 ár. Hún vann Justine Henin-Hardenne í spennandi úrslitaviðureign eftir að hafa tapað fyrsta settinu.

TENNIS ¿Ég vildi svo mikið vinna þennan titil í dag og ég vildi ekki heyra meira tal um hvort að ég verði taugaóstyrk eða ekki,¿ sagði Mauresmo sem hefur ekki staðið sig vel á fjóru stórmótunum þrátt fyrir að vera óumdeilanlega ein af besti tenniskonum heims. Hennar fyrsti sigur kom á opna ástralska meistaramótinu í vetur þar sem hún bar sigurorð af Justine Henin-Hardenne frá Belgíu í úrslitaviðureigninni. Hún endurtók leikinn í gær og vann, 2-6, 6-3 og 6-4.

Mauresmo tapaði fyrsta settinu á aðeins 31 mínútu í gær og var allt útlit fyrir að sú belgíska ætlaði loksins að fagna sigri á Wimbledon en hún hefur unnið öll hin þrjú stórmótin á sínum ferli. En Mauresmo lét ekki slá sig af laginu og vann næsta sett sannfærandi eftir að Henin-Hardenne gerði röð mistaka í sínum leik. Þar með komst Mauresmo á bragðið og komst 4-1 yfir í oddasettinu. Hún reyndar gloprði niður gullnu tækifæri til að komast í 5-1 er hún setti boltann í netið úr kjörinni stöðu. Henin-Hardenne barðist áfram og minnkaði forskotið í 4-3 en Mauresmo hélt haus og vann að lokum, 6-4.

SÆTUR SIGUR Amelie Mauresmo fagnaði sigri sínum á Wimbledon vel og innilega. NORDIC PHOTOS/AFP

¿Ég get ekkert sagt við þessu. Hún var betri í dag og tók áhættur sem borgaði sig,¿ sagði Henin-Hardenne. ¿Ég er þreytt eftir að hafa unnið opna franska og í Eastbourne en þetta hafa verið skemmtilegar vikur og ég naut mín í dag þrátt fyrir allt.¿

En það var Mauresmo sem var kona dagsins. ¿Þessi titill er svo sérstakur í tennisheiminum og tilfinningin er stórkostleg.¿

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

NADAL VANN SÍÐAST Rafael Nadal vann Federer í úrslitum opna franska meistaramótsins í síðasta mánuði. NORDIC PHOTOS/AFP

Úrslit karla á Wimbledon:

Fjórði sigur Federer í röð?

TENNIS Í dag mætast Roger Federer og Rafael Nadal, tveir bestu tennisspilarar heimsins, í úrslitum einliðaleiks karla á Wimbledon-mótinu í tennis. Federer hefur unnið síðustu þrjú árin og gæti bætt þeim fjórða við í dag. Nadal hefur hins vegar aldrei unnið Wimbledon-mótið á ferlinum en hefur unnið opna franska meistaramótið síðastliðin tvö ár. Í ár vann hann Federer í úrslitum en í undanúrslitum árið áður.

Federer þykir nú þegar einn besti tennisspilari sögunnar og hann þykir hafa mikla yfirburði á grasvelli en Nadal hefur verið ósigrandi á leir undanfarið. Samkvæmt því ætti Federer að eiga sigurinn vísan en Nadal vill sjálfsagt stöðva sigurgöngu hans. **- esá**



B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I hope you washed your ass this morning, it's about to be kissed by a king."

Svar: Renton úr kvikmyndinni Trainspotting árið 1996.

dagskrá

Í TÆKINU: LISA KUDROW LEIKUR Í FRIENDS Á SIRKUS KL. 19.10

Með BS-gráðu í lífeðlisfræði

Lisa Kudrow fæddist í Kaliforníu 30. júlí 1963. Faðir hennar var lyflæknir og móðir hennar starfaði á ferðaskrifstofu. Lisa spilaði tennis alla skólagöngu sína en hún er einnig mjög góð í billjard. Lisa útskrifaðist úr háskóla með BS gráðu í lífeðlisfræði. Hún stefndi að rannsóknarferli á því sviði og fór til Los Angeles til að vinna með föður sínum.

Eftir kynni sín af grínistanum Jon Lovitz smitaðist hún hins vegar af leiklistarbakteríunni og fór í áheyrnarpróf fyrir spuna- og leikhúshópinn The Groundings. Cynthia Szigeti, þekktur spunakennari, tók Lisu undir sinn verndarvæng og fljótlega varð Lisa fullgildur meðlimur í hópnum.

Fyrsta sjónvarpshlutverk Lisu var í þáttunum Mad About You en þar lék hún gengilbeinuna Úrsúlu. Í

kjölfarið hlaut Lisa eitt aðalhlutverkið í Friends-þáttunum sem slógu svo rækilega í gegn eins og flestir þekkja.

Á fyrsta sýningarári Friends (1994-95) var Lisa tilnefnd til Emmy-verðlaunanna og þremur árum síðar hlaut hún þau verðlaun. Hún hefur einnig verið tilnefnd til Golden Globe, Screen Actors Guild og Amerísku grínverðlaunanna.

Árið 1997 lék Lisa aðalhlutverkið ásamt Óskarsverðlaunahafanum Miru Sorvino í grínmyndinni Romy and Michele's High School Reunion og sló sú mynd rækilega í gegn.

Lisa giftist auglýsingastjóranum Michael Stern árið 1995 og þremur árum síðar eignuðust þau soninn Julian. Fjölskylda býr saman í Los Angeles.

Þrjár bestu myndir Lisu: **Romy and Michele's High School Reunion** - 1997 **The Opposite of Sex** - 1998 **Analyze This** - 1999

21.55 *Drama*

VOZVRASHCHENIYE

20.35 *Gaman*

MONK

21.50 *Drama*

CLUBHOUSE

21.30 *Drama*

BOSTON LEGAL

19.10 *Reynslusögur*

ÖRLAGADAGURINN

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Bubbi byggir (806:813) **8.11** Geirharður bojng bojng (5:26) **8.35** Hopp og hí Sessamí (9:26) **9.01** Stjáni (57:58) **9.25** Sígildar teiknimyndir (20:29) **9.32** Líló & Stitch (40:49) **9.54** Gæludýr úr geimnum (17:26) **10.17** Konstanse (3:6) **10.25** Latibær **10.50** Hlé

14.40 Metanveröld **15.10** Taka tvö (7:10) **16.00** Kóngur um stund (4:12) **16.35** Út og suður **17.05** Vesturálman (10:22) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (10:31) **18.28** Ævintýri Kötu kanínu (9:13)

18.42 **Umhverfis jörðina**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Út og suður (10:16)**
20.00 **Í skugga valdsins (1:2)** (Im Schatten der Macht) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum frá 2003 um Willy Brandt og síðustu daga hans í embætti kanslara. Leikstjóri er Oliver Storz og meðal leikenda eru Michael Mendl, Jürgen Hentsch, Dieter Pfaff, Matthias Brandt og Barbara Rudnik. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
21.30 **Helgarsportið**
▶ **21.55** **Heimkoman** (Vozvrashcheniye) Rússnesk bíómynd frá 2003. Pabbi tveggja unglingsstráka snýr heim eftir 12 ára fjarveru. Leikstjóri er Andrey Zvyagintsev og meðal leikenda eru Vladimir Garin, Ivan Dobronravov, Konstantin Lavronenko og Natalya Vdovina. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.40 Klink & Bank **0.35** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

7.00 Pingu **7.05** Jellies **7.15** Pingu **7.20** Myrkfælnu draugarnir **7.35** Barney **8.00** Stubbarnir **8.25** Noddy **8.35** Könnuðurinn Dóra **9.00** Kalli og Lóla **9.35** Taz-Mania 1 **9.55** Ofurhundurinn **10.20** Kalli litli kanína **10.45** Barnatími Stöðvar 2 **11.10** Sabrina – Unglingsnornin **11.35** Hestaklúbburinn

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.45** Neighbours **13.05** Neighbours **13.25** Neighbours **13.45** Neighbours **14.10** Það var lagið **15.20** Nálægð við náttúruna **16.05** Eldsnöggt með Jóa Fel (6:6) **16.40** Veggfóður (3:20) **17.25** Martha **18.12** Íþróttafréttir

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.10 **Örlagadagurinn (5:12)**
19.45 **Jane Hall's Big Bad Bus Ride (1:6)** (Stórfenglegar strætóferðir Jane Hall) Nýir, frumlegir og dásamlegir breskir dramaþættir þar sem fylgst er með Jane Hall sem er að gera móður sína vitlausa með uppátækjum sínum og kæruleysi. Aðalhlutverk: Ann Mitchell, Sarah Smart, Gillian Taylforth. 2004.
▶ **20.35** **Monk (5:16)** (Mr. Monk Gets Drunk) Monk heimsækir aftur vínhéraðið þar sem hann eyddi hveitibrauðsdögum sínum.
21.20 **Cold Case (16:23)** (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.
22.05 **Twenty Four (23:24)** (24) Stranglega bönnuð börnum.
22.50 **Hollywood Homicide** (Morð í Hollywood) Bönnuð börnum.

0.45 Suspicion (1:2) (Bönnuð börnum) **1.55** Suspicion (2:2) (Bönnuð börnum) **3.10** Scorched **4.45** Monk (5:16) **5.30** Fréttir Stöðvar 2 **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.30 **Fréttir NFS**
19.10 **Friends (10:17) (e)**
19.35 **Friends (11:17) (e)**
20.00 **Bernie Mac (13:22) (e)** (It's Mac-Ademic) Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac.
20.30 **Twins (6:18) (e)** (Model Student)
21.00 **Killer Instinct (6:13) (e)** (Who's Your Daddy) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco. Bönnuð börnum.
▶ **21.50** **Clubhouse (10:11) (e)** (Old Timers' Day) Heitasta ósk Petes Youngs rætist þegar hann fær draumavinnuna sína,sem kylfusveinn hjá hafnaboltaliðinu New York Empires. Fram að þessuhefur Pete verið draumasonurinn á meðan systir hans er uppreisnargjarni unglingurinn á heimilinu.
22.40 **Falcon Beach (5:27) (e)** (Getting To Know You)

23.30 X-Files (e) **0.20** Smallville (8:22) (e)

SKJÁREINN

12.30 Whose Wedding is it anyways? (e) **13.20** Beautiful People (e) **14.10** The O.C. (e) **15.10** The Bachelorette III (e) **16.00** America's Next Top Model V (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Borgin mín (e)

18.30 **Völli Snær (e)** Undrakokkurinn Völundur er áhorfendum SKJÁSEINS ekki að öllu ókunnugur og sumar sýnir SKJÁREINN glænýja þáttaröð um eldamennsku Völundar.
19.00 **Beverly Hills 90210** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
19.45 **Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.
20.30 **Point Pleasant** Yfirnáttúrlegir hlutir gerast þegar Christina Nickson verður reið og hún hefur skrítin áhrif á bæjarbúa.
▶ **21.30** **Boston Legal – lokaþáttur**
22.30 **Wanted** Sérsveit innan lögreglunnar í Los Angeles sem sér um að elta uppi hættulegustu glæpamenn borgarinnar er umfjöllunarefni þessara hörkuspennandi þátta.

23.15 Radio Days **0.35** C.S.I. (e) **1.30** The L Word (e) **2.20** Beverly Hills 90210 (e) **3.05** Melrose Place (e) **3.50** Óstöðvandi tónlist

NFS

10.00 Fréttir **10.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Vikuskammturinn

12.00 Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða **12.25** Pressan **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** Pressan **17.45** Hádegið E **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

18.30 **Kvöldfréttir**
▶ **19.10** **Örlagadagurinn (5:12)** ("Sótti dóttur sína til Kína") Örlagadagur Unnar Jökulsdóttur rithöfundar sem þrátt fyrir að hafa siglt um heimsins höf átti ekki von á því að hún myndi á fimmtugsaldri, einstæð kona, ættleiða dóttur frá Kína.
19.45 **Hádegisviðtalið** (frá föstudegi)
20.00 **Pressan** Viðtalsþáttur í umsjá Róberts Marshalls þar sem tekin verða fyrir heitustu málefni vikunnar úr fréttaheiminum og fjölmiðlum.
21.35 **Vikuskammturinn** Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
22.30 **Kvöldfréttir**

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Maid in Manhattan **8.00** Beautiful Girl **10.00** Greenfingers **12.00** Radio **14.00** Maid in Manhattan **16.00** Beautiful Girl **18.00** Greenfingers **20.00** **Radio** (Útvarp) Einkar hjartfólgin og vel leikin kvikmynd byggð á sönnum atburðum þar sem segir frá einstakri vináttu ruðningsþjálfara og þroskahefts manns sem hafði það hlutverk að vera aðstoðarmaður og lukkudýr liðsins. Aðalhlutverk: Alfre Woodard, Ed Harris, Cuba Gooding Jr.. Leikstjóri: Michael Tollin. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** **The Italian Job** (Ítalska verkefnið) Ævintýraleg og magnþrungin hasarglæpamynd. Charlie Croker lenti illa í því fyrir ári. Hann tók þátt í velheppnuðu ráni en var svo svikinn af félaga sínum um góssið. Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Charlize Theron, Donald Sutherland, Edward Norton. Leikstjóri: F. Gary Gray. 2003. Bönnuð börnum. **0.00** Cheats (Bönnuð börnum) **2.00** Black Cadillac (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Italian Job (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend **13.00** THS Trust Fund Babies **15.00** E! Entertainment Special **16.00** E! Entertainment Special **17.00** Child Star Confidential **17.30** Number One Single **18.00** 10 Ways **18.30** Gone Bad **19.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Sexiest **23.00** 10 Ways **23.30** Gone Bad **0.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

PRESSAN

Róbert Marshall fjallar um pólitísk tíðindi vikunnar alla sunnudaga kl. 12:25.

Endursýnt sunnudaga kl. 16:10 og 20:00

NFS visir VEF TV digital ísland Skjárinn Breiðband Símans

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Jane Hall's Big Bad Bus Ride **Stöð 2** kl. 19.45

Af stórborgar- og strætóævintýrum

Í þessum nýju og frumlegu, bresku dramaþáttum er fylgst með uppreisnagjarnri og rótlausri ungri konu að nafni Jane Hall. Hún er feimin og lánlaus auðnuleysingi sem er alltaf að skipta um vinnu. Eftir að hafa lent í enn einu rifrildi við foreldrana ákveður Jane loks að láta verða að því að flytja að heiman og hefja nýtt líf í stórborginni – Lundúnum. Hún fær vinnu sem strætóbílstjóri, kynnist fólki sem er enn skrítnara en hún og lendir í óborganlegum stórborgarævintýrum. Í aðalhlutverkum eru Ann Mitchell, Sarah Smart og Gillian Taylforth.

HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

Hermann Gunnarsson

Úrslitaleikur

■ Sýn kl. 18 Frakkland - Ítalía
2-2 (Ítalir sigra eftir vítaspyrnukeppni)

Þetta er draumaúrslitaleikur úr því sem komið var. Tvö frábær lið leika til úrslita. Frakkarnir hafa þó komið íviðmeira á óvart í keppninni. Það var eitthvað sem ég reiknaði samt með, því menn vanmátu þá stórlega fyrir keppnina. En eins og ég bjóst við þá tókst þeim að lauma sér inn bakdyramegin og alla leið í úrslitin. Úrslitaleikurinn verður hnífjafn. Leikmenn leika þetta mikilli yfirvegun framan af. En Ítalir koma öllum á óvart og reyna að sprengja leikinn upp undir lokin með leiftrandi sóknarleik sínum sem virkaði svo vel gegn Þjóðverjum. Það þekkja allir sterkan varnarleik Ítalanna en svar þeirra að þessu sinni verður sóknarleikurinn, gegn yfirveguðu og sterku frönsku liði. Leikurinn verður skemmtilegur og ég held mig við að hann fari 2-2, eftir framlengingu. Það verður svo Ítalir sem hafa betur í vítaspyrnukeppninni. Þeir hafa Buffon. Hann er mun sterkari markvörður en Barthez, markvörður Frakka. Það væri vissulega gaman fyrir kónginn Zidane að ljúka ferlinum með því að hampa heimsmeistaratitlinum en ég er hræddur um að hann þurfi að horfa á eftir honum í greipar Ítala.

4 4 2

▶ **20.10**
Uppgjör HM

Sýn besta sætið

8.30 Hápunktar í PGA mótaröðinni **11.00** HM 2006

12.45 HM 2006 **14.30** 2002 FIFA World Cup **16.30** 4 4 2 **17.30** HM stúdíó **17.50** HM 2006 (Ítalía-Frakkland) Bein útsending frá úrslitaleik HM í Þýskalandi

▶ **20.10 4 4 2** HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

22.40 HM 2006 Upptaka frá sjálfum úrslitaleiknum á HM 2006 í Þýskalandi.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Framtíð lýðræðis **10.15** Ást í bókmenntum **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Bryggjuball **14.00** Íslenska einsöngslagið **15.00** Bókmenntir og landafræði **16.08** Veðurfregnir **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **18.28**

Hengirúm og himinblámi **19.00** Hið ómótstæðilega bragð **19.50** Óskastundin **20.35** Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Teygjan **23.00** Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan **16.08** Rokkland **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins

19.00 Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Þvergrip **0.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Valdís Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.00** Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI

GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölnis Elvarssonar og Rósu Svövudóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

HRÓSIÐ

... fær Eyrún Huld Haraldsdóttir fyrir að standa þétt við bakið á unnusta sínum, Magna Ásgeirssyni, meðan á þátttöku hans í Rockstar stendur.

HIN HLIÐIN KRISTINN JAKOBSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI OG KNATTSPYRNUDÓMARI

Ánægður með að vera ekki byrjaður í golfi

Hvað er að frétta? Bara allt ljómandi gott
Augnlitur? Blár
Starf? Framkvæmdastjóri og knattspyrnudómari
Fjölskylduhagir? Vel giftur Hildi Birgisdóttur og á líka Jakob 11 ára og Karen 8 ára.

MEÐ ALLT Á HREINU Uppáhaldskvikmynd Kristins Jakobssonar.

Hvaðan ertu? Kópavogsbúi en fæddur á Selfossi.
Ertu hjátrúarfull/ur? Svona mátulega.
Uppáhaldssjónvarpsþáttur? 4-4-2 og almennir íþróttaþættir
Uppáhaldsútvarpsþáttur? Reykjavík síðdegis.
Uppáhaldsmatur? Nautakjöt.
Fallegasti staður? Lómagnúpur séð frá Dalshöfða.
Ipod eða geislaspilari? Ipod.
Hvað er skemmtilegast? Ferðast með fjölskyldunni.
Hvað er leiðinlegast? Lífið býður ekki upp á neitt svoleiðis.
Helsti veikleiki? Að vera ekki byrjaður í golfi.
Helsti kostur? Að eiga eftir að byrja að spila golf.
Helsta afrek? Að ná í konuna mína og eignast börnin mín.
Mestu vonbrigði? Að verða ekki íslandsmeistari með ÍK.
Hver er draumurinn? Að fá að njóta lífsins með fjölskyldunni.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Mr. Bean, svo er Laddi líka alltaf góður.
Á hvað trúirðu? Lífið og tilveruna.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Óstundvísi og leti.
Uppáhaldskvikmynd? Með allt á hreinu.
Uppáhaldsbók? Biblía dómarns, Knattspyrnulögin.
Hvað er mikilvægast? Að fá að njóta þess að vera lifandi, líka næsta dag.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er jafnan mikil stemning meðal starfsfólks fréttastöðvarinnar NFS á föstudögum. Þá tekur fréttastjórinn Sigmundur Ernir Rúnarsson sig til og verðlaunar þann starfsmann sem hefur staðið sig best þá vikuna. Verðlaunagripurinn sem Sigmundur veitir heitir Haukurinn þó táknið á styttunni sé í raun örn. Meðal þeirra sem hlotið hafa Haukinn eru Þór Jónsson og Gissur Sigurðsson, Elín Sveinsdóttir, eiginkona Sigmundar, Karen Kjartansdóttir, Kristinn Hrafnsson og fjölmargir tæknimenn svo fáeinir séu nefndir.

Tímamót er nýtt nafn á tímariti fanga á Litla-Hrauni en fyrsta tölublaðið undir nýju nafni kom út fyrir helgi. Nóg er af forvitnilegu efni í blaðinu en sérstaka athygli vekur frétt um kór fanga. Þar kemur fram að stjórnandi kórsins er séra Gunnar Björnsson, en hann hefur gegnt því starfi frá stofnun kórsins árið 2004. Sagt er frá því að kórinn hafi í tvígang komið fram opinberlega og er hjartnæm frásögn frá ferð kórsins til Selfosskirkju. „Það mátti sjá glampa og bros á kórfélögum er rútan rann úr hlaði á Litla-Hrauni og til guðsþjónustu ... Eftir að kórinn lauk sér af á guðsþjónustunni á Selfossi stóðu kirkjugestir upp og klöppuðu, við mikinn fögnuð kórfélaga. Stutta stund fengu fganarnir að fá smjörþef af því að vera frjálsir menn, er þeir settust á meðal sóknarbarna og nutu veitinga í sóknarheimili kirkjunnar.“

-hdm

ÓMAR RAGNARSSON: VEKUR ATHYGLI Á NÁTTÚRUVERND

Örkin hans Ómars mun lyftast með flóðinu á Kárahnjúkum

Ómar Ragnarsson hefur margoft vakið athygli fyrir áhugaverð verkefni sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Nýjasta verkefni Ómars er honum afar hugleikið en það hefur fengið nafnið „Áætlun Örkin.“ Markmið verkefnisins er að fjalla eins vel og mögulegt er um þann einstaka atburð þegar hjárennslisgöngunum undir Kárahnjúkastíflu verður lokað og Hjalladalur fyllast af vatni og leðju. Í kringum verkefnið stofnaði Ómar fyrirtækið Hugarflug ehf. og mun hann, tveimur dögum fyrir lokun hjárennslisganganna, hefja kvikmyndatöku á virkjunarsvæðinu, myndirnar hyggst hann senda daglega út á sérstakri heimasíðu Hugmyndaflugs þar til lónið verður fullmyndað.

Til þess að ná sem bestum myndum af atburðinum mun Ómar notast við sína margfrægu flugvél TF-FRÚ en hann hefur einnig keypt tuttugu feta Sómabát sem hefur fengið nafnið Örkin. „Hugmyndin byggir á því sama og í sögunni af Örkinni hans Nóa. Nýtt landslag myndast á hverjum einasta degi og sekkur jafn hratt aftur. Ég er búinn að koma bátnum fyrir þarna uppfrá og hann mun lyftast á flot með flóðinu,“ segir Ómar en báturinn stendur nú tilbúinn niður við bakka Jöklu þar sem Hjalladalur er einna dýpstur.

Verkefni Ómars er mjög veigamikið því auk þess að notast við flugvélina og bátinn þá hefur hann skilið lítinn jeppa eftir á svonefnum Hraukahjalla í Kringilsárrana, en jeppann mun Ómar nota til þess að þjappa flugbraut í snjóinn fyrir flugvélina TF-FRÚ.

„Markmið mitt er að kynna mér vefsíðugerð og hvort hægt sé að fylgjast með á þennan hátt, án þess að maður sé í tengslum við einhvern stóran fjölmiðil og hvort einstaklingur geti staðið að svona stóru verkefni sjálfur,“ segir hann og bætir því við að til greina komi að gera heimildarmynd um atburðinn. Verkefnið er kostnaðarsamt og hefur Ómar borið allan kostnað af því sjálfur, hann segist ekki hafa hugmynd um hvað hann muni gera við Örkina þegar lónið verður fullmyndað. „Ég hafði engin efni á því að kaupa hann en ég varð að gera það. Æti ég reyni ekki að selja hann til þess að hafa upp í hluta af kostnaðinum.“

ÓMAR RAGNARSSON Mun meðal annars notast við flugvélina TF-FRÚ í verkefni sínu „Áætlun Örkin“ sem snýr að því greina sem best frá því þegar Hjalladalur fer undir vatn.

valgeir@frettabladid.is

Styttist í smáskífu Nylon

Fyrsta smáskífa stelpubandsins Nylon, Losing a Friend, kemur út í Bretlandi á mánudaginn kemur. Sveitin hefur verið á kynningarferðalagi um Írland og hafa viðtöl við stelpurnar birst í fjölmiðlum þar í landi. Í kvöld leikur bandið á skemmtistaðnum School Disco sem er afar sérkennilegur staður en gestir staðarins verða að klæðast gömlum breskum skólabúningum til að komast inn.

Lagið Losing a Friend var tekið upp af upptökustjóranum Andy Wright, en hann hefur meðal annars unnið með Simply Red og hefur hlotið Grammyverðlaun.

Lagið var tekið upp í Metropoliz-hljóðverinu í London.

NYLON gerir það gott í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNATAN GRÉTARSSON

sykurlaus
Hunkur Mínus
ÚT UM ALLT Í ALLT SUMAR!
Kjörís
Sykurlaus

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Að drepast úr ástarsorg

Einn kunningi minn er að drepast úr ástarsorg. Bókstaflega. Ég veit að ástarsorg er ekki banvæn í sjálfri sér, en skorpulifur er það.

MIG langar ekki að gera lítið úr fallegum og göfugum tilfinningum eins og sorg eftir ástvinamissi. Auðvitað er djöfullega erfitt að þurfa að endurmeta öll framtíðaráform sín á einu bretti eftir að manneskjan sem var órjúfanlegur hluti af þeim öllum ákveður að hún vilji ekki lengur taka þátt í þeim heldur vilji hún eitthvað annað, eitthvað þar sem ekki er pláss fyrir mann sjálfan. Það er eðlilegt að syrgja allt það fagra sem átti að verða og hefði getað orðið. Það er eðlilegt að vera hnugginn á meðan maður gengur í gegn um slíkt.

EN ÞAR stendur einmitt hnífurinn í kúnni. Það er eðlilegt að ganga í gegn um slíkt. Það er ekki eðlilegt að grafa sig í því, gefast upp og neita að halda áfram með líf sitt. Og að gera sorgina að blóraböggli fyrir eigin aumingjaskap, að nota hana sem afsökun fyrir því að hætta að bera ábyrgð á lífi sínu og drekka sig í hel er beinlínis ljótt.

ÞAÐ sem einkum gerir það ljótt er hrokinn sem það lýsir. Mér finnst það hreinlega móðgandi að þessi kunningi minn virðist vera þeirrar skoðunar að þótt aðrir hafi jafnað sig eftir skilnað geti það ómögulega gerst í hans tilfelli, nánast eins og hann sé fær um að elska á einhvern dýpri hátt en allir aðrir, að aldrei hafi maður elskað konu eins heitt og hann sína fyrrverandi og því sé sorg hans sárari en nokkur fær megnað að skilja. Hann virðist trúa því að sem tilfinningavera sé hann á einhverju æðra plani en restin af mannkyninu.

EN HVAÐ er svo á bak við þessa ástarsorg? Jú, hann vill að þessi kona sé frekar með honum en manninum sem hún er með núna. Auðvitað kjósa konan, nýi maðurinn hennar og allir vinir þeirra frekar núverandi ástand. Sú staðreynd að hann er eina manneskjan í heiminum sem er á bömmer yfir því hvernig málum er háttað gefur honum enga ástæðu til að reyna að breyta því sem hann vill.

ÞAÐ sem í raun fyllir þennan kunningja minn sorg er sem sagt að annað fólk skuli voga sér að láta tilfinningar sínar og ástalíf snúast um annað en að gera honum til hæfis. Hann þjáist í raun aðeins af banvænni frekju og eigingirni undir þunnu lagi af bleikri málningu.

www.icelandexpress.is



Fíton/SÍA

FERÐAVETURINN MIKLI

Forsjálustu ferðalangarnir fá ódýrustu sætin. Bókaðu strax!

Áfangastaðir Iceland Express veturinn 2006–2007
London, Kaupmannahöfn, Frankfurt Hahn, Berlín, Friedrichshafen og Alicante

» Flugáætlun Iceland Express fyrir næsta vetur, allt til 31. mars 2007, er komin í sölu. Ekki bíða með að tryggja þér lægsta fargjald til London, Kaupmannahafnar, Frankfurt Hahn, Berlínar, Friedrichshafen og Alicante næsta vetur. Að hika er sama og tapa.

» Fyrstir bóka, fyrstir fá! Bókaðu á www.icelandexpress.is

Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.****
*Aðra leið með sköttum.
**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

ORMSSON **SMÁRALIND** ER ENGIN VENJULEG VERSLUN

ÓDÝRAR, VANDAÐAR INNRÉTTINGAR – TIL Á LAGER
SETTU ÞAÐ SAMAN

OPIÐ ALLA HELGINA

ERTU AÐ **SKAPA ÞITT DRAUMAHEIMILI**?
KOMDU OG SJÁÐU HVAR **VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ**!

ORMSSON

ORMSSON · SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS